




# UPPLEYST EFNI Í HEITU VATNI

- efnavarmafræðileg túlkun á hegðun þeirra
- jarðhitaleit
- nýtingarvandamál



eftir  
Stefán Arnórsson

**UPPLEYST EFNI I HEITU VATNI**

---

- EFNAVARMAFRÆDILEG TULKUN A HEGÐUN ÞEIRRA
- JARDHITALEIT
- NYTINGARVANDAMÁL

EFNISYFIRLIT:

	bls.
Formáli	1
0. <u>Inngangur</u>	3
0.1 Jafnvægi og efnajöfnur	3
0.2 Sambands styrks og virkni	7
0.3 Útreikningur á jafnvægisstuðum	10
0.4 Innræn suða	14
1. <u>Kísilhiti</u>	17
1.1 Forsendur	17
1.2 Útreikningur á kísilhita á lághitasvæðum	23
1.3 Útreikningur á kísilhita á háhitasvæðum og í gufuborholum	26
1.4 Áhrif blöndunar á kísilhita	30
2. <u>Sýrustig í heitu vatni</u>	34
2.1 Almennt	34
2.2 Áhrif hita á sýrustig	36
2.3 Útreikningur á sýrustigi, þegar heitt vatn blandast köldu	39
2.4 Útreikningur á sýrustigi í djúpvatni á háhitasvæðum út frá samsetningu borholuvatns, gufu og gass.	43
2.5 Útreikningur á sýrustigi í vatni við mismunandi þrýsting mettaðrar vatnsgufu	47
3. <u>Útreikningur á samsetningu djúpvatns     í gufuborholum</u>	52
3.1 Söfnun sýna og útreikningur á varmainnihaldi	52
3.2 Innihald órokgjarnra efna	60
3.3 Innihald rokgjarnra efna	61
3.4 Dreifing rokgjarnra efna milli vatns og gufu við mismunandi þrýsting	63

bls.

4.	<u>Hegðun nokkurra jóna í lausn, sem mynda sölt við útfellingu</u>	66
5.	<u>Skeljun</u>	71
5.1	Kísill	71
5.2	Kalsít	79
6.	Nokkrir punktar, er varða vinnslu- eiginleika borhola á háhitasvæðum	84
	Þakkarorð	91
	Tilvitnanir	92
	Viðauki	

**SKRÁ YFIR MYNDIR:**

<u>Mynd</u>	<u>Heiti</u>
0.1	Efnavarmafræðileg túlkun á ástandi og breytingum í berggrunni jarðhitakerfa.
1.1	Uppleysanleiki kvarts á hitabilinu 25-300°C eftir 3-fasa ferlinum: kvarts-vatn-gufa.
1.2	Uppleysanleiki kalsedóns á hitabilinu 25-160°C eftir 3-fasa ferlinum kalsedón-vatn-gufa.
1.3	Uppleysanleiki ópals á hitabilinu 20-240°C eftir 3-fasa ferlinum: ópal-vatn-gufa.
1.4	Samanburður á uppleysanleika kvarts við mismunandi hita og þrýsting (1) mettaðrar vatnsgufu (2) 1000 atm.
1.5	Gildi á kleyfnistuðli kísilsýru ( $K_{H_4SiO_4}$ ) sem fall af hita.
1.6	Uppleysanleiki kvarts á ferlinum kvarts-vatn-gufa og kísilinnihald í vatni, sem var í jafnvægi við kvarts og hefur soðið innrænt í 100°C.
2.1	Kleyfnistuðull kolsýru( $K_{H_2CO_3}$ ) á hitabilinu 25-300°C.
2.2	Samband suðumarks vatns og þrýstings (dýpis) á hitabilinu 100-325°C.
2.3	Gildi á $A_{H_2S}$ og $A_{CO_2}$ á hitabilinu 100-300°C.
2.4	Kleyfnistuðull brennisteinsvetnis ( $K_{H_2S}$ ) á hitabilinu 25-300°C.
2.5	Kleyfnistuðull bísfíðs ( $K_{HS^-}$ ) á hitabilinu 25-300°C.
2.6	Kleyfnistuðull bíkarbónats ( $K_{HCO_3^-}$ ) á hitabilinu 25-300°C.

<u>Mynd</u>	<u>Heiti</u>
3.1	Þversnið af skilju, notuð við söfnun vatns, gufu og gass, úr gufuborholum.
3.2	Samband varmainnihalds og kísilinnihalds í vatni, sem hefur soðið innrænt í 100°C.
4.1	Uppley sanleiki kalsíts ( $\text{CaCO}_3$ ) á hitabilinu 25-300°C.
4.2	Uppley sanleiki anhydrits ( $\text{CaSO}_4$ ) á hitabilinu 25-300°C.
4.3	Uppley sanleiki flúoríts ( $\text{CaF}_2$ ) á hitabilinu 25-300°C.
5.1	Uppley sanleiki kvars og ópals á hitabilinu 25-300°C og útfellingar kísils.
6.1	Samband þrýstings og dýpis vatnssúlu með hitastigulinn 60°C/km.
6.2	Samband vatnshita, áður en suða hefst og hita/þrýstings kísilútfellinga (ópalmettunar).
6.3	Samband vatnshita, áður en suða hefst og hita/þrýstings ópalmettunar, miðað við $(\text{H}^+)^{10^{-0.3}}$ lægra en $\text{K}_{\text{H}_4\text{SiO}_4}$ .
6.4	Vinnsluferlar H.4 í Námafjalli og H.8 á Reykjanesi.

## FORMÁLI

Undanfarin 4 ár, sem ég hefi starfað á jarðhitadeild Orkustofnunar, hefur nokkur hluti starfsins falið í sér túlkun á efnainnihaldi heits vatns, einkum í gufuborholum á háhitasvæðum. Fyrsta vandamálið við rannsóknir á efnainnihaldi vatns og gufu í borholum á háhitasvæðum er söfnun marktækra sýna. Öll undirstöðuatriði þessa vandamáls höfðu verið leyst, áður en ég hóf starf á Orkustofnun, af Sveinbirni Björnssyni.

Nokkur árangur hefur orðið af starfi mínu, sem kemur að gagni við nýtingu háhitasvæða. Fjöldi mælinga hefur sýnt, að handhægast og langóðýrast er að áætla innstremishita í borholur út frá kísilinnihaldi vatnsins. Þá liggur einnig ljóst fyrir, við hvaða aðstæður kisill og kalsít fellur út í borholur og leiðslur frá þeim, og er auðvelt að hagnýta sér þær niðurstöður vegna nýtingar einstakra hola, vegna útfellinga í varmaskiptum og leiðslum og möguleika á beinni notkun háhitavatns til húshitunar.

Með því að reikna út samsetningu djúpvatns, sem streymir inn í gufuborholur, út frá efnagreiningum sýna, teknum á yfirborði, má fylgjast með breytingum, sem verða á jarðhitakerfinu við vinnslu þess, eins og suðu í bergi og kólnun. Athuganir í Námafjalli hafa staðfest árangur af slíkum ransóknum.

Nauðsynlegt er að afla frekari vitneskju um streymisgerð og suðu í blásandi gufuborholum. Að fenginni slíkri vitneskju, auk rannsókna á efnainnihaldi djúpvatnsins, fullyrði ég hiklaust, að þá fyrst sé unnt að hanna skynsamlega vinnsluborholu á háhitasvæði gagnvart langtíma nýtingu þess. Þessi hönnun felur m.a. í sér, á hvaða dýpi vatnsæðar skulu nýttar og hver vídd og vinnsluþrýstingur holunnar megi vera.

Auk rannsókna á gufuborholum hefi ég fengizt við áætlun á hita í berggrunni út frá kísilinnihaldi í uppsprettum og grunnum borholum, og hver áhrif blöndun kalds grunnvatns við það heita hefur á þessa áætlun.

Meðfylgjandi skýrsla er samantekt á helztu jarðefnarannsóknunum mínum á heitu vatni undanfarin 4 ár, en öll túlkun byggist fyrst og fremst á efnavarmafræði. Skýrslan er hentug sem handbók fyrir alla þá, sem vilja færa sér í nyt þessa túlkun, og lesandanum til hægðaraukningar er hver kafli skýrslunnar sjálfstæður. Skýrslunni fylgja og efnavarmafræðileg gögn, sem túlkunin byggir á. Ekki ber að skoða þessa skýrslu sem lúkningu á jarðefnafræðilegum túlkunum á efnainnihaldi heits vatns. Margt er ógert, en það, sem helzt verður lögð áherzla á í náinni framtíð, er suða í blásandi gufuborholum og eftirlit með háhitasvæðum, sem eru þegar nýtt, og öðrum, sem hefur verið borað í og verða væntanlega nýtt í framtíðinni. Í sambandi við eftirlit með einstökum háhitasvæðum hefi ég og Karl Grönvold unnið að gerð tölvuprógrams til úrvinnslu á niðurstöðum efna-greininga, sem ellegar væri nánast óframkvæmanlegt að gera, vegna þess hve þær eru umfangsmiklar og tímafrekar.

2. ágúst 1973

Stefán Arnórsson.

## 0. INNGANGUR

### 0.1 Jafnvægi og efnajöfnur

Tilgangurinn með ritun efnajafna við túlkun á styrk efna í vatnslausr. og ummyndun bergs er að lýsa því, hvaða efnahvörf valda myndun einstakra ummyndunarsteintegunda eða hvaða efnahvörf ráða styrk einhvers efnis í lausn. Við þessa túlkun verður ætið að vega og meta svörin við síðarnefndum spurningum, og réttmæti túlkunarinnar stendur og fellur með því, að þessum spurningum sé rétt svarað. Þá ber þess að gæta, þótt beiting efnavarmafræði sé í sjálfu sér magnbundin (quantitative), að túlkun með henni er aldrei betri en gildi þess mats, sem varðar jafnvægi, raunveruleg efnahvörf og heildarefnasamsetningu kerfisins. Mestar líkur eru á því, að þetta mat sé rétt, ef saman fer haldgöð þekking á efnavarmafræði og því kerfi, sem verið er að túlka. Ofannefndar spurningar eru:

- (1) Ríkir efnajafnvægi í því kerfi, sem verið er að túlka?
- (2) Lýsa þær jöfnur, sem ritaðar eru og túlkunin grundvallast á, raunverulegri breytingu, sem verður í kerfinu?
- (3) Eru einstakir efnaþættir (chemical components), sem efnajafnan samanstendur af, hinir einu, sem skipta málí fyrir þær breytingar á kerfinu, sem túlkunin tekur til?



Nú skulu þessar spurningar ræddar nánar. Spurningin um efnajafnvægi er algert undirstöðuatriði fyrir túlkun á efnahvörfum í öllum kerfum, þar sem efnavarmafræði (chemical thermodynamics) er beitt. Ef jafnvægi ríkir ekki í einhverju kerfi, er tilgangslaust að ætla sér að nota efnavarmafræði til túlkunar á gögnum úr því kerfi. Ríki aftur á móti jafnvægi, veitir hin efnavarmafræðilega túlkun margvislegar og magnbundnar (quantitative) upplýsingar um kerfið, skýrir bæði ástand þess og segir, hverjar breytingar eigi sér

stað og muni eiga sér stað. Þau gögn, sem efnarmafræðin byggir á, eru alla jafna fengin með tilraunum og leiðir af sjálfur sér, að hin magnbundna túlkun verður aldrei betri en gögnin frá tilraununum, sem túlkunin byggir á. Kerfi, eins og jarðhiti í berggrunni, eru ákaflega flókin. Í vatninu eru uppleyst mörg frumefni, þótt yfirleitt séu ekki fleiri en 9, sem gera mestan hluta þessara uppleystu efna (Si, Na, K, Ca, Mg, C, S, Cl, F). Í berginu, sem vatnið leikur um, eru fjölmargar steintegundir, bæði upprunalegar steintegundir bergsins, sem eru að eyðast og ummyndunarsteintegundir, sem eru að myndast við það að falla út úr vatninu. Þessar ummyndunarsteintegundir eru gjarnan 10-20 í hverju jarðhitakerfi. Auðsætt er, að vonlaust er að lýsa ástandi og breytingum svo flókins kerfis með fáum efnajöfnum. Möguleikarnir á túlkun kerfisins byggjast raunverulega á því, að ástand þess og breytingar ákvarðist af mörgum tiltölulega einföldum efnahvörfum, sem hafa ekki áhrif á hvert annað, sem neinu máli skiptir. Nú er það svo, að beinar athuganir á kerfinu sjálfu hafa rennt stoðum undir það, að um sé að ræða mörg tiltölulegá einföld og sjálfstæð efnahvörf í hverju kerfi, sem lýsa því að nokkru og jafnvægi kemst auðveldlega á fyrir sum þeirra, en treglegar fyrir önnur, allt eftir aðstæðum. Í sambandi við hinar "beinu athuganir" er komið að mikilvægum hlekk í lokaðri keðju efnarmafræðilegrar túlkunar, sem skýrð er á mynd 0.1. Segja má, að keðjan samanstandi af þremur hlekkjum, en á bak við hvern þeirra liggur mikil gagnasöfnun. Fyrsti hlekkurinn er túlkun á efnahvörfum milli efna, sem eru uppleyst í vatninu. Annar hlekkurinn felur í sér túlkun á því, hvaða steintegundir hafa slikan uppleysanleika, að hann skýri styrk efnanna, sem finnast í lausninni. Þriðji og síðasti hlekkurinn tekur til rannsókna á þeim ummyndunarsteintegundum, sem finnast í berginu. Ef þessar steintegundir eru hinar sömu og efnarmafræðin gerði ráð fyrir til að skýra styrk efnanna í lausn, er það talið sönnun þess, að efnajafnvægi ríki

í kerfinu og grundvallarforsenda efnavarmafræði túlkunarinnar því gild.

Því fer fjarri, að unnt sé að setja fram einfaldar reglur um, hversu einstök, einföld efnahvörf í flóknu kerfi séu sjálfstæð. Þó má gera ráð fyrir því, að í söltu vatni verði hlutirnir flóknir, en tiltölulega einfaldir, þegar lítið er um uppleyst efni í vatninu, eins og algengast er fyrir háhita- sem lághitavatn hér á landi.

Nú skulu rædd örfá efnajafnvægi. Uppleystur kísill getur verið í jafnvægi við kvars, kalsedón eða ópal.



Viðtæk reynsla sýnir, að það er fyrst og fremst háð ytri aðstæðum, hvert jafnvægjanna kemst á, og skiptir hiti mestu máli. Jafnvægi við kalsedón er meta-stöðugt (meta-stable), miðað við jafnvægi við kvars og jafnvægi við ópal er meta-stöðugt gagnvart kalsedón-jafnvægi og því einnig gagnvart kvarts-jafnvægi. Þá er það og þekkt, að tilvera annarra steintegunda í bergeninu og hár styrkur uppleystra efna hefur hverfandi áhrif á efnajafnvægin. Hér er því um að ræða góð dæmi um einföld efnahvörf, sem eru sjálfstæð í flóknum kerfum og breytast ekki, þótt heildarefnasamsetning kerfanna breytist.

Hlutfall natriums og kaliums í vatni er háð efnahvörfum við ýmsar steintegundir. Oftast er það þó svo, að í hverju kerfi er aðeins um að ræða jafnvægi við eina steintegund og hvaða steintegund myndast er háð heildarsamsetningu bergsins og heildarsamsetningu vatnsins, sem ummyndar bergið.

Ef bergið er kalíauðugt (súrt berg), myndast gjarnan kalífeldspat eða múskóvit; í basísku bergi aftur á móti albít og/eða montmorillonít. Efnajafnvægi milli natriúms og kalíums í vatni og steintegunda í bergenú er því gott dæmi þess, að hverju sinni gilda tiltölulega einfaldar efnajöfnur í flóknu kerfi, en hverjar þessar jöfnur eru, er komið undir heildarefnasamsetningu kerfisins.

Gagnvart spurningu 3 á bls. 3 um einstaka efnabætti (chemical components) verður aðeins stiklað á stóru, aðallega með dæmum.

Það er vel þekkt, að brennisteinn í vatni er jafnan skráður sem súlfat annars vegar og sem súlfíð hins vegar. Eru líka notaðar efnagreiningaraðferðir, sem mæla brennistein sem súlfat og sem súlfíð. En þetta felur ekki í sér, að þar með sé allur brennisteinn í vatninu mældur og ekki sé uppleystur brennisteinn í öðru formi, t.d. sem einstök óhlaðin brennisteinsmólekúl. Ef eingöngu er hugsað um mæld efni og efnasambönd við ritun efnajafna og túlkun þeirra, kemst maður aldrei á rétt spor að skilja kerfið, ef önnur efnasambönd eru til staðar, sem skipta máli. Vandamál af þessu tagi á sérstaklega við um mjög salt vatn, þegar algengar katjónir í lausn taka að mynda komplexa og mólekúl við klóríð og jafnvel önnur efni. Á þetta líka við um sporefni í vatni, þótt styrkur uppleystra efna sé lítill. Má nefna járn, en í vatni hérlendis getur járn myndað eftirtalda komplexa og jónir:  $\text{Fe}^{+2}$ ,  $\text{Fe(OH)}^+$ ,  $\text{Fe(OH)}_2$ ,  $\text{Fe}^{+3}$ ,  $\text{Fe(OH)}^{+2}$ ,  $\text{Fe(OH)}_2^+$ ,  $\text{Fe(OH)}_3$ . Þegar járn er mælt í vatni, eru allar algengar aðferðir þannig, að þær ákvarða heildarjárn, án tillits til á hvaða formi járnið er í lausn. Væri gert ráð fyrir því, að allt járnið væri sem  $\text{Fe}^{+2}$  og á þeim grundvelli rituð jafna, t.d.  $\text{Fe}^{+2} + \text{S}^{--} = \text{FeS}$ , kæmi aldrei annað en vitleysa út úr túlkuninni. Sama máli gildir einnig um mólýbden, vanadium og germanium, en þessi efni mynda anjóna komplexa í basísku vatni, hliðstæðum bíkarbónati og karbónati. Í súrri lausn koma aftur til ýmsar katjónir.

Í því háhita- og lághitavatni, sem algengast er hér á landi og inniheldur tiltölulega lítið af uppleystum efnum, munu algengar katjónir (Na, K, Ca, Mg) vera óbundnar og vera til staðar sem einstakar, eingildar og tvígildar jónir í lausn. Sama gildir um klór og flúor. Þá mun kísilsýra vera á forminu  $H_4SiO_4$  og kolefni sem  $CO_2 \cdot H_2O$ ,  $HCO_3^-$  og  $CO_3^{--}$  og brennisteinn að mestu sem  $H_2S$ ,  $HS^-$  og  $SO_4^{--}$ . Einnig er örlítið af brennisteininum sem  $S^{--}$  og líklega hluti sem einstök mólekúl af brennisteini. Oxunarstig heits vatns samsvarar a.m.k. því oxunarstigi, sem ákveðst af jafnvægi milli  $H_2S$  og S (brennisteinsmólekúla).

Algengast mun vera, að efnajafnvægi ríki ekki nema að takmörkuðu leyti í jarðvegi og allra efsta hluta jarðskorpunnar. Jarðhitakerfi eru þó meginundantekningin, en þar eiga sér stað margar breytingar til nálgunar jafnvægis. Segja mætti, að jarðhitakerfi sé staður eða kerfi efst í jarðskorpunni, þar sem góð nálgun er á efnajafnvægi milli steintegunda og vatnslausnar í holum og glufum bergsins.

## 0.2 Samband styrks og virkni

Í þessum kafla verður eingöngu fjallað um vatnslausnir. Það er jafnan svo, að þegar efni er ákvarðað í vatni, þá er mældur styrkur (concentration) þess, en við alla útreikninga á efnajafnvægjum milli efna í lausn og við steintegundir kemur virkni í stað styrks (activity). Samband styrks og virkni er sýnt í jöfnu (0.4).

$$\text{Styrkur} = \gamma \cdot \text{virkni} \quad (0.4)$$

$\gamma$  er svokallaður virknistuðull (activity coefficient). Styrkur er jafnan táknaður með hornklofa, en virkni með sviga, þegar efnajöfnur eru ritaðar. Varmafræðileg túlkun á jafnvægjum í lausn og við steintegundir felur í sér

eilífa umbreytingu á mældum styrk efna í virkni. Oft er það svo, að þessi umbreyting felur í sér skekkjur, sem koma fram í túlkuninni. Er það vegna þess, að umbreytingin er byggð á hugsuðu (ideal) kerfi, en hið náttúrulega kerfi, sem verið er að túlka, nálgast það meira eða minna. Garrels og Christ (1965) fjalla allítarlega um samband styrks og virkni.

Eðli uppleysts efnis í vatni er háð styrk þessa uppleysta efnis og áhrifum annarra uppleystra efna. Eftir því sem styrkur uppleysts efnis og/eða efna eykst, verður fjarlægðin milli einstakra jóna eða mólekúla minni, svo að áhrif þeirra á milli aukast. Virknistuðull er mælikvarði á þessi áhrif. Almennt má segja, að aukinn styrkur örvi myndun mólekúla og komplexra jóna.

Í svokölluðum hugsuðum lausnum (ideal solutions) er virknistuðull = 1 við staðlaðar aðstæður. Þá er styrkur ( $N$ ) jafn virkni ( $a$ ), þ.e. áhrif agna af uppleystu efni hver á aðra eru engin. Virknin breytist, ef aðstæður eru ekki staðlaðar og gildir almennt fyrir hugsaða lausn, að

$$a = a^* N \quad (0.6)$$

þar sem  $a^*$  er virknistuðull fyrir hugsaða lausn.

Reynsla hefur sýnt, að virkni nálgast meira og meira að vera í réttu hlutfalli við styrk, þegar styrkurinn nálgast 0.

$$a = \gamma N \quad (0.7)$$

Jafna (0.7) er kölluð Henry's lögmað og er eins og jafna (0.6), nema hvað við kemur stuðlinum. Þegar um er að ræða efni, sem mynda jónir í lausn, þarf að taka tillit til þeirra breytinga á styrk, sem hugsanleg fjölgun agna við jónamynjunina hefur í för með sér, ef Henry's lögmaði skal fullnægt.

Ef við tökum t.d. NaCl, sem myndar  $\text{Na}^+$  og  $\text{Cl}^-$  í lausn, verður Henry's lögmað  $a = kN$ . Stuðullinn k í jöfnu (0.7) er sá sami og  $\gamma$  (virknistuðull) í jöfnu (0.4).

Samanlögðum áhrifum af virkni margra tegunda jóna í lausn er lýst með hugtakinu um jónískan styrk, sem segir, að í þunnum lausnum sé virknistuðull ákveðinna jóna sá sami, ef jóna-styrkurinn er sá sami:

$$I = \frac{1}{2} \sum N_i Z_i^2 \quad (0.8)$$

þar sem  $I$  táknaðar jónískan styrk,  $N_i$  mólstyrk á i-jónum í lausn og  $Z_i$  hleðslu þessara jóna. Til dæmis fyrir 1 Mól lausn af  $\text{MgCl}_2$  er

$$I = \frac{1}{2} (N_{\text{Mg}}^{++} \cdot 2^2 + N_{\text{Cl}^-} \cdot 1^2) = \frac{1}{2} (1 \cdot 4 + 2 \cdot 1) = 3$$

Í jónískum upplausnum minnka elektróstatískir kraftar gagnstætt hlaðinna jóna-virkni þeirra, jafnvel þótt lausnin sé þunn. Debye-Hückel kenningin metur þessi áhrif, eins og sýnt er í jöfnu (0.9)

$$-\log \gamma_i = \frac{Az_i^2 \sqrt{I}}{1 + \alpha_i B \sqrt{I}} \quad (0.9)$$

$I$  og  $Z_i$  tákna það sama og í jöfnu (0.8); A og B eru stuðlar, og er gildi þeirra háð leysinum (hér vatn) og hita.

Gildið á á er háð "effektívu" þvermáli jónarinnar.  $\gamma_i$  táknað virknistuðul á jón i. Gildin á A og B við mismunandi hita er að finna hjá Helgeson (1969) og gildi á á hjá Garrels and Christ (1965). á-gildið er að nokkru háð hita, eins og Helgeson fjallar um. Allmikil vinna er fólgin í útreikningi á  $\gamma$ , ef hiti er breytilegur á því kerfi, sem

túlka skal. Langhentugast er að notfæra sér tölvuúrvinnslu, þegar svo stendur á.

Í stað Debye-Hückel kennigarinnar má nota svokallaða meðaltals seltuaðferð til að finna virknistuðla, ef lausnir eru mjög saltar (Garrels og Christ, 1965). Aðferðin byggir á því, að  $\gamma K^+$  sé jafnt  $\gamma Cl^-$  fyrir allar KCl-lausnir og að KCl sé algerlega klofið, eða

$$\gamma \pm KCl = \gamma K^+ = \gamma Cl^- \quad (0.10)$$

en  $\gamma K^+$  og  $\gamma Cl^-$  er þekkt fyrir mismunandi I. Síðan má finna virknistuðla annarra jóna út frá líkingu (0.10), t.d. fyrir  $Na^+$

$$\gamma \pm NaCl = ((\gamma Na^+) (\gamma Cl^-))^{\frac{1}{2}} = ((\gamma Na^+) (\gamma \pm KCl))^{\frac{1}{2}}$$

$$\gamma Na^+ = \frac{\gamma^2 \pm NaCl}{\gamma \pm KCl} \quad (0.11)$$

### 0.3 Útreikningar á jafnvægisstuðlum

Til eru fjölmargar mælingaraðferðir til að ákvarða jafnvægisstuðla fyrir efnahvörf, eins og fram kemur í formála hjá Sillén og Martell (1964). Auk þess má reikna jafnvægisstuðla út, ef fyrir hendi eru tilskilin efnavarmafræðileg gögn. Beinar mælingar fela t.d. í sér efnagreiningar, leiðnimælingar og kalórimetry.

Hér verður aðeins fjallað um efnavarmafræðilega útreikninga, en tilraunir látnar eiga sig.

Almennt gildir fyrir öll efnahvörf, þar sem b mól af B hvarfast við c af C og mynda d mól af D og e mól af E:

$$bB + cC = dD + eE \quad (0.11)$$

og  $\frac{a_D^d a_E^e}{a_B^b a_C^c} = K \quad (0.12)$

þar sem a tákna virkni hvers efnis og K jafnvægisstuðul.

Sérhvert efnakerfi, sem er ekki í jafnvægi, breytist í átt til jafnvægis og orka binzt eða leysist úr læðingi.

$$\Delta F_r^\circ = \Delta F_f^\circ \text{ myndefni} \div \Delta F_f^\circ \text{ hvarfefni} \quad (0.13)$$

þar sem  $\Delta F_r^\circ$  myndefni er standard frjáls orka myndunarefna og  $\Delta F_f^\circ$  hvarfefni standard frjáls orka hvarfefna,  $\Delta F_r^\circ$  standard frjáls orka, sem losnar við efnahvarfið (sjá Garrels og Christ, 1965, bls. 7-8). Eftirfarandi samband gildir milli  $\Delta F_r^\circ$  og jafnvægisstuðla:

$$\Delta F_r^\circ = - RT \ln K \quad (0.14)$$

I jöfnu (0.14) tákna R gas konstantinn og T hita í °K, K jafnvægisstuðul og  $\Delta F_r^\circ$  eins og í jöfnu (0.13). Ef  $\Delta F_r^\circ$  er þekkt sem fall af hita og þrýstingi, má reikna út K við mismunandi hita og þrýsting. Nú skulum við athuga, hvernig unnt er að reikna K við mismunandi aðstæður, ef  $\Delta F_r^\circ$  er þekkt við þessar aðstæður.

Almennt gildir fyrir öll efnahvörf:

$$\Delta F_r = \Delta H_r - T\Delta S_r \quad (0.15)$$

þar sem  $\Delta F_r$  táknað það sama og áður.  $\Delta H_r$  er breyting á varmainnihaldi (enthalpy) við efnahvarfið og  $\Delta S_r$  breyting á entropy við sama efnahvarf.  $T$  er hiti í °K. Auðsætt er, að auðvelt er að finna  $\Delta F_r$  út frá líkingu (0.15), ef  $\Delta H_r$  og  $\Delta S_r$  væru þekkt við þær aðstæður (hita), sem um ræðir. Nú gildir

$$\left(\frac{dH}{dT}\right)_P = C_p \quad (0.16)$$

og

$$H_{T_2} - H_{T_1} = \int_{T_1}^{T_2} C_p dT \quad (0.16a)$$

Ef  $C_p$  er konstant á hitabilinu  $T_2 - T_1$ , fæst

$$H_{T_2} - H_{T_1} = C_p(T_2 - T_1) \quad (0.16b)$$

$C_p$  er varmarymd efnis við konstant þrýsting. Algengt er, að varmarymd efna ( $C_p$ ) séu skráð sem fall af hita með eftirfarandi líkingu:

$$C_p = a + 2bT - cT^{-2} \quad (0.17)$$

þar sem  $a$ ,  $b$  og  $c$  eru stuðlar (Kubaschewski, 1967, Helgeson, 1969).

Með því að setja jöfnu (0.17) inn í jöfnu (0.16a) og intergrera fæst:

$$H_{T_2} - H_{T_1} = \left[ aT + bT^2 + \frac{c}{T} \right] \frac{T^2}{T_1} \quad (0.16c)$$

Þá gildir samkvæmt öðru lögmaðli varmafræðinnar:

$$dS = \frac{dq}{T} \quad (0.18)$$

þ.e. aukning á entropy (S) er jöfn varmanum, sem efnið drekkur í sig (q), deilt með hitanum (T) í °K.

Samkvæmt skýrgreiningu gildir:

$$C_p = \left( \frac{dq}{T} \right)_p \quad (0.19)$$

og

$$dS = \frac{C_p dT}{T} \quad (0.18a)$$

Með því að intergrera jöfnu (0.19) fæst:

$$S_{T_2} - S_{T_1} = \int_{T_1}^{T_2} C_p d\ln T \quad (0.20)$$

eða

$$S_{T_2} - S_{T_1} = 2.303 \int_{T_1}^{T_2} C_p d\log T \quad (0.20a)$$

Ef Cp er konstant á hitabilinu  $T_2 - T_1$ , fæst:

$$S_{T_2} - S_{T_1} = 2.303 C_p \log \frac{T_2}{T_1} \quad (0.20b)$$

Ef  $C_p$  er gefið sem fall af hita, er auðvelt að reikna  $\Delta S_r$  sem fall af hita, alveg eins og fyrir  $\Delta H_r$ .

Með því að setja jöfnu (0.17) inn í jöfnu (0.20a) og intergrara, fæst:

$$S_{T_2} - S_{T_1} = \left[ a \ln T + 2bT + \frac{c}{2T^2} \right] \frac{T_2}{T_1} \quad (0.20c)$$

Venjulega er það svo, að við efnavarmafræðilegar túlkanir á jarðhitakerfum er hiti meginbreytistærðin, og þarf ekki að hafa áhyggjur af áhrifum þrýstings á  $\Delta F_r$ .

Jafnvægisstuðul K fyrir eitthvert efnahvarf má svo finna við hvaða hita sem er, með því að leysa saman jöfnur (0.14), (0.15), (0.16a) og (0.20), eða:

$$\log K(T_2) = \frac{T_2(S_{T_2} - S_{T_1})(H_{T_2} - H_{T_1})}{2.303 RT_2}$$

#### 0.4 Innræn suða

Vatn sýður, þegar gufuþrýstingurinn við yfirborð þess er jafn heildarþrýstingi umhverfisins. Suðumarkið er háð því, hver heildarþrýstingurinn er. Það vita allir, að við einnar loftþyngdar þrýsting er suðumark vatns 100°C, en með hækkandi þrýstingi hækkar suðumarkið, eins og sýnt er á mynd 2.2. Ekki þykir ástæða til að fjalla um, hvernig þessi ferill er reiknaður, en jafnan er unnt að fá gildi fyrir þetta samband úr gufutöflum (Handbook of Physical and Chemical Constants). Oft er talað um gufuþrýsting

eða þrýsting mettaðrar gufu í gufuborholum, og er þá átt við heildarþrýsting, þar sem vatnið er við suðu.

Þegar vatn með hita yfir  $100^{\circ}\text{C}$ , streymir upp borholu, verður heildarþrýstingurinn á vatninu minni, eftir því sem vatnið kemst hærra. Eðlilega ákveðst þrýstingurinn á hverju dýpi af hæð og eðlisþunga þeirrar vatnssúlu, sem er fyrir ofan það dýpi. Við uppstreymi á vatni heitara en  $100^{\circ}\text{C}$  kemur að því, að vatnið nær suðumarki sínu, og þá tekur gufa að myndast. Nokkur varmi fer í gufumyndunina, eða sem samsvarar uppgufunarvarma vatns (L).

Þessi varmi fæst úr vatninu, og leiðir gufumyndunin því til þess, að vatnið kólnar. Í jafnvægi hafa vatn og gufa að sjálfögðu sama hita. Það mun góð nálgun að telja gufuborholu sem lokað kerfi, varmalega séð, - þ.e. enginn varmi kemur inn í holuna til að valda gufumyndun eða tapast út úr henni, sem dregur þá úr gufumyndun. Við þessar aðstæður er heildarvarmainnihald vatns og gufu í borholunni óbreytt, án tillits til suðu. Unnt er að reikna hlutfall vatns og gufu við hvaða þrýsting sem er, ef varmainnihald (enthalpy) vatnsins er þekkt við innstreymi í borholu.

Sé varmainnihald vatnsins við innstreymið  $h_0$ , má reikna þetta hlutfall út frá líkingu (0.22):

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 = h_2 + X_2 L_2 \quad (0.22)$$

þar sem  $h_1$  er varmainnihald vatns við þrýstinginn  $P_1$ , en  $L_1$  uppgufunarvarmi vatns við sama þrýsting.  $X_1$  er hluti gufu í blöndunni, miðað við þunga ( $X$  er milli 0 og 1). Eins gildir fyrir  $h_2$ ,  $X_2$  og  $L_2$ .

Líkingu (0.22) má leiða út á eftirfarandi hátt: Heildarvarminn í djúpvatninu ( $h_0$ ) skiptist milli vatns og gufu, þegar suða hefst. Í blöndunni er  $X_1$  hluti gufu, en  $(1-X_1)$  hluti vatns við þrýstinginn  $P_1$ .

$$h_0 = G_1 X_1 + h_1(1-X_1) \quad (0.23)$$

$G_1$  er varmainnihald gufunnar við  $P_1$ , en  $h_1$  varmainnihald vatnsins við sama þrýsting.  $G_1 = h_1 + L_1$ , þ.e. varminn í vatni við suðu plús uppgufunarvarminn.

$$h_0 = (h_1 + L_1)X_1 + h_1(1-X_1)$$

$$h_0 = X_1 h_1 + X_1 L_1 + h_1 - X_1 h_1$$

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 \text{ (líking 0.22)}$$

## 1. KÍSILHITI

### 1.1 Forsendur


Styrkur kísils í djúpvatni á háhitasvæðum stjórnast af uppleysanleika kvarts. Svo er einnig á lághitasvæðum, þegar hitinn er meiri en um það bil  $110^{\circ}\text{C}$ . Við lægri hita en um það bil  $100^{\circ}\text{C}$  stjórnast styrkur kísilsins í lághita-vatni af uppleysanleika kalsedóns (S. Arnórsson, 1970a). Á undanförnum tveimur áratugum hafa verið gerðar viðtækur tilraunir með uppleysanleika kvarts við mismunandi hita og þrýsting í söltum og ferskum vatnslausnum, og hafa þessar niðurstöður verið birtar viða. Af þessum tilraunum er nú vitað nákvæmlega um uppleysanleika kvarts á því hita- og þrýstingsbili ( $100-300^{\circ}\text{C}$  og þrýstingur jafn þrýstingi mettaðrar vatnsgufu), sem er áhugavert fyrir jarðhita-rannsóknir. Aftur á móti er ekkert vitað um uppleysanleika kalsedóns, nema af tilraunum R.O. Fourniers hjá U.S. Geol. Survey. Niðurstöður hans, sem hér eru notaðar, eru byggðar á einu sýni. Niðurstöðurnar hafa enn ekki verið birtar og eru fengnar persónulega frá R.O. Fournier. Þær niðurstöður, sem notaðar eru fyrir uppleysanleika kvarts eru fengnar frá Morey et al. (1962) með lagfæringum frá R.O. Fournier samkvæmt persónulegum upplýsingum. Uppleysanleiki kvarts og kalsedóns eykst með hita, og er aukning ekki línuleg, heldur vex uppleysanleikinn hraðar eftir því sem hitinn er hærri (myndir 1.1 og 1.2). Tilraunir sýna, að selta hefur mjög lítil áhrif á uppleysanleika kvarts, og skipta áhrif hennar ekki máli fyrir þær seltubreytingar, sem þekktar eru í heitu vatni á Íslandi, ekki einu sinni jarðsjóinn á Reykjanesi. Uppleysanleiki kvarts eykst nokkuð með þrýstingi. Við 1000 atm (5-10 km dýpi) er uppleysanleikinn á hitabilinu  $200-300^{\circ}\text{C}$ , t.d. 20-30% hærri en við þrýsting, sem fer eftir suðumarksferlinum (mynd 1.4). Sá þrýstingsmunur, sem um er að ræða í efstu 1000 m jarðhitasvæða er svo lítill, að hann hefur hverfandi

áhrif á uppleysanleika kvars, og er því unnt með góðri nákvæmni að nota uppleysanleika kvars á suðumarksferlinum (þ.e. þegar vatn og gufa eru í jafnvægi) við jarðhitarrannsóknir.

Ekki er vitað um áhrif seltu og þrýstings á uppleysanleika kalsedóns, en það verður að teljast mjög líklegt, að áhrifin séu lítil, eins og fyrir kvars, og skipti ekki máli fyrir jarðhitarrannsóknir.

Það er talið fullvist af flestum, að uppleystur kísill, hvort heldur sem kvars, kalsedón, ópal eða önnur síliköt, hafa farið í lausn, sé á forminu:  $H_4SiO_4$ , þ.e.a.s. að tvö vatnsmólekúl séu bundin einu "kísilsýrumólekúli".

Hinn uppleysti kísill hegðar sér eins og veik sýra, þ.e. hann gefur frá sér prótónu eða vetrnisjón ( $H^+$ ), þegar vetrnisjónastyrkur vatnsins er orðinn lítill. Vatnsmólekúlin sjálf taka við vetrnisjóninni og haga sér því eins og veikur basi í þessu tilfelli. Eins og alltaf, þegar veik sýra gefur frá sér prótónu og veikur basi tekur hana til sín, myndast jafnvægi. Fyrir kísil og vatn er þetta jafnvægi þannig:



Þegar breytingin gengur frá vinstri til hægri, er það  $H_4SiO_4$ -sýran, sem gefur frá sér prótónu, en þegar breytingin gengur frá hægri til vinstri, er  $H_3O^+$ -sýran, sem gefur frá sér prótónu, en  $H_3SiO_4^-$  basinn tekur hana til sín. Jafnvægi verður, þegar breytingin í báðar áttir er jafnhröð. Við jafnvægi er virkni allra efna fastbundin (virkni =  $\gamma \cdot$  styrkur;  $\gamma$  = virknistuðull) samkvæmt líkingunni:

$$\frac{(H_3SiO_4^-)(H_3O^+)}{(H_4SiO_4)(H_2O)} = K \quad (1.2)$$

K kallast jafnvægisstuðull, og breytist gildi hans með hita og þrýstingi. Sé um þunna upplausn að ræða, er  $(H_2O)$  konstant. Þar af leiðandi:

$$\frac{(H_3SiO_4^-)(H^+)}{(H_4SiO_4)} = K_{H_4SiO_4} = K(H_2O) = 10^{-9.98} \text{ við } 20^\circ C \quad (1.3)$$


en venja er að tákna  $(H_3O^+)$  með  $(H^+)$ . pH er mælikvarði á virkni vetrnisjóna í lausn samkvæmt líkingunni:

$$pH = - \log (H^+) \quad (1.4)$$

Þegar styrkur uppleystrar kísilsýru í vatni er mældur, mælist bæði  $[H_4SiO_4]$  og  $[H_3SiO_4^-]$ . Ef gildið á  $K_{H_4SiO_4}$  er þekkt og sömuleiðis pH (því  $(H^+)$ ) eftir mælingu má reikna út, hversu mikill hluti kísilsýrunnar er óklofinn, og hversu mikill hluti er klofinn. Virknistuðull ( $\gamma$ ) mólekúla í upplausn er 1; því er  $(H_4SiO_4) = [H_4SiO_4]$ . Aftur á móti er virknistuðull jóna í upplausn yfirleitt  $< 1$ , sbr. kafla 0 hér að framan, og er gildi virknistuðulsins háð I (heildarstyrk jóna í lausn) og hita. Með stækkandi I minnkar  $\gamma$ , en það vex aftur með hækkandi hita. Heitt vatn á Íslandi inniheldur yfirleitt svo lítið af uppleystum jónum, að  $\gamma$  fyrir eingildar jónir er á milli 0.9 og 1.0 og jafnan nálægt 1.0 í vatni með mjög hátt pH, en slikt vatn inniheldur yfirleitt lítið af uppleystum jónum. Því er það sæmileg nálgun að reikna með því, að  $(H_3SiO_4^-) = [H_3SiO_4^-]$ . Þessi nálgun leiðir til þess, að útreiknað  $(H_4SiO_4)$  verður allt að 2% of hátt. Skekkjan er mest, þegar sýrustig er sem hæst og styrkur uppleystra jóna sem mestur.

Pitzer (1937) reiknaði fræðilega, á snjallan hátt, breytingar á  $K_{H_4SiO_4}$  með hita, og ber niðurstöðum hans nokkuð vel saman við nýlegar tilraunir Rizhenko (1967) (mynd 1.4).

Alexander et al. (1954) sýndu, að uppleysanleiki kvars og ópals ákvaðst af jafnvæginu:



eða

$$K_{H_4SiO_4} = \frac{(H_4SiO_4(v))}{SiO_2(k)(H_2O(v))} \quad (1.6)$$

Nú er  $SiO_2(k)$  (virkni  $SiO_2$  í kristal) konstant og sömu-leiðis  $H_2O(v)$  (virkni vatns í þunnri vatnslausn). Þess vegna er

$$(H_4SiO_4(v)) = K(H_2O(v))(SiO_2(k)) = K_s, \quad (1.6a)$$

en gildið á  $K_s$  er mælikvarði á uppleysanleika kvars, ópals, kalsedóns og annarra kvarssteina, og er þetta gildi háð hita og þrýstingi, sbr. það, sem áður greinir.

Til þess að vita, hversu mikill kísill er í jafnvægi við kvarssteina, þ.e. hversu mikill kísill í lausn er óklofin sýra ( $H_4SiO_4$ ), þarf að mæla pH við þekkt hitastig, auk heildarkísils í lausn með efnagreiningu. Síðan er  $H_4SiO_4$  fundið út frá líkingu (1.3).

$$K_{H_4SiO_4} = \frac{(H_3SiO_4^-)(H^+)}{(H_4SiO_4)} \text{ eða} \quad (1.3)$$

$$(H_4SiO_4) = \frac{(H_3SiO_4^-)(H^+)}{K_{H_4SiO_4}}$$

en ( $H_3SiO_4^-$ ) er jafnt og mældur heildarstyrkur uppleystrar kísilsýru mínus ( $H_4SiO_4$ ).

Það er algengast, að sýrustig (pH) heits vatns hér á landi sé svo hátt, að nokkur hluti kísilsýrunnar í lausn er klofinn í ( $H_3SiO_4^-$ ) og ( $H^+$ ). Þetta á einkum við um sum lághitasvæði. Djúpvatn á háhitasvæðum hefur aftur á móti jafnan það lágt sýrustig (pH), að hverfandi hluti kísilsýrunnar er klofinn.

Áætlun eða útreikningur á kísilhita felur í sér athugun á því, hvaða hitastigi mælt kísilinnihald í vatni samsvari, miðað við jafnvægi við kvarts eða kalsedón. Þetta byggist á því, að uppleysanleiki kvarts og kalsedóns eykst með hita og öllu meira hinu, að útfelling kísils er mjög hæg við lágan hita, hvort heldur sem er í jörðinni á yfirborði eða í íláti, sem sýni er safnað í. Tilraunir sýna, að jafnvægi við kvarts næst fljótt, þegar hiti er meiri en  $150^\circ C$ . Við hita, jafnlágan stofuhita, geta vatnslausnir, yfirmeddaðar (5-falt eða meira) af kísil, haldizt óbreyttar mánuðum og árum saman.

Ýmislegt hefur áhrif á hraða útfellingar, auk yfirmettunar. Skiptir þar mestu máli selta vatnsins og ólgustreymi, en tilraunir sýna, að hvort tveggja örvar útfellingu (Morey et al., 1962).

Ekki er unnt að svara því, hversu ör útfelling er í uppresteymi á jarðhitasvæðum, en hraði útfellingarinnar er háður hita vatnsins, heildarefnasamsetningu þess og kólnuninni, sem veldur yfirmedun. Þar sem þessar breytingar vinna allar að útfellingu kísils, er kísilhiti lágmärkshiti, en kísilhiti er sá hiti, sem samsvarar jafnvægi við kvarts eða kalsedón fyrir þann kísil, sem er uppleystur í vatni. Eins og fjallað er um í seinni liðum þessa kafla,

geta komið til utanaðkomandi breytingar á það kerfi, sem um ræðir, og í sumum tilfellum valda þessar breytingar því, að kísilhitinn er hærri en raunverulegt jafnvægi segir til um, eða þá enn lægri en sem nemur útfellingu.

Taki uppstreymi á jarðhitasvæðum af nokkur hundruð metra dýpi í mesta lagi fáar klukkustundir, sem virðist ekki ólíklegt, er talið líklegt, að kísilútfellingar séu ekki markverðar, og samsvarar þá kísilhti hita vatnsins í berggrunni á þessu dýpi. Sé hitinn kominn yfir  $200^{\circ}\text{C}$ , má þó gera ráð fyrir, að útfellingin sé markverð. Með markverðri útfellingu er átt við, að styrkur uppleysts kíslis í vatninu lækki það mikið, að markverð lækkun verður á kísilhita.

Ekki er unnt að svara því frá fræðilegu sjónarmiði, hvort uppleystur kíslill sé í jafnvægi við kvars eða kalsedón. Þó sýna mælingar og efnavarmafræðiútreikningar, að kvars er stöðugast allra kvarssteina, og ætti samkvæmt því eingöngu að myndast kvars við útfellingu, ef efnakerfið, sem um ræðir, nær lágmarks kemískri orku.

Það er byggt á beinni athugun, hvort uppleystur kíslill í vatni nær jafnvægi við kvars eða kalsedón. Þessar athuganir eru mælingar á hita í borholum og samanburður við kvars- og kalsedónhita. Kemur í ljós, að jafnvægi við kvars er jafnan til staðar í djúpum borholum, þegar hiti vatnsins er hærri en u.p.b.  $110^{\circ}\text{C}$ , og einstöku sinnum við lægri hita, þegar sýrustig vatnsins er mjög hátt. Við lægri hita en u.p.b.  $100^{\circ}\text{C}$  er uppleystur kíslill annars í jafnvægi við kalsedón í djúpum borholum. Þessu til staðfestingar er athugun á ummyndun á jarðhitasvæðum, sem sýnir kvars á öllum háhitasvæðum og hinum heitari lághitasvæðum, sem borað hefur verið í, eins og Reykjavík, annars kalsedón.

## 1.2 Útreikningur á kísilhita á lághitasvæðum

Þegar reikna á út kísilhita fyrir eitthvert vatn á lághitasvæði, er bezt að greina öll aðalefni í vatninu ( $\text{pH}$ ,  $\text{SiO}_2$ ,  $\text{Na}^+$ ,  $\text{K}^+$ ,  $\text{Ca}^{++}$ ,  $\text{Mg}^{++}$ ,  $\text{CO}_2$ ,  $\text{SO}_4^{--}$ ,  $\text{Cl}^-$ , uppl. efni), auk þess sem nauðsynlegt er að mæla hitann. Þau efni, sem beinlinis varða útreikning, eru þó  $\text{pH}$  og  $\text{SiO}_2$ , og skal gera ráð fyrir jafnvægi við kalsedón, ef óklofin kísilsýra ( $\text{H}_4\text{SiO}_4$ ), reiknuð sem  $\text{SiO}_2$ , er  $< 90$  ppm. Sé óklofin kísilsýra hins vegar  $> 90$  ppm, skal gera ráð fyrir jafnvægi við kvars.

Rétt er að leggja áherzlu á það hér, að útreiknaður kísilhiti er lágmarkshiti, svo fremi sem engar breytingar hafi átt sér stað, aðrar en útfellingar kísils við kólnun vatnsins í uppstreymi. Hins vegar geta breytingar á sýrustigi vegna suðu eða þrýstingsfalls og blöndun við annað vatn leitt til þess, að útreiknaður kísilhiti er of hár eða of lágur, miðað við það, að einungis verði útfellingar.

Til þess að átta sig á því, hvort blöndun, suða eða aðrar breytingar hafi átt sér stað, á meðan heita vatnið streymdi til yfirborðs, þarf að athuga styrk ýmissa efna í vatninu, sem geta veitt vitneskju umsíkar breytingar. Þær breytingar, sem varða suðu, eru teknar til meðferðar í lið 1.3 í þessum kafla, en áhrifum blöndunar eru gerð sérstök skil í lið 1.4.

Mæling á kísilhita felur í sér eftirfarandi:

- (1) Mæling á  $\text{pH}$  á staðnum eða á vatni, sem tekið er á gastúbu og mælt við fyrstu hentugleika (1-2 sólarhringar). Nauðsynlegt er að vera viss um, að fullkomnu hitajafnvægi sé náð milli vatns og lausnar í pH-elektróðu, þegar mæling er gerð á staðnum. Þá þarf að skrá upp á  $1^\circ\text{C}$  við hvaða hita pH-gildið var mælt. Sé pH nálægt 10, þarf að gæta sérstakrar varúðar í því,

að pH-mælirinn sé rétt núllstilltur, miðað við þekkta pH-lausn. Skekkja pH-mælingar er jafnan meiri, hvað tekur til nákvæmni (accuracy) heldur en samkvæmni (precision).

- (2) Mæling á SiO<sub>2</sub>. Hana má gera kólórimetrískt (meðalskekkja ± 3%) eða gravímetrískt (meðalskekkja ± 1-2 ppm).
- (3) Óklofin kísilsýra (H<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub>) er fundin út frá jöfnu (1.3):

$$(H_4SiO_4) = \frac{(H_3SiO_4^-)(H^+)}{K_{H_4SiO_4}}$$

Gildið á K<sub>H<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub>}</sub> er lesið af mynd 1.5, og það gildi valið, sem samsvarar sama hita og pH var mælt við. Mæld kísilsýra er H<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub> + H<sub>3</sub>SiO<sub>4</sub><sup>-</sup>. Ef H<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub> er X, er H<sub>3</sub>SiO<sub>4</sub><sup>-</sup> jafnt mældri heildarkísilsýru mínus X.

- (4) Ef óklofin kísilsýra er < 90 ppm, er mynd 1.2 notuð (uppleysanleiki kalsedóns), og lesið af ferlinum á þeirri mynd, hvaða hita óklofna kísilsýruinnihaldið samsvarar. Sá hiti er kísilhitinn. Ef óklofin kísilsýra er > 90 ppm, er mynd 1.1 (uppleysanleiki kvarts) notuð á sama hátt til að fá kísilhitann.

Til þess að vera viss um að bera ekki á borð "bjartsýnisgildi" á kísilhita, er skynsamlegt að nefna bæði kísilhita fyrir jafnvægi við kalsedón og kvarts, þótt styrkur óklofna kísilsýrunnar sé allt að 100, einkum ef pH við 20°C er < 9.5.

Dæmi: Heildarkísilsýra í vatni mældist samkvæmt efnagreiningu 110 ppm, og var skekkja í mælingu áætluð ± 2 ppm. pH mældist 9.65 við 36°C og nákvæmni í mælingu áætluð ± 0.05 pH. Hver er kísilhitinn?

$$\text{SiO}_2 = 110 \text{ ppm}, \text{H}_4\text{SiO}_4 = X; \text{H}_3\text{SiO}_4^- = 110 - X$$

$$\text{pH}/^\circ\text{C} = 9.65/36; (\text{H}^+) = 10^{-9.65}$$

$$K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} (36^\circ\text{C}) = 10^{-9.73}$$

$$K_1 = \frac{(\text{H}_3\text{SiO}_4^-)(\text{H}^+)}{(\text{H}_4\text{SiO}_4)} ; 10^{-9.73} = \frac{(110-X)(10^{-9.65})}{X}$$

$$\frac{110-X}{X} = \frac{10^{-9.73}}{10^{-9.65}} = 10^{-0.08} = 10^{-1} \cdot 10^{+0.92} =$$

$$0.1 \cdot \log 10^{+0.92} = 0.83$$

$$X = \frac{110}{1.83} = 60 \text{ ppm} \text{ (óklofin kísilsýra)}$$

Kísilhiti (jafnvægi við kalsedón) er  $81^\circ\text{C}$  (sjá mynd 1.2).

Skekkja er fengin með því að reikna út (1) kísilhita fyrir pH  $9.65 + 0.05$  og  $\text{SiO}_2 110-2$  og (2) pH  $9.65 - 0.05$  og  $\text{SiO}_2 110 + 2$ . Fæst þá, að efnagreiningarskekkja í ákvörðun kísilhita er  $\pm 4^\circ\text{C}$ .

Dæmi: Eftirfarandi mældist:

$$\text{SiO}_2 = 170 \text{ ppm} \text{ (H}_4\text{SiO}_4 = X; \text{H}_3\text{SiO}_4^- = 170 - X)$$

$$\text{pH}/^\circ\text{C} = 8.4/99$$

$K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} = 10^{-9.07}$  samkvæmt mynd 1.5. Hver er kísilhitinn?

$$K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} = \frac{(\text{H}_3\text{SiO}_4^-)(\text{H}^+)}{(\text{H}_4\text{SiO}_4)}; 10^{-9.07} = \frac{(170 - X)(10^{-8.4})}{(X)}$$

$$X = 140 \text{ ppm} \text{ (óklofin kísilsýra)}$$

Kísilhiti (jafnvægi við kvars) er  $157^\circ\text{C}$ .

Ef ferill (2) á mynd 1.5. hefði verið notaður í stað ferils (1), hefði fengizt gildi á  $K_{H_4SiO_4}$ , sem er  $10^{-8.87}$ , í stað  $10^{-9.07}$ . Útreiknaður kísilhiti væri þá  $139^{\circ}\text{C}$  í stað  $157^{\circ}\text{C}$ . Þessi munur eykst eftir því sem pH-gildi vatnsins er hærra, og eftir því sem pH er mælt við hærri hita. Ef pH er hátt ( $>9.5$  við  $20^{\circ}\text{C}$ ), er bezt að mæla það við hita sem næst  $20^{\circ}\text{C}$ . En sé pH vatnsins nokkuð lágt ( $<9$ ), er æskilegra að mæla það við svipaðan hita og er á vatninu. Neðan við  $50^{\circ}\text{C}$  gefa ferlar (1) og (2) á mynd 1.5. mjög svipaða niðurstöðu á útreiknuðum kísilhita. Ef pH vatnsins er  $<9.5$  við  $20^{\circ}\text{C}$ , er styrkur klofinnar kísilsýru í vatninu farinn að minnka mikið, miðað við heildarkísilsýru, og þá skiptir vitneskja á raungildi  $K_{H_4SiO_4}$  minna máli fyrir nákvæmni í útreikningi kísilhita.

### 1.3 Útreikningur á kísilhita á háhitasvæðum og í gufuborholum

Við þessa útreikninga er gert ráð fyrir því, að uppleystur kíssill í djúpvatni sé í jafnvægi við kvarts í bergeninu, enda sýna athuganir á ummyndun, að kvarts er alltaf að finna í bergeninu, og kísilhiti fyrir kvarsjafnvægi er sá sami og mældur hiti í borholum með einni vatnsæð. Allir útreikningar byggja á gögnum, sem fást úr gufutöflum, en þessi gögn eru uppgufunarvarmi vatns við mismunandi hita, varmainnihald vatns við mismunandi hita og hiti á vatni og gufu í jafnvægi við mismunandi þrýsting. Á háhitasvæðum þarf að taka áhrif suðu í bergrunni með í reikninginn við útreikning kísilhita. Suða á lághitasvæðum er oftast engin, og í öllum tilfellum hefur hún hverfandi áhrif. Til dæmis ef reiknað hefði verið með hámarkssuðu í seinna dæminu hér fyrir framan, hefðu fengizt  $150^{\circ}\text{C}$  í kísilhita í stað  $157^{\circ}\text{C}$ .

Áhrif suðu eru tvíþætt. Annars végar eykst styrkur kísils sem annarra órokjarnra efna í vatninu við það, að gufa tapast, og hins végar hækkar sýrustig vatnsins, vegna þess að rokgjörn efni, sem eru veikar sýrur (kolsýra  $\text{CO}_2$  og brennisteinsvetni  $\text{H}_2\text{S}$ ), rjúka úr vatninu í gufuna.

Núverandi niðurstöður á útreiknuðu sýrustigi djúpvatns í borholum á háhitasvæðum benda til þess, að sýrustig háhitavatns í berggrunni sé alltaf það lágt, að hverfandi hluti kísilsýrunnar er klofinn. Skynsamlegast er að gefa tvö gildi á kísilhita, sem byggt er á mælingu á kísilinnihaldi í uppsprettu á yfirborði. Annars végar gildi, sem gerir ekki ráð fyrir neinni suðu í berggrunni, og hins végar gildi, þar sem gert er ráð fyrir innrænni suðu frá þeim hita, sem kísilinn var í jafnvægi við kvars og niður í  $100^{\circ}\text{C}$ . Sé reiknað með suðu, fæst lægri hiti. Til dæmis ef vatn í hver inniheldur 500 ppm  $\text{SiO}_2$ , er kísilhitinn  $226^{\circ}\text{C}$  fyrir innrænni suðu úr  $226^{\circ}\text{C}$  í  $100^{\circ}\text{C}$ , en  $250^{\circ}\text{C}$ , ef ekki er gert ráð fyrir neinni suðu.

Vegna hins háa hita í berggrunni á háhitasvæðum, er útfelling kísils nokkuð hröð við kólnun, og ber hér að hafa sérstaklega í huga þá staðreynd, að kísilhiti er lágmärkshiti, ef efnakerfið hefur ekki orðið fyrir utanaðkomandi breytingum. Það er því eðlilegt að gera ráð fyrir nokkurri útfellingu í uppstreymisrásunum, og er útreiknaður kísilhiti fyrir innræna suðu því án efa mjög varlegt mat á raunverulegum hita í berggrunni, og gæti hitinn vel verið nokkrum tugum stiga hærri í efstu 1000 m.

Undanfarin 3 ár hefur það reynzt mjög gagnlegt að nota kísilinnihald vatns úr gufuborholum til að fá vitneskju um hita vatnsins í berggrunni, þegar það streymir inn í holuna. Með öðrum orðum, kísilhitinn er sá sami og raunverulegur hiti við innstreymið í holuna. Þetta gildir þó aðeins, ef holan

er nokkuð djúp (nokkur hundruð metra), en dýpið fer fyrst og fremst eftir hita í berggrunni. Ástæðan fyrir því, að kísilhitinn samsvarar raunverulegum hita við innstreymi, er sá, að jafnvægi kemst á mjög fljótt milli kvarts í berggrunni og uppleysts kísls við þann háa hita, sem hér um ræðir ( $>200^{\circ}\text{C}$ ).

Þegar sýnum er safnað úr gufuborholum, er það annaðhvort gert við þekktan þrýsting gegnum skilju eða í útstreymi við  $100^{\circ}\text{C}$ . Þar sem rennslishraði upp borholuna er mikill, verða aldrei svo miklar útfellingar, að þær breyti kísilinnihaldi vatnsins, svo mælanlegt sé. Sérstaklega er fjallað um sýnitöku og suðu í gufuborholum í 3. kafla, en útfellingar kísls í 5. kafla. Hins vegar eykst kísilinnihald vegna gufutaps, sem stafar af suðunni og nauðsynlegt er að leiðréttu fyrir þessu gufutapi. Gert er ráð fyrir því, að suðan sé innræn, þ.e. engin varmaskipti eiga sér stað milli vatns- og gufublöndu og umhverfisins. Við þessar aðstæður fer varmi úr vatninu í gufumyndun, og við það kólnar það, en fyrir jafnvægi hafa vatn og gufa auðvitað sama hita. Varmadreifing milli vatns og gufu er sýnd í eftirfarandi jöfnu:

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 \quad (0.22)$$

þar sem hiti blöndunnar er  $t_1$  varmainnnihald vatnsins við þann hita  $h_1$ ,  $X_1$  sá hluti vatns, sem hefur gufað upp og  $L_1$  uppgufunarvarmi við hitann  $t_1$ ;  $h_0$  er varmainnnihald vatnsins, áður en suða hófst.

Við útreikning á kísilhita er þægilegast að reikna í eitt skipti þá breytingu, sem verður á kísilinnihaldi, þegar vatn sýður innrænt frá jafnvægi við kvarts í  $100^{\circ}\text{C}$ . Hefur það verið gert á mynd 1.6. Þessi ferill er fenginn á þann hátt, að valin eru einhver hitastig, og út frá guftöflum er fengið gildi á  $h$  (varmainnnihald) við hvert hitastig

og sömuleiðis h og L (uppgufunarvarmi) við 100°C. Síðan er X (hluti gufu) reiknaður út frá jöfnu (0.22). Þegar X eða hluti gufu í blöndunni hefur verið reiknaður, þarf að finna út, hversu kísilsýran í vatninu hefur aukizt við þetta gufutap, en kísilsýran er órokgjörn og situr því eftir í vatninu, en fer ekki í gufuna, þegar hún skilst frá við suðu. Kísilsýruaukningin finnst út frá eftirfarandi líkingu:



eða

$$\text{SiO}_2 \text{ (suða í } 100^\circ\text{C}) = \frac{\text{SiO}_2 \text{ (engin suða)}}{1-X} \quad (1.7a)$$

Unnt er að skilja auðveldlega réttmæti jöfnu (1.7) með því að gera sér grein fyrir því, að engin breyting verður á massa kísilsýru við suðuna, og er því styrkur kísilsýru, margfaldað með vatnshluta í blöndunni (þetta margfeldi gefur massa) ætið sá sami.

Dæmi: Vatn er 250°C heitt, og uppleystur kísill er í jafnvægi við kvars. Styrkur uppleysta kísilsins er því 500° ppm samkvæmt mynd 1.1. Hver er styrkur kísilsins, ef vatnið sýður í 4 ata (þrýstingur, atmosphere absolute) og 1 ata (100°C)?

Samkvæmt gufutöflum:

250°C heitt vatn hefur varmainnihald  $h = 259.1 \text{ kkal/kg}$   
4 ata samsvarar  $142.9^\circ\text{C}$  hita fyrir mettaða vatns-gufu. Varmainnihald vatns við þann hita er  
 $h = 143.6 \text{ kkal/kg}$  og uppgufunarvarmi L við sama hita er  $510.8 \text{ kkal/kg}$ .

Samkvæmt jöfnu (0.22) er  $h_0 = h_1 + X_1 L_1$ , og ef við setjum inn gildin í jöfnuna, fæst:

$$259.1 = 143.6 + X \cdot 510.8,$$

$$X = 0.226$$

Samkvæmt jöfnu (1.7a)

$$\text{SiO}_2 \text{ (suða í 4 ata)} = \frac{500}{1 - 0.226} = 646 \text{ ppm}$$

Á sama hátt fyrir suðu í 1 ata ( $100^{\circ}\text{C}$ ) fæst, að h (varmainnihald) við  $100^{\circ}\text{C}$  er 100.1 kkal/kg og L (uppgufunarvarmi) við  $100^{\circ}\text{C}$  er 539.2 kkal/kg.

$$259.1 = 100.1 + X \cdot 539.2$$

$$X = 0.295$$

$$\text{SiO}_2 \text{ (suða í 1 ata)} = \frac{500}{1 - 0.295} = 709 \text{ ppm}$$

Þegar vatni er safnað við þekktan þrýsting, og finna skal kísilhitann, miðað við jafnvægi við kvars, er það gert með því að finna varmainnihald vatnsins við þennan þrýsting, reikna út aukningu á kísilinnihaldi við suðu niður í  $100^{\circ}\text{C}$  með því að setja inn í jöfnu (3.3) og (1.7a) og sjá síðan, hvaða hita þetta útreiknaða kíslsýruinnihald samsvarar á ferlinum á mynd 1.6.

#### 1.4 Áhrif blöndunar á kísilhita

Áhrif blöndunar kalds og heits vatns á kísilhita eru tvíþætt. Í fyrsta lagi veldur blöndunin yfirmettun, svo að kísilhitinn er ætíð hærri en hiti blöndunnar, þótt hann sé ætíð lægri en hiti vatnsins fyrir blöndun. Í öðru lagi getur blöndun leitt til breytingar á sýrustigi, og er þá líklega

alltaf um að ræða lækkun á pH. Þetta hefur í för með sér nokkra aukningu á styrk óklofinnar kísilsýru, svo að útreiknaður kísilhiti hækkar.

Astæðan fyrir yfirmettun af völdum blöndunár er tvíþætt. Kalt grunnvatn er oft yfirmedtað af kísil með tilliti til uppleysanleika kalsedóns. Í þessu vatni er kísilsýruinnihaldin háð útskolun úr grannberginu, en ekki jafnvægi við kalsedón, enda ólíklegt, að jafnvægi komist á við þann lága hita, sem grunnvatn hefur hér á landi. Þá verður yfirmettun alltaf við blöndun, af því að uppleysanleiki kalsedóns og kvars eykst ekki línulega með hita, heldur vex uppleysanleikinn hraðar, eftir því sem hitinn verður hærri (sbr. myndir 1.1 og 1.2).

Blöndun, sem leiðir til yfirmsettunar, getur því leitt til útfellingar kísilsteina, eins og kvars og kalsedóns, og hjálpað þannig til við myndun ógegndræps lags á jörðum jarðhitakerfa. Þegar kísilhiti er fundinn út fyrir einstaka uppsprettu, þarf að vega og meta, hvort blöndun geti hafa haft áhrif á hið útreiknaða gildi kísilhitans. Þetta mat byggist á jarðfræði svæðisins, sambandi uppstreymis við grunnvatn á yfirborði, t.d. í mýri, og skyldleika hita, pH,  $\text{SO}_4^{--}$  og  $\text{Cl}^-$  við vatn í öðrum heitum uppsprettum í nágrenninu. Ef pH er lægra en 9 og um lághitavatn er að ræða, þarf að hafa sérstaklega í huga hugsanleg áhrif blöndunar.

Það gildir um flest lághitavatn, að styrkur  $\text{Cl}^-$  og  $\text{SO}_4^{--}$  verður minni í blöndunni en hann var í heita vatninu. Þetta gildir ekki um vatn, sem hefur aldrei náð háum hita í berggrunni ( $50^\circ\text{C}$  eða svo), því að slíkt vatn hefur ekki náð að skola út  $\text{Cl}^-$  og  $\text{SO}_4^{--}$ , sem marktækt er umfram það, sem er í köldu grunnvatni.  $\text{Cl}^-$  og  $\text{SO}_4^{--}$  hvarfast ekki við bergið í flestu lághitavatni, og er styrkur þeirra því hentugur mælikvarði á hlutfall heits og kalds vatns í

blöndunni. Vitneskja um styrk þessara efna í kalda vatninu fæst með greiningu á yfirborðs- og grunnvatni við uppsprettuna. Góð nálgun er að telja vatnið í heitustu uppsprettum hvers jarðhitasvæðis hafa svipað efnainnihald og heitt óblandað vatn í berggrunni.

Það er mikilvægt að hafa í huga, að kísilhiti á blöndu er ætið hærri en raunverulegur hiti sjálfrar blöndunnar. Verði blöndun við lárétt rennsli heits vatns, gefur borun í láréttu rennslið ekki hærri hita en blöndunarhita. Sé borað í uppstreymi, má fá hita, sem er a.m.k. jafn hár kísilhita, þótt blöndun hafi átt sér stað.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á volgum uppsprettum á lághitasvæðinu í Biskupstungum og uppsprettum í jaðri Geysissvæðisins, sem er háhitasvæði. Um þessar athuganir er fjallað í skýrslu jarðhitadeildar: Yfirborðsrannsókn á jarðhita í Biskupstungnahreppi, jan. 1972. Jarðhiti lághitasvæðisins í Biskupstungum einkennist af sjóðandi vatnsmiklum hverum, og er kísilhiti þeirra allt að  $160^{\circ}\text{C}$ . Volgu uppspretturnar eru hins vegar um  $15\text{--}30^{\circ}\text{C}$  heitar. Þessar volgu uppsprettur eru sumar hverjar ekki mjög langt frá meginhverfþorpunum. Kísilhiti sumra uppsprettinna bendir til þess, að unnt sé að afla nýtanlegs varma með borun ( $65^{\circ}\text{C}$ ), en blöndunarhiti flestra þessara uppsprettina er of lágur fyrir nýtingu. Við útreikning blöndunarhita var gert ráð fyrir, að  $\text{Cl}^-$ -innihald blöndunnar ákváraðaðist af  $\text{Cl}^-$ -innihaldi heita vatnsins fyrir blöndun (eins og það mælist í sjóðandi hverum) og að  $\text{Cl}^-$  - innihald kalda grunnvatnsins væri 5 ppm. Fyrir ákvörðun á borun við þessar volgu uppsprettur skiptir því miklu máli að vita, hvort blöndunin hafi orðið við lárétt eða lóðrétt rennsli.

Sams konar rannsóknir benda til þess, að ölkelduvatnið í hinum volgu uppsprettum umhverfis Geysissvæðið sé til orðið við blöndun á háhitavatni ( $250^{\circ}\text{C}$ ) og köldu grunnvatni,

samfara færslu CO<sub>2</sub> úr háhitavatninu í blönduna. Slik færsla verður við auðveldara streymi kolsýru en vatns gegnum þéttuð jarðlög á jaðri háhitakerfisins. Verði blöndunin við uppstreymi háhitavatns, nær Geysissvæðið frá býlinu Haukadal í norðri og allt að 5 km suður fyrir Geysi.

Um breytingar á sýrustigi við blöndun og áhrif þess á kísilhita er fjallað sérstaklega í kafla 2.3 þessarar skýrslu.

Dæmi: Volg uppsprettu í fárra kílómetra fjarlægð frá sjóþandi hver inniheldur 25 ppm Cl<sup>-</sup>, 63 ppm af SiO<sub>2</sub> og hefur pH 8.2/20°C, en hitinn mældist 30°C. Í hvernum er 60 ppm Cl<sup>-</sup>, 180 ppm SiO<sub>2</sub>, en í köldu grunnvatni er 5 ppm Cl<sup>-</sup> og 10 ppm SiO<sub>2</sub>. pH grunnvatnsins er nálægt 7, en heita vatnsins þannig, að kísilhitinn er 150°C. Berið saman blöndunarhita og kísilhita volgu uppsprettunnar.

Hin 25 ppm Cl<sup>-</sup> koma frá X hluta af heitu vatni og 1-X hluta af köldu vatni, eða

$$25 = 60 \cdot X + 5(1-X)$$

$$X = 0.31$$

Blöndunarhitinn er 150·X + 5(1-X), eða

$$150 \cdot 0.31 + 5(1 - 0.31) = 50^{\circ}\text{C}$$

Hins vegar er kísilhti uppsprettuvatnsins 82°C samkvæmt jöfnu (1.3) og ferli á mynd 1.2.

## 2. SÝRUSTIG Í HEITU VATNI

### 2.1 Almennt


Sýrustig er skýrgreint sem virkni vetrnisjóna ( $H^+$ ) í vatnslausn. Venjulega er þessi virkni skráð sem pH, en samband pH og ( $H^+$ ) er eins og eftirfarandi líking sýnir:

$$pH = - \log(H^+) \quad (2.1)$$

Sýrustig er jafnan mælt með svokölluðum pH-mæli, sem er í raun réttri ekkert annað en spennumælir eða voltmælir. Er mæld spenna milli tveggja elektróða, "reference" elektróðu og "test" elektróðu, en styrkur vetrnisjóna í þeirri lausn, sem mæla skal, breytir spennu "test" elektróðu línu-lega, þegar þeirri elektróðu er dýft í þessa lausn. Garrels og Christ (1965) fjalla um pH mælingar á þeim grundvelli, sem áhugaverður er fyrir jarðefnafræði.

Það er aðallega tvennt, sem hefur áhrif á sýrustig heits sem kalds grunnvatns, eða jónaskipti við steintegundir í berggrunni og uppleystar veikar sýrur og veikir basar. Hiti hefur síðan áhrif á þetta tvennt, og er áhrifum hans gerð sérstök skil í næsta lið þessa kafla. Þær veiku sýrur, sem skipta máli fyrir áhrif á sýrustig heits vatns hér á landi, vegna styrks þeirra í þessu vatni, eru kísilsýra ( $H_4SiO_4$ ), kolsýra ( $H_2CO_3$ ) og brennisteinsvetni ( $H_2S$ ). Í sumu jarðhitavatni erlendis getur bórsýra ( $H_3BO_3$ ) og bí-karbónat ( $HCO_3^-$ ) einnig skipt máli. Áhrif brennisteinsvetnis eru hverfandi, nema í háhitavatni. Er það vegna þess, hve styrkur þess er jafnan hár í þessu vatni, en lágor í lághitavatni. Selta lækkar pH, þ.e. hækkar ( $H^+$ ), en þessi áhrif seltunnar eru afleiðing af jónaskiptajafnvægjum.

Jónaskipti, sem vetrnisjónir taka þátt í, eru þannig, að vetrnisjónir fara úr lausninni í einhverja steintegund, og um leið losnar einhver jón (katjón) úr þessari steintegund og fer í lausn. Þetta getur auðvitað verið öfugt, þannig að vetrnisjónir fari í lausn. Jónaskipti má rita sem jafnvægislíkingu, t.d.



Ekki má skilja þessa líkingu svo, að til sé eitthvað H<sub>2</sub>-silíkat, heldur segir jafnan, að í jafnvægi sé ákveðið hlutfall milli Mg<sup>++</sup> og H<sup>+</sup> í lausninni og silíkatinu.

Hlutfall Na<sup>+</sup> og K<sup>+</sup> í heitu vatni er háð jónaskiptum milli vatns og silíkata eins og feldspata, glimmers og montmörillóníts. Vetrnisjónir geta gengið inn í þá staði í kristalgrindinni, sem Na<sup>+</sup> og K<sup>+</sup> keppa um, og er H<sup>+</sup>-innihald vatnsins því háð Na<sup>+</sup>- og K<sup>+</sup>-innihaldi þess. Hækandi styrkur Na<sup>+</sup> og K<sup>+</sup> leiðir til hækandi styrks vetrnisjóna (því lækkandi pH, og er þetta ástæðan fyrir því, að selta lækkar sýrustig heits grunnvatns).

Heitt vatn hérlendist hefur jafnan hátt sýrustig (pH), og er það talið stafa af jónaskiptum við Mg-silíköt og gler, en einnig skifta áhrif kísilsýru máli og hin lága selta vatnsins, einkum Na<sup>+</sup> og K<sup>+</sup> innihald þess. Það er vitað, að Mg<sup>++</sup>-jónir fara í lausn úr silíkotum, eins og ólívíni, um leið og ólívínið tekur upp vetrnisjónir og ummyndast (Luce et al. 1972). Aðeins örlítið þarf að fara af Mg<sup>++</sup> í lausn til að breyta pH úr 7 í 9, p.e. (H<sup>+</sup>) úr 10<sup>-7</sup> í 10<sup>-9</sup> mól/lítra. Lætur nærri, að það sé 0.5·10<sup>-7</sup> mól Mg<sup>++</sup> í hvern lítra (1.2·10<sup>-3</sup> ppm). Ennfremur geta sams konar jónaskipti átt sér stað við gler, en hvort tveggja leiðir til þess að minnka styrk vetrnisjóna, p.e. gera vatnið basískara.

Ekki þykir ástæða til að fjalla hér sérstaklega um framkvæmd pH-mælinga, því að lærðómur þar að lútandi er fremur hluti af gagnasöfnun en túlkun.

Pökkunartilraunir á Reykjum í Mosfellssveit (Jens Tómasson, 1973) sýna, að pH kalda vatnsins, sem dælt er niður, verður mjög hátt (nálægt 10) og nokkru hærra en hins heita vatns, sem fyrir er. Þetta er talið stafa af jónaskiptum við Mg-silíköt og lítils heildarstyrks af uppleystum jónum í kalda vatninu (lágrar "seltu"). Við tiltölulega snögga upphitun á pökkunarvatninu skeður pH-hækjun sem sé hraðar en almenn útskolun úr bergeninu, sem leiðir til aukinnar seltu vatnsins. Talið er fullvist, að pökkunarvatnið blandist ekki heita vatninu, sem fyrir er, heldur ýti því til hliðar. Við blöndun ætti pH að lækka eitthvað, eins og kemur fram í kafla 2.3.

## 2.2 Áhrif hita á sýrustig

Hiti hefur áhrif á sýrustig, þ.e. styrk vetrnisjóna í lausn. Þessi áhrif hitans eru þannig, að hann hliðrar til efnajafnvægjum, sem vetrnisjónir eru hluti af. Kemur þessi hliðrun fram í breyttum gildum á jafnvægisstuðlum fyrir efnajafnvægin. Þau efnajafnvægi, sem m.a. skipta máli fyrir sýrustig heits og kalds grunnvatns hérlendis, eru:

$$K_{H_4SiO_4} = \frac{(H^+)(H_3SiO_4^-)}{(H_4SiO_4)} \quad (1.3)$$

$$K_{H_2CO_3} = \frac{(H^+)(HCO_3^-)}{(H_2CO_3)} \quad (2.3)$$

$$K = \frac{(H^+)^2 (Mg\text{-silíkat})}{(H_2\text{-silíkat})(Mg^{++})} \quad (2.4)$$

$$K_{H_2O} = \frac{(H^+)(OH^-)}{(H_2O)} \quad (2.5)$$

Gildin fyrir jafnvægisstuðlana (K) sem fall af hita er að finna viða í prentuðum heimildum, eins og Sillén og Martell (1964), Helgeson (1969), Ellis og Giggenbach (1971). Það ber ætið að hafa í huga, að gæði á birtum gildum jafnvægisstuðla eru mismunandi. Ýmsar aðferðir eru til við ákvörðun á gildum þeirra sem fall af hita eins og bein mæling og útreikningur á  $\Delta F_r$ .

Ef vitað er, hvaða efnajafnvægi ráða breytingum á sýrustigi vatns, má reikna út sýrustigið við hvaða hita sem er, svo fremi sem gildi allra jafnvægisstuðla, sem skipta máli við þennan hita eru þekkt. Ef um er að ræða útreikning á sýrustigi vatns í jafnvægi við gufu, þarf ennfremur að þekkja þá jafnvægisstuðla, sem eru mælikvarði á dreifingu veikra rokgjarnra sýra milli vatns- og gufufasa. Nákvæmni á raungildi útreiknaðs sýrustigs verður aldrei betri en nákvæmni í mælingu eða útreikningi á jafnvægisstuðlum þeim, er skipta máli. Í jarðefnafræðilegum túlkunum, sem byggja á slíkum útreikningum, skyldi maður gera sér grein fyrir því, hve nákvæm gildi jafnvægisstuðlanna eru.

Þegar sýrustig vatns er mælt, má framkvæma mælinguna við mismunandi hita. Þegar mælt er, þarf að tryggja, að elektróða pH-mælisins, viðmiðunarlausn og óþekkt lausn séu öll með sama hitastig. Af þessu leiðir, að fljótlegra er að mæla við sama hita og loft umhverfisins hefur en hærri eða lægri hita, og ennfremur eru mælingar jafnan nákvæmari við þessar mæliaðstæður, því að þá er tryggt, að sami hiti sé á öllu kerfinu. Sé gildi þeirra jafnvægisstuðla við mismunandi hita nákvæmlega þekkt, sem hefur áhrif á sýrustig, má gera ráð fyrir því, að betri niðurstaða fáist með mælingu við stofuhita, en hærri eða lægri hita í vatninu í sínu rétta umhverfi. Hins vegar er sá kostur við mælingu á staðnum, að ekki þarf að hafa áhyggjur af breytingum á sýrustigi þann tíma, sem sýni er flutt og geymt, áður en mælt er.

Skynsamlegast er talið að mæla sýrustig jöfnum höndum á staðnum og í rannsóknarstofu, en binda sig ekki við aðra hvora tæknina.

Sýrustigsbreytingar heits vatns með hita á bilinu 20-100°C eru miklar, einkum ef vatnið er mjög basískt ( $\text{pH} > 9.5$  við 20°C) og þá sérlega nálægt 20°C. Slikar breytingar nema allt að einni pH einingu fyrir ofangreint hitabil.

Dæmi: 80°C heitt vatn í uppsprettu inniheldur 105 ppm  $\text{SiO}_4$  og sýrustig vatnsins mældist 9.55 við 20°C, en heildarkarbónat sem  $\text{CO}_3$  mældist 18 ppm. Hvert er pH vatnsins við 60°C, 80°C og kísilhita þess?

Hér er gert ráð fyrir, að eingöngu kísilsýra og karbónat hafi áhrif á pH vatnsins. Við höfum

$$K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} = \frac{(\text{H}^+)(\text{H}_3\text{SiO}_4^-)}{(\text{H}_4\text{SiO}_4)} = 10^{-9.42} \quad \text{við } 60^\circ\text{C} \quad (1.3)$$

$$K_{\text{H}_2\text{CO}_3} = \frac{(\text{H}^+)(\text{H}_2\text{CO}_3^-)}{(\text{H}_2\text{CO}_3)} = 10^{-6.32} \quad \text{við } 60^\circ\text{C} \quad (2.3)$$

en gildin á K við þennan hita fást úr myndum 1.5 og 2.1.

Við þessa útreikninga er sú forsenda rétt, að ekvivalent summa anjóna hinna veiku sýra, þ.e. klofin kísilsýra og bíkarbónat breytist ekki, þótt hiti breytist. Ef pH breytist lítillega við hitnun úr 20°C í 60°C, sést af jöfnu 2.3, að hlutfallið  $(\text{HCO}_3^-)/(\text{H}_2\text{CO}_3)$  er nálægt  $10^{-6.32}/10^{-9.55}$ , eða um 1700. Af því sést, að allt karbónatið er í vatninu sem bíkarbónat, og styrkur kolsýru ( $\text{H}_2\text{CO}_3$ ) er hverfandi. Af þessari ástaðu hefur jafnvægið  $\text{H}_2\text{CO}_3/\text{HCO}_3^-$  hverfandi áhrif á sýrustig, þótt hiti breytist. Þá er hentugast að setja inn í jöfnu 1.3 og sjá, hvort það stenzt, að pH breyting

er lítil. Við 20°C er 28.5 ppm af kísilsýrunni klofnir og verður svo einnig við 60°C.

$$10^{-9.42} = \frac{(H^+)(0.475 \cdot 10^{-3})}{(1.28 \cdot 10^{-3})} \quad (H^+) = 10^{-8.99}$$


eða      pH = 8.99

Við þetta pH er hlutfallið  $\text{HCO}_3^-/\text{H}_2\text{CO}_3$  = 470, svo að enn er nær allt karbónatið í vatninu sem bikarbónat, og var nálgunin hér að ofan því leyfileg.

A sama hátt fæst pH 8.70 við 80°C og 8.57 við kísilhitann, sem er 95°C.

### 2.3 Útreikningar á sýrustigi, þegar heitt vatn blandast köldu

Þegar heitt vatn blandast köldu, ákveðst sýrustig blöndunnar af efnajafnvægjum, eins og áður, - nánar tiltekið jafnvægjum veikra sýra við anjónir sínar og vetrnisjónir:



Þegar um er að ræða grunnvatn, kalt eða heitt, koma margar sýrur til greina, sem geta haft áhrif á sýrustig vatnsins, en áhrifin ákveðast fyrst og fremst af styrk sýranna í vatninu og gildi sýrustigsins. Í heitu vatni hér á landi eru það einkum kísilsýra og kolsýra, sem hafa áhrif á sýrustigið og í háhitavatni einnig brennisteinsvetni.

Ef reikna á út sýrustig á blöndu, þarf að þekkja samsetningu heita vatnsins fyrir blöndun, samsetningu kalda vatnsins, sem heita vatnið blandast, og hlutfall þeirra í blöndunni. Í sumum tilfellum er mikilvægt að taka á vandamálinu um blöndun í jarðhitarannsóknum, þar sem blöndunin ein sér leiðir til yfírmétunar á kalsedón og kvars, og hefur sömu-leiðis í för með sér lækkun á sýrustigi, sem veldur enn frekari yfírmétun. Verði blöndunin við lárétt streymí í berggrunni, gefur borun aldrei hærri hita en raunverulegan hita blöndunnar, sem getur verið nokkrum tugum gráða lægri en kísilhiti vatnsins. Þessu er þó ekki þannig varið, ef blöndun verður við lðörétt streymí, því að þá borast gegnum það svæði, sem blöndun verður á, og getur fengizt hiti hærri en kísilhiti í uppsprettum.

Volgar uppsprettur í nágrenni sjóðandi hvera geta hafa orðið til við blöndun, og í slikum tilfellum er talið skynsamlegt að gefa sér, að samsetning heita vatnshlutans í blöndunni sé eins og í hvernum, og kalda vatnsins hin sama og kalds grunnvatns á svæðinu. Hlutfall heits og kalds vatns í blöndunni má þá finna út frá styrk efnis í henni, sem er miklu hærri (þ.e. styrkurinn) í heita vatninu en því kalda og tekur ekki þátt í efnahvörfum við bergið. Slik efni fyrir íslenzkt vatn eru  $\text{Cl}^-$  og  $\text{SO}_4^{--}$ . Útreikningur á sýrustigi blöndunnar, þar sem gert er ráð fyrir þekktu hlutfalli heits og kalds vatns í henni og þekktri samsetningu, gefur til kynna, hversu mikla yfírmettun á kalsedón eða kvarsi lækkun sýrustigsins veldur. Nánar var fjallað um áhrif blöndunar á kísilhita í kafla 1.4.

Við eftirfarandi útreikninga er gert ráð fyrir því, að ekvivalent summa anjóna í blöndunni ákveðist af innihaldi sömu anjóna í heita og kalda vatninu og hlutfalli þeirra í blöndunni, eða:

$$A_1^-(X) + A_1^-(1-X) + A_2^-(X) + A_2^-(1-X) \dots = A_{1b}^- + A_{2b}^- \quad . \quad (2.7)$$

Í jöfnu (2.7) tákna  $A_1^-$  styrk anjóna af veiku sýrunni 1,  $A_2^-$  styrk anjóna af veiku sýrunni 2,  $X$  hlut heits vatns í blöndunni og  $(1-X)$  því hlut kalds vatns í henni.  $A_{1b}^-$  og  $A_{2b}^-$  tákna styrk anjóna af sýru 1 og 2 í blöndunni. Gerð var grein fyrir því hér að ofan, hvernig finna má  $X$  og gefa sér  $A_1^-$ ,  $A_2^- \dots$  í heita og kalda vatninu fyrir blöndun.

Jafna (2.7) stenzt svo lengi sem hverfandi útfelling verður við blöndunina. Verði hins vegar útfelling anjóna veikra sýra við blöndun, eins og karbónats og kísilsýru, verður vinstri hluti jöfnu 2.7 stærri en sá hægri. Talið er ósennilegt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, að svo mikil útfelling verði við blöndun, að styrkur anjóna veiku sýranna minnki sem neinu nemur og stenzt þá jafna 2.7.

Þegar  $A_{1b}^-$   $A_{2b}^- \dots$  hafa verið fundin út frá jöfnu (2.7), þarf að leysa saman jafnvægisjöfnur hinna veiku sýra til að finna ( $H^+$ )

$$K_{HA_1} = \frac{(H^+)(A_1^-)}{(HA_1)} \quad (2.8)$$

$$K_{HA_2} = \frac{(H^+)(A_2^-)}{(HA_2)} \quad \text{o.s.frv.} \quad (2.9)$$

Auðvelt er að finna heildarstyrk hverrar veikrar sýru og anjóna hennar í blöndunni samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$HA_1 \text{ total} \cdot X + HA_1 \text{ total}^{(1-X)} = HA_{1b} \text{ total} \quad (2.10)$$

og

$$HA_1 \text{ total} = HA_1 + A_1^- \quad (2.11)$$

Síðan er bezt að leysa jöfnur (2.8) og (2.9) með því að setja inn fyrir  $HA_1$ ,  $HA_1$  total -  $A_1^-$  samkvæmt jöfnu (2.11) og eins fyrir  $A_2^-$  o.s.frv. Nú eru þrjár óþekktar stærðir í jöfnum 2.8 og 2.9, eða  $(H^+)$ ,  $(A_1^-)$  og  $(A_2^-)$ , en  $HA_1$  total og  $HA_2$  total er mælt. Með hjálp jöfnu (2.7), sem gefur summu gildanna á  $A_1^-$  og  $A_2^-$ , má leysa dæmið og finna  $(H^+)$  blöndunnar.

Dæmi: Heitt og kalt vatn blandast. Heita vatnið er í jafnvægi við kvars við  $150^\circ C$ , en pH þess er 9.50 við  $20^\circ C$ . Það inniheldur 22 ppm heildarkarbónat sem  $CO_2$ . Kalda vatnið inniheldur 10 ppm  $SiO_2$ , 66 ppm heildarkarbónat sem  $CO_2$  og hefur pH 7.00 við  $20^\circ C$ . Ef 25% eru af heita vatninu í blöndunni, hvert er pH hennar við  $20^\circ C$ ?

1. Vatn við  $150^\circ C$  inniheldur 126 ppm af óklofinni kísilsýru, en að auki af klofinni kísilsýru:

$$\text{Klofin kísilsýra} = \frac{K_{H_4SiO_4}}{(H^+)} \cdot 126 - 126 \quad \text{eða} \quad 47 \text{ ppm}$$

Heildarkísilsýruinnihald vatnsins er því  $126+47=173$  ppm.

2. Í blöndunni eru  $173 \cdot 0.25 + 10 \cdot 0.75 = 50.7$  ppm af kísilsýru, samanber jöfnu (2.10). Á sama hátt finnst, að heildarkarbónat blöndunnar er  $22 \cdot 0.25 + 66 \cdot 0.75 = 55.0$  ppm.
3. Styrkur klofinnar kísilsýru í kalda vatninu er mjög nálægt 0, en í heita vatninu 47 ppm, eða  $0.785 \cdot 10^{-3}$  Mól. Styrkur karbónats ( $CO_3^{--}$ ) í heita og kalda vatninu er nálægt 0, en styrkur bíkarbónats í heita vatninu er samkvæmt jöfnu (2.3) mjög nálægt 22 ppm, eða  $0.5 \cdot 10^{-3}$  Mól, en í kalda vatninu 54 ppm, eða  $1.23 \cdot 10^{-3}$  Mól samkvæmt sömu jöfnu.

4. Ekvívalent summa anjóna veiku sýranna í blöndunni er samkvæmt jöfnu (2.7):

$$0.785 \cdot 10^{-3} \cdot 0.25 + 0 \cdot 10^{-3} \cdot 0.75 + 0.50 \cdot 10^{-3} \cdot 0.25 + \\ 1.23 \cdot 10^{-3} \cdot 0.75 = 1.244 \cdot 10^{-3} \text{ Mól.}$$

5. pH blöndunnar finnst svo, með því að setja inn í jöfnur (2.7), (2.8) og (2.9) og leysa þær saman. Venjulega er minnsta vinna að gizka á pH gildið og setja inn í jöfnur (2.8) og (2.9) og fá út styrk anjóna veiku sýranna ( $A_1^-$  og  $A_2^-$ ) og setja þau gildi síðan inn í jöfnu (2.7) og endurtaka þessa ágizkun, unz rétt lausn fæst (iteration).

Gizkum á pH 8.0 við 20°C. Þá fæst, að óklófin kísilsýra er:

$$\text{Óklófin kísilsýra} = \frac{50.7}{K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} + 1} = 50.2 \text{ ppm}$$

Klöfin kísilsýra er því  $50.7 - 50.2 = 0.5 \text{ ppm} = 0.008 \text{ Mól}$

Á sama hátt fæst, að bíkarbónatið í blöndunni er 52.82 ppm eða  $1.2 \cdot 10^{-3} \text{ Mól}$ . Ekvívalent summa klofinnar kísilsýru og bíkarbónats fyrir pH 8.00 er því 1.208 Mól. Er það heldur lágt gildi, og er pH-gildið því hærra. Gizkum á pH 8.20. Þá fæst ekvívalent summa, sem er  $1.225 \cdot 10^{-3} \text{ Mól}$ , svo að pH-gildið er enn hærra. Gizkum á pH 8.42. Þá fæst rétt ekvívalent summa, og er það því rétt svar.

#### 2.4 Útreikningur á sýrustigi í djúpvatni á háhitasvæðum út frá samsetningu borholuvatns, gufu og gass

Í heitu vatni, einkum háhitavatni, eru veikar sýrur, sem eru í jafnvægi við rokgjörn efni, en þessar sýrur hafa áhrif

á sýrustig vatnsins. Með rokgjörnu efni er átt við efni, sem leysist upp í vatni, en hefur þó miklu meiri tilhneigingu til að leysast upp í lofttegundum, t.d. gufu. Þau rokgjörnu efni, sem hér um ræðir, eru  $\text{CO}_2$  og  $\text{H}_2\text{S}$ . Þegar vatn sýður í borholu, dreifa þessi rokgjörnu efni sér milli vatns og gufu, og eru taldar allar líkur á því, að jafnvægi náist á svipstundu og sé alltaf til staðar í gufuborholum. Þetta jafnvægi má tákna þannig:-

$$A = \frac{n_a^v/n_{\text{H}_2\text{O}}^v}{n_a^g/n_{\text{H}_2\text{O}}^g} \quad (2.12)$$

þar sem  $g$  tákna gasfasa,  $v$  vatnsfasa, a rokgjarnt efni og  $n$  styrk. Gildi jafnvægisstuðulsins,  $A$  er bæði háð hita og þrýstingi. Gildi á  $A$  fyrir  $\text{CO}_2$ ,  $\text{H}_2\text{S}$  og fleiri rokgjörn efni er að finna hjá Ellis (1959), Sillién og Martell (1964) og Helgeson (1969).

Áður en unnt er að reikna út sýrustig djúpvatns, þarf að finna innihald veikra sýra í því, bæði rokgjarnra og órok-gjarnra. Eins og rætt er í 3. kafla, er vatni og gufu safnað í sitt hvoru lagi úr gufuborholum. Þegar gufan er kæld niður við söfnunina, þéttist hún, og þá safnast þétt gufa sér og gas að auki. Í vatninu, sem safnað er, eru veikar sýrur, bæði rokgjarnar og órok-gjarnar. Í þéttivatninu eru einnig rokgjarnar sýrur, sem voru í djúpvatninu, áður en suða hófst, og einnig inniheldur gasið rokgjörn efni, sem mynda veikar sýrur. Heildarinnihald hverrar rokgjarnrar, veikrar sýru í djúpvatninu og anjóna hennar er fundið með því að leggja saman útkomur úr líkingum (2.13) til (2.15), en nánar er fjallað um þessar líkingar í 3. kafla.

$$A = A_1(1 - X_1) \quad (2.13)$$

$$B = B_1 X_1 \quad (2.14)$$

$$C = X_1 \cdot \frac{1 \text{ gas v}/20^\circ\text{C}}{\text{kg péttivatn} \cdot 24.0} \cdot \frac{\% \text{ gas}}{100} \cdot \text{möl.þungi} \cdot 1000 \quad (2.15)$$

$A_1$  táknað rokgjarna eða órokgjarna, veika sýru í vatni safnað við þrýstinginn  $P_1$ .

$B_1$  táknað rokgjarna, veika sýru, uppleysta í péttivatni, sem var safnað við þrýstinginn  $P_1$ .

$C$  táknað rokgjarna, veika sýru, sem hefur myndað hluta af sérstökum gasfasa við þettingu gufu meðan á söfnun stóð.

$X_1$  táknað hluta af gufu í blöndunni, miðað við þunga við þrýstinginn  $P_1$  (sjá jöfnu 0.22). Ef um órokgjarna sýru er að ræða, fæst innihald hennar í djúpvatninu út frá jöfnu (2.13) einni.

Æður en unnt er að reikna út sýrustig djúpvatnsins, þarf auk vitneskju um heildarinnihald veikra sýra í djúpvatninu, vitneskju um kleyfnistuðla þeirra við hita djúpvatnsins og ekvivalent summa anjóna þessara sýra í djúpvatninu. Ekvívalent summa anjóna veiku sýranna í djúpvatninu er sú sama og í vatninu, eftir að suða hefst, að öðru en því sem aukning verður vegna gufutaps við suðuna. Gildir þetta svo lengi sem engin efni falla út úr vatninu. Summa katjóna breytist eins. Ef ekvivalent summa anjónanna tæki nú upp á því að breytast, yrði vatnið hlaðið rafögnum, en slikt verður ekki. Ekvívalent summa anjóna veiku sýranna í djúpvatninu er því fundin með því að finna innihald þeirra í vatninu, sem safnað er við þrýsting  $P_1$  og margfalda þessa summu með  $(1-X_1)$ , sbr. jöfnu (2.16).

$$\Sigma A_1^-(1-X_1) = \Sigma A^- \quad (2.16)$$

$\Sigma A_1^-$  er ekvivalent summa anjóna af öllum veikum sýrum í vatni safnað við þrýstinginn  $P_1$  og  $X_1$  er hluti gufu, miðað við þunga við sama þrýsting,  $\Sigma A^-$  er summa anjóna af veikum sýrum í djúpvatninu.

Til þess að finna þessa summu, þarf að mæla pH og innihald veiku sýranna í vatninu, sem safnað er og reikna síðan, hversu mikill hluti þeirra er klofinn í anjónir út frá mældu pH og gildi viðkomandi kleyfnistuðla. Þær veiku sýrur, sem skipta máli fyrir háhitavtn hér á landi, eru: Kísilsýra ( $H_4SiO_4$ ), kolsýra ( $H_2CO_3$ ), brennisteinsvetni ( $H_2S$ ) og í minna mæli vatn ( $H_2O$ ), bíkarbónat ( $HCO_3^-$ ), bí-súlfíð ( $HS^-$ ) og bórsýra ( $H_3BO_3$ ).

Gerum ráð fyrir því, að þær veiku sýrur, sem hafa áhrif á sýrustig djúpvatnsins, séu kísilsýra ( $H_4SiO_4$ ), kolsýra ( $H_2CO_3$ ), bíkarbónat ( $HCO_3^-$ ), brennisteinsvetni ( $H_2S$ ) og bí-súlfíð ( $HS^-$ ). Þá er sýrustigið fundið með því að leysa saman eftirtaldar jöfnur:

$$(H_3SiO_4^-) + (HCO_3^-) + (CO_3^{--}) + (HS^-) + (S^{--}) = C_0(1-X_1) = C_1 \quad (2.17)$$

$$K_{H_2S} = \frac{(H^+)(HS^-)}{(H_2S)} = C_2 \quad (2.18)$$

$$K_{HS^-} = \frac{(H^+)(S^{--})}{(HS^-)} = C_3 \quad (2.19)$$

$$K_{H_2CO_3} = \frac{(H^+)(HCO_3^-)}{(H_2CO_3)} = C_4 \quad (2.3)$$

$$K_{HCO_3^-} = \frac{(H^+)(CO_3^{--})}{(HCO_3^-)} = C_5 \quad (2.20)$$

$$K_{H_4SiO_4} = \frac{(H^+)(H_3SiO_4^-)}{(H_4SiO_4)} = C_6 \quad (1.3)$$



Gildin á  $C_7$ ,  $C_8$  og  $C_9$ , þ.e. heildarinnihald hinna veiku sýra og anjóna þeirra eru fundin með notkun jafna (2.13), (2.14) og (2.15).

Gildin á  $C_2$  til  $C_6$  við mismunandi hita er að finna á myndum 1.5, 2.1, 2.4, 2.5 og 2.6.  $C_1$  er fundið eins og áður segir. Í viðauka I er leitt út, hvernig þessar jöfnur eru leyistar saman, og fæst þar eftirfarandi líking:

$$\frac{C_7(H^+) + C_3C_7}{\frac{1}{C_2}(H^+)^2 + (H^+) + C_3} + \frac{C_8(H^+) + C_5C_8}{\frac{1}{C_4}(H^+)^2 + (H^+) + C_5} + \frac{C_6C_9}{(H^+) + C_6} = C_1 \quad (2.24)$$

Auðveldast er að finna  $(H^+)$  í jöfnu (2.24) með iteration, en telja verður nokkuð öruggt, að  $(H^+)$  liggi á milli  $10^{-5}$  og  $10^{-9}$ .

## 2.5 Útreikningur á sýrustigi vatns við mismunandi þrýsting mettaðrar vatnsgufu

Tilgangur þessara reikninga varðar fyrst og fremst rannsóknir á útfellingum kalsíts og kísils í gufuborholum eða leiðslum, sem flytja háhitavatn.

Þegar háhitavatn með samsetningu eins og gerist hér á landi sýður, fara kolsýra og brennisteinsvetni að miklu leyti í gufuna. Skiptir ekki máli, hvort suðan á sér stað í borholu eða berggrunni. Kolsýran og brennisteinsvetnið eru í jafnvægi við bíkarbónat og bíslúfið í vatninu, bæði áður en suða hófst og á eftir. Þessum jafnvægjum er lýst með jöfnum (2.3) og (2.18).

$$K_{H_2CO_3} = \frac{(H^+)(HCO_3^-)}{(H_2CO_3)} \quad (2.3)$$

$$K_{H_2S} = \frac{(H^+)(HS^-)}{(H_2S)} \quad (2.18)$$

Gildin á  $K_{H_2CO_3}$  og  $K_{H_2S}$  eru háð hita, sbr. myndir 2.1 og 2.4.

Sú breyting verður við suðuna, að innihald  $H_2S$  og  $H_2CO_3$  ( $CO_2 + H_2O$ ) í vatninu minnkar, og verða því aðrar breytingar að gerast samhliða, ef jafnvægi á að haldast samkvæmt jöfnum (2.3) og (2.18). Til greina kemur, að  $(HCO_3^-)$  og  $(HS^-)$  minnki að sama skapi og  $(H_2CO_3)$  og  $(H_2S)$  minnkar við að fara í gufuna, eða þá að  $(H^+)$  minnki (pH stækki). Við nánari athugun sést, að  $(HCO_3^-)$  og  $(HS^-)$  geta ekki minnkað við suðuna. Ekvívalent summa þeirra og annarra anjóna veikra sýra hlýtur þvert á móti að hafa aukizt um  $1-X_1$ , þegar þrýstingur er  $P_1$ , ef jafnvægi á að haldast milli hleðslna anjóna og katjóna. Þessi aukning verður ekki með öðrum hætti en þeim, að  $(H^+)$  hlýtur að minnka við suðuna.

Í djúpvatni á háhitasvæðum er sýrustig alla jafna það lágt, að hverfandi hluti uppleystrar kísilsýru í því er klofinn, og ráða veiku sýrurnar, kolsýra og brennisteinsvetni, mestu um sýrustigið. Við suðuna hækkar sýrustigið þó svo,

að talsverður hluti kísilsýrunnar klofnar, og fer sýrustigið hækkandi eftir því sem meiri gufa myndast við suðu. Þar sem ný veik sýra kemur inn í dæmið við suðuna, er ekki auðvelt að spá um bíkarbónat ( $\text{HCO}_3^-$ ) og bíslífið ( $\text{HS}^-$ ) innihald vatnsins við mismunandi þrýsting, með því að margfalda með  $(1-X_1)$ , heldur koma til tiltölulega flóknir útreikningar.

Þessum útreikningum svipar mjög til útreikninganna hér að framan fyrir sýrustig ( $\text{H}^+$ ) djúpvatns. Eins og áður, er nauðsynlegt að þekkja gildin á  $C_1$  til  $C_6$  og  $C_8$  (jöfnur 2.17, 2.18, 2.19, 2.3, 2.20, 1.3 og 2.23). Í stað  $C_7$  og  $C_9$  (jöfnur 2.21 og 2.22) koma aðrar jöfnur, sem taka tillit til þess, að hluti hinna veiku sýra er í gufufasa, en hluti í vatnsfasa, nefnilega:-

$$[(\text{H}_2\text{S}) + (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--})](1-X) + (\text{H}_2\text{S})X = C_7 \quad (2.25)$$

$$\text{eða } (\text{H}_2\text{S}) + (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--}) + \text{H}_2\text{S} \frac{X}{1-X} = \frac{C_7}{1-X} = \bar{C}, \quad (2.25a)$$

$$\text{og } [(\text{H}_2\text{CO}_3) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--})](1-X) + (\text{CO}_2)X = C_8 \quad (2.26)$$

$$\text{eða } (\text{H}_2\text{CO}_3) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--}) + (\text{CO}_2) \frac{X}{1-X} = \frac{C_8}{1-X} = \bar{C}_8 \quad (2.26a)$$

Hér er  $\text{CO}_2 = \text{H}_2\text{CO}_3$ .

Út frá jöfnum (2.25) og (2.26) er ekki unnt að sjá, hversu mikill hluti  $\text{H}_2\text{S}$  og  $\text{H}_2\text{CO}_3$  er í vatninu annars vegar og gufunni hins vegar, en eftirfarandi líkingar segja til um það samband:

$$A_{H_2S} = \frac{n_{H_2S}^v / n_{H_2O}^v}{n_{H_2S}^g / n_{H_2O}^g} \approx \frac{x_{H_2S}^1}{x_{H_2S}^v} \quad (2.27)$$

og

$$A_{CO_2} = \frac{n_{CO_2}^v / n_{H_2O}^v}{n_{CO_2}^g / n_{H_2O}^g} \approx \frac{x_{CO_2}^1}{x_{CO_2}^v} \quad (2.28)$$

Gildin á  $A_{CO_2}$  og  $A_{H_2S}$  eru háð hita, eins og sést af mynd 2.3.

Gildið á ( $H^+$ ) í vatni, sem er í jafnvægi við mettaða vatnsgufu, fæst svo með því að leysa saman eftirtaldar 11 jöfnur: (2.17, 2.18, 2.19, 2.3, 2.20, 1.3, 2.23, 2.25, 2.26, 2.27 og 2.28). Í viðauka I er leitt út, hvernig þessar jöfnur eru leystar saman, og fæst þar eftirfarandi líking:

$$\frac{a_1(H^+) + a_2}{a_3(H^+)^2 + (H^+) + C_3} + \frac{b_1(H^+) + b_2}{b_3(H^+)^2 + (H^+) + C_5} + \frac{C_2}{(H^+) + C_6} = d \quad (2.29)$$

$$a_1 = \frac{C_7}{(1-X_1)}$$

$$a_2 = \frac{C_7}{(1-X_1)} \cdot C_3$$

$$a_3 = (1 + \frac{X_1}{(1-X_1)} \cdot \frac{n_{H_2O}^g}{n_{H_2O}^v A_{H_2S}}) \frac{1}{C_2}$$

$$b_1 = \frac{C_8}{(1-X_1)}$$

$$b_2 = \frac{C_8}{(1-X_1)} \cdot C_5$$

$$b_3 = \left( 1 + \frac{x_1}{(1-x_1)} \cdot \frac{n_{CO_2}^g}{n_{CO_2}^v A_{CO_2}} \right) \frac{1}{C_4}$$

$$C_2 = \frac{C_9}{(1-x_1)} \cdot C_6$$

$$d = \frac{C_1}{(1-x_1)}$$

Eins og áður, er auðveldast að finna  $(H^+)$  úr jöfnu (2.29) með iteration, en allar líkur eru á, að  $(H^+)$  sé milli  $10^{-6}$  og  $10^{-10}$ .

### 3. ÚTREIKNINGUR Á SAMSETNINGU DJÚPVATNS 1 GUFUBORHOLUM

#### 3.1 Söfnun sýna og útreikningur á varmainnihaldi

Við söfnun sýna úr gufuborholum eru jafnan notaðar litlar skiljur af þeirri gerð, sem sýnd er á mynd 3.1. Þessar skiljur byggja á því, að gufan safnast efst í hana, en vatnið neðst vegna eðlisþungamunar. Það þarf ætíð að hafa það í huga við söfnun úr gufuborholum, að tveir fasar, vatn og gufa, eru í leiðslunni, sem safnað er úr, og það er háð ytri aðstæðum, hvernig þessir fasar blandast saman.

Ennfremur breytist hlutfall fasanna, miðað við þunga, þegar þrýstingur breytist. Um suðu í borholum var fjallað í kafla 0.4. Í skýrslu til Orkustofnunar eftir Sveinbjörn Björnsson og Sigurð Benediktsson (1968) er fjallað ítarlega um flæði eða streymisgerð í gufuborholum og útstreymisæð þeirra. Gerð streymisins fer mjög eftir hlutfalli vatns og gufu, en þetta hlutfall er aftur háð innstreymishita í borholuna og þrýstingi í útstreymisæðinni. Eins og fram kemur í ofannefndri skýrslu, er almennt talið, að greina megi rennslisgerð vatns-gufublöndunar í eftirfarandi 5 flokka:

- 1) Bólustreymi. Gufan myndar bólur í vatninu.
- 2) Lagstreymi. Í láréttum útstreymisæðum leggst lag af vatni á botn pípunnar, en gufa streymir yfir.
- 3) Bylgjustreymi. Vatn kemur í bylgjum og fyllir þversnið pípunnar, en þess á milli streymir gufa.
- 4) Kápustreymi. Vatnið myndar kápu innan á pípunni um gufustrauminn, sem þó flytur nokkuð af vatnsdropum.
- 5) Dropastreymi. Vatn er eingöngu í dropum, sem berast með gufu.

Við söfnun er nauðsynlegt að hafa það í huga, að gerð streymis getur breytzt, ef blandan fer í gegnum þrengingar og beygjur.

Um staðsetningu söfnunarskilju frá ventlum og enda útstreymisæðar vitnast í skýrslu Sveinbjörns Björnssonar og Sigurðar Benediktssonar (1968).

Fyrir söfnun á marktæku (representative) sýni er bezt, að hlutfall gufu og vatns, sem streymir inn í skiljuna, sé hið sama og í útstreymisæðinni, þar sem skiljan er tengd við hana, þ.e. samsvari þeim þrýstingi, sem þar er, og innstreymishita vatnsins í borholuna. Þá er ekki hætta á, að annaðhvort vatn eða gufa fylli skiljuna, meðan á söfnun stendur. Annars er nægilegt við söfnunina, að ofannefnd samsvörun gildi, svo fremi sem vatn og gufa eru í varmafræðilegu jafnvægi við innstreymið í skiljuna, þó svo að hlutfall vatns og gufu sé ekki það, sem ákveðst af varmainnihaldi blöndunnar og þrýstingi við innstreymið á skiljuna.

Telja má fullvist, að unnt sé að safna marktæku sýni úr borholu, þar sem dropastreymi eða bylgjustreymi er í útstreymisæðinni. Aftur á móti getur verið örðugt að safna marktækum sýnum, ef um kápustreymi er að ræða, og þó sér í lagi lagstreymi. Bólustreymi skiptir varla máli fyrir gufuborholur, þar sem langmestur hluti rúmmálsins í útstreymisæðum slikra hola er gufa.

Eftir að skiljan hefur verið skrúfuð á útstreymisæðina, skal hafa hana fullopna í u.p.b. 10 mínútur, til þess að hún hreinsist. Síðan er skrúfað fyrir skiljuna og tekinn aflestur af þrýstimælinum, sem er efst á henni. Athugum fyrst, þegar vatni er safnað. Tveir neðstu kranar skiljunnar eru fullopnaðir (raunar er nóg að hafa annan kranann opinn). Síðan er vatnskraninn opnaður örlítið og gufukraninn það mikið, að tryggilegt sé, að gufan sé vel blaut. Auðvelt er að prófa, hvort gufan sé blaut, með því að stinga hendinni í strauminn. Ennfremur verður bunan jafnbreið nokkra fjarlægð frá stútnum, ef gufan er mjög blaut. Þurr gufa er aftur á móti vart sjáanleg rétt við stútinn

og lögun bununnar frá stútnum eins og skúfur eða keila. Gæta verður þess vandlega, að þrýstingurinn falli sem minnst, þegar skiljan er opnuð, miðað við þrýstinginn, þegar hún var lokuð. Eðlilega verður þrýstingsfallið alltaf eitthvað, en ætti ekki að vera meira en  $0.1 \text{ kp/cm}^2$ . Ef þrýstingsfall verður sem einhverju nemur, verður suða í skiljunni og hætta á, að hún vinni ekki sem skildi við aðskilnað gufu- og vatnsfasanna, sem inn í hana streyma. Af þessum ástæðum verður rennsli alltaf fremur hægt í gegnum skiljuna og veldur því, að söfnun er heldur tímafrek. Ástæðan fyrir því, að gufan er höfð blaut við söfnun vatns er sú, að þá er tryggt, að ekki kemur gufa með vatninu, sem safna skal. Að gufan sé blaut, þýðir, að rennsli út um vatnsstút skiljunnar er svo takmarkað með krananum, að stúturinn tekur ekki við öllu því vatni, sem kemur inn í skiljuna. Aftur á móti er gufustúturinn það mikið opinn, að hann tekur við meiri gufu en kemur inn í skiljuna. Við þessar aðstæður er skiljan að mestu fyllt af vatni (sjá mynd 3.1). Þegar skiljan hefur verið stillt, er slöngu smeygt upp á vatnsstútinn og hún fest með hosuklemmu, en í hinn endann er slangan tengd við kælispiral. Áður en slangan er tengd við, er gott að ganga úr skugga um, að kælingin sé í lagi. Þá skal láta rennsli kælivatnsins vera öfugt við rennsli vatnsins úr skiljunni, svo að kæling verði sem bezt. Við venjulegar aðstæður (kælivatn rennur úr turni í 1 m hæð) á að nást kæling á holuvatnini niður í u.p.b.  $30^\circ\text{C}$ . Gott er að láta holuvatnið blása nokra stund gegnum slönguna og kælispiralin, áður en kælivatnið er sett á. Þá sýður vatnið og hreinsar slöngu og spíral vel. Eftir að sýninu hefur verið safnað, er fyrst lokað fyrir skiljuna, hún aftengd og loks skrúfað fyrir kælivatnið. Þá skal það að lokum nefnt, að gamlir kranar á skiljum geta hreyfzt við titring á útstreymisæðinni, sem skiljan er skrúfuð við og öll stilling því farið úr skorðum. Ofan á útstreymisæðinni við skiljuna er þrýstimælir, og aflestur af honum gefur

söfnunarþrýstinginn, enda sá sami og í skiljunni, ef þrýstifall í henni er hverfandi, en svo þarf að vera. Nauðsynlegt er að kvarða þennan þrýstimæli eftir hverja notkun eða hvern dag.

Athugum næst söfnun á gufu (þéttivatni) og gasi. Eins og áður, ber að varast það, að þrýstingur falli, sem neinu nemur í skiljunni. Fyrst er slangan frá kælispiralnum tengd við annan af neðstu krönunum á skiljunni og kraninn hafður lokaður. Hinn kraninn er fullopnaður, en vatns- og gufukrönunum er lokað. Þá er vatnskraninn opnaður örlítið aftur og síðan gufukraninn og hann stilltur, unz fengizt hefur þurr gufa út um opna neðsta stútinn. Ef gufan er blaut, þarf að herða aðeins að krananum. Við söfnun gufu og gass er skiljan því þannig stillt, að tiltölulega lítið vatn er í henni, og gufa kemur með vatninu gegnum vatnskranann. Eftir að þurr gufa hefur fengizt, er neðsti kraninn, sem slangan er tengd við, fullopnaður, en hinum, sem gufan streymdi út um, lokað. Gufan er síðan látin streyma nokkra stund gegnum slönguna og kælispiralinn til að hreinsa hvort tveggja, en þá er kælivatnið sett á. Við kælinguna þéttist gufan, en ekki aðrar gastegundir, eins og  $\text{CO}_2$ ,  $\text{H}_2\text{S}$  og  $\text{H}_2$ , sem fylgja gufunni. Koma því tveir fasar, þéttivatn og gas, út úr kælispiralnum. Þéttivatninu skal safna á gastúbu, sem sett er upp á slöngu, sem tengd er kælispiralnum. Þegar gasi er safnað, skal gastúba fyrst fyllt af þéttivatni, henni snúið við, og gasið látið reka vatnið út. Gera má ráð fyrir, að þéttivatnið sé í jafnvægi við gasið, og breytist samsetning gassins því ekki við þessa söfnunaraðferð, en slikt gæti skeð, ef holuvatn, yfirborðsvatn eða annað vatn væri fyrst sett í túbuna til að losna við andrúmsloftið úr henni. Loks er nauðsynlegt að mæla það rúmmál þéttivatns, sem kemur með hverjum lítra gass og hita þéttivatnsins. Er þá gert ráð fyrir, að hiti þéttivatnsins sé sá sami og gassins. Þegar hiti

gassins er þekktur, má auðveldlega finna, hversu mörg mól eru í rúmmálseiningu. Rúmmál þéttivatnsins er mælt á eftirfarandi hátt:

Þéttivatnið er látið renna í flösku um leið og gasið rekur það út úr túbunni. Þegar túban er full, hefur safnáztt þéttivatn í flöskuna, sem samsvarar því, er kom með gasinu og að auki rúmmáli gastúbunnar. Kæling á þéttivatni og gasi getur verið a.m.k. jafngóð og á holuvatni, eða  $30^{\circ}\text{C}$ . Til þess að þurr gufa fáist, þarf jafnan að vera dræmt rennsli í gegnum skiljuna, og er söfnun því fremur tímafrek, en kæling að sama skapi góð. Nauðsynlegt er að fá góða kælingu, ef góð gassýni eiga að nást. Sé gasinu safnað heitu, skapar síðari kæling við geymslu undirþrýsting í túbunni, og er þá aukin hætta á því, að andrúmsloft komist inn í hana.

Ekki er óhátt að treysta því, að þéttivatn, sem safnað er, sé hrein gufa, heldur getur eitthvað holuvatn alltaf borizt með gufunni sem dropar. Með því að mæla styrk einhvers órokjarns efnis í þéttivatninu, má finna, hversu mikill hluti af því er holuvatn og hversu mikill hluti gufa. Eðlilega þarf að þekkja styrk þessa efnis í holuvatninu við sama þrýsting og gufunni er safnað við. Ef holuvatnið er salt, er bezt að nota klóríð, annars natrium.

Leiðréttning fyrir íblöndun holuvatns í gufu er skýrð með eftirfarandi dæmi: Styrkur órokjarna efnisins í holuvatninu er  $A_0$ , en í þéttivatninu  $A_1$ . Þá er hluti holuvatns í þéttivatninu  $\frac{A_1}{A_0}$  og hluti gufu því

$$1 - \frac{A_1}{A_0} \quad (3.1)$$

Tilgangurinn með því að gera sér grein fyrir, hvort þétti-vatnið sé blandað holuvatni, er tvíþættur. Í fyrsta lagi þarf að leiðréttta mælt þéttivatn, sem kemur með rúmmáls-einingu af gasi, en þá fást réttar upplýsingar um hlutfall gufu og gass við söfnunarþrýstinginn. Í öðru lagi þarf að leiðréttta fyrir styrk rokgjarnra efna, sem fara í þétti-vatnið, þegar gufan þéttist og eru ekki ættuð úr holuvatninu. Þessi rokgjörnu efni eru total CO<sub>2</sub> og total H<sub>2</sub>S, og gerir það leiðrétttinguna heldur flóknari, að styrkur þessara efna í holuvatninu er talsverður. Við þessa leiðréttingu er hluti þéttivatns fyrst fundinn, og þar á eftir er styrkur rokgjarnra efna ættuð úr gufunni, reiknaður út frá eftirfarandi líkingu:

$$A_v \left( \frac{A_1}{A_0} \right) + A_g \left( 1 - \frac{A_1}{A_0} \right) = A_p \quad (3.2)$$

A<sub>v</sub> er styrkur rokgjarna efnisins A í holuvatninu, sem er mældur, A<sub>g</sub> er styrkur rokgjarna efnisins A gufunni, en það er stærðin, sem finna skal. A<sub>p</sub> er svo styrkur rokgjarna efnisins í þéttivatninu, aftur mælt gildi.

Ekki skal fjallað ítarlega um mælingar á varmainnihaldi vatns- og gufublöndu í borholum, heldur er vitnað í Sveinbjörn Björnsson og Sigurð Benediktsson (1968). Til eru margar aðferðir til mælinga á varmainnihaldi, en þær, sem mest hafa verið notaðar hér til dregna á rannsóknarborholur hin síðustu ár, er svonefnd gasaðferð, og varmainnihald fundið út frá kísilhita. Um kísilhita er fjallað sér-staklega í 1. kafla þessarar skýrslu. Gasaðferðin er útskýrð í fyrrnefndri skýrslu.

Vissulega má fá hugmynd um varmainnihald gufuborhola með beinni hitamælingu. Slik mæling gefur nákvæma niðurstöðu, meðan vatn kemur inn í holuna úr aðeins einni að. Aftur

á móti er sein hitamæling gagnslítil, ef inn í holuna streymir misheitt vatn úr mörgum æðum. Varmainnihald fundið út frá kísilhita er nokkuð nærri lagi, þó svo að misheitar æðar gefi vatn inn í holuna, ef hitabilið er ca.  $220-270^{\circ}\text{C}$ . Þetta er vegna þess að á þessu hitabili er uppleysanleikaferill kvars nálægt því að vera bein lína. Nákvæmni í mælingu á að vera  $\pm 3$  kkal/kg. Kísilhitaaðferðin er ekki mjög nákvæm, ef vatn á hitabilinu  $250-300^{\circ}\text{C}$  kemur inn í holuna og fer nákvæmnin versnandi með vaxandi hita.

Varmainnihald er fundið út frá kísilhita á eftirfarandi hátt: Fyrst er kísilinnihald vatnsins mælt, sem safnað er við þrýstinginn  $P_1$ . Síðan er reiknað, hversu mikið kísilinn eykst við suðu frá söfnunarþrýstingnum niður í 1 loftþyngd ( $P_3$ , hiti  $100^{\circ}\text{C}$ ), og er það gert með því að leysa jöfnur (3.3) og (3.4).

$$h_1 = h_3 + X_3 L_3 \quad (3.3)$$

$$\frac{\text{SiO}_2_{P_1}}{1 - X_3} = \text{SiO}_2_{P_3} \quad (3.4)$$

Í jöfnu (3.3) táknað  $h_1$  varmainnihald vatnsins við þrýstinginn  $P_1$ , en þetta varmainnihald fæst úr gufutöflum út frá hinum mælda þrýstingi,  $P_1$ .  $h_3$  er varmainnihald vatnsins við  $P_3$  ( $100^{\circ}\text{C}$ ) og  $L_3$  uppgufunarvarmi við sama þrýsting.  $X_3$  er sá hluti gufu, sem hefur myndazt við suðu frá þrýstingnum  $P_1$  í  $P_3$ . Í jöfnu (3.4) táknað  $\text{SiO}_2_{P_1}$  kísilinnihald í vatninu við þrýstinginn  $P_1$  og  $\text{SiO}_2_{P_3}$  kísilinnihald við þrýstinginn  $P_3$ . Á mynd 1.6 er sýndur ferill, sem sýnir kísilinnihald vatns, sem var í jafnvægi við kvars, en hefur soðið niður í  $100^{\circ}\text{C}$ . Með því að sjá, hvaða hita kísilinnihald vatnsins ( $\text{SiO}_2_{P_3}$ ) úr jöfnu (3.4) samsvarar, fæst kísilhitinn. Varmainnihald, sem samsvarar þessum hita,

fæst úr gufutöflum (sjá mynd 3.2).

Jafna (3.3) er ekki alveg rétt, heldur fengin með nálgun, á líkingu (0.22)

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 = h_2 + X_2 L_2 \quad \text{og} \quad (0.22)$$

$$h_1 = h_2 + X_2 L_2 - X_1 L_1 \quad (0.22a)$$

Ef  $h_2$  er varmainnihald við  $100^{\circ}\text{C}$  og  $L_2$  þá uppgufunarvarmi við sama hita, er  $h_3 = h_2$  og  $L_3 = L_2$ , sjá jöfnur (3.3) og (0.22a)  $X_3 = X_2 - X_1$ , þ.e.a.s. gufutap frá þrýstingnum  $P_1$  í  $P_2$ . Ef  $L_2$  er u.p.b. jafnt og  $L_1$  fæst út frá líkingu (0.22a)

$$h_1 = h_2 + (X_2 - X_1) L_2 \quad \text{eða}$$

$$h_1 = h_3 + X_3 L_3$$

Uppgufunarvarmi breytist nokkuð með þrýstingi. Venjulega er  $P_1$  (söfnunarþrýstingur) ekki hærri en 12-13 ata, og veldur skekkja af nálgun í jöfnu (3.3) við þennan þrýsting u.p.b. 1.3% af lágu gildi á  $\text{SiO}_2 P_3$  í jöfnu (3.4). Eftir því sem  $P_1$  lækkar, fer þessi skekkja minnkandi, en er þó upp undir 1% við 3 ata. Skekkjan er óháð innstreymishita. Á hitabilinu  $220-290^{\circ}\text{C}$  veldur nálgunin í jöfnu (3.3) u.p.b.  $1^{\circ}\text{C}$  skekkju í áætlun á kísilhita, en hækkar við lægri hita og er nálægt  $1.5^{\circ}\text{C}$  við  $200^{\circ}\text{C}$ . Þessi skekkja er óveruleg og nálgunin fyllilega réttmæt.

Tafla 3.1 Skekkja í  $\text{SiO}_2\text{P}_3$  vegna nálgunar  
( $L_2 = L_1$ ) í líkingu (3.3)

<u>Skekkja, % (<math>\text{SiO}_2</math> ppm)</u>	<u>Söfn. þrýst. ata</u>
-1.24	12.5
-1.17	10.0
-1.17	7.5
-1.10	5.0
-0.75	2.5
-0.27	1.5
0.00	1.0

3.2 Innihald órok gjarnra efna

Þegar varmainnihald vatns- og gufublöndunnar er fengið, er auðvelt að reikna út innihald (styrk) órok gjarnra efna í djúpvatninu, eftir að innihald þeirra hefur verið mælt í vatninu við söfnunarþrýstinginn  $P_1$ . Raunar er auðvelt að finna styrk órok gjörnu efnanna við hvaða þrýsting sem er, en ekki bara djúpvatnið. Við útreikningana er gert ráð fyrir innrænni suðu, þ.e. vatnið kólnar sem samsvarar þeirri orku, er fer í gufumyndunina (uppgufunarvarminn). Eftirfarandi líking gildir fyrir innræna suðu:

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 = h_2 + X_2 L_2 \quad (0.22)$$

þar sem  $h_0$  táknað varmainnihald djúpvatnsins, áður en suða hófst, en  $h_1$  varmainnihald vatns við þrýstinginn  $P_1$ ,  $X_1$  hluta gufu og  $L_1$  uppgufunarvarma við sama þrýsting. Samsvarandi gildir fyrir þrýstinginn  $P_2$ .

Dæmi:

Styrkur  $\text{Cl}^-$  við  $P_1 = 7.5$  ata mældist 38.0 ppm. Hver er styrkur  $\text{Cl}^-$  við  $100^\circ\text{C}$  og í djúpvatninu, ef innstreymishiti er  $260^\circ\text{C}$ ?

Varmainnihald vatns í jafnvægi í gufu við 7.5 ata er 168.5 kkal/kg samkvæmt gufutöflum. Varmainnihald vatns við  $260^\circ\text{C}$  er 270.9 kkal/kg. Uppgufunarvarmi við 7.5 ata er 491.1 kkal/kg

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 \quad (0.22)$$

$$270.9 = 168.5 + X_1 491.1$$

$$X_1 = \frac{270.9 - 168.5}{491.1} = 0.208$$

$$\text{Cl}^- \text{ í djúpvatni} = 38.0 (1 - 0.208) = 30.1 \text{ ppm}$$

$$270.9 = 100.1 + X_2 538.7$$

$$X_2 = \frac{270.9 - 100.2}{538.7} = 0.317$$

$$\text{Cl}^- \text{ við } 100^\circ\text{C} = \frac{30.1}{1 - 0.317} = 44.1 \text{ ppm}$$

### 3.3 Innihald rokgjarnra efna

Þegar finna skal innihald rokgjarnra efna í djúpvatni, þarf að taka tillit til þess, að þessi rokgjörnu efni dreifa sér milli vatns og gufu eftir ákveðnum jafnvægjum, en fjallað verður um þau jafnvægi í næsta lið þessa kafla. Er því nauðsynlegt að mæla hvert þessara rokgjörnu efna í

vatninu, sem safnað er við þekktan þrýsting, svo og þétti-vatninu og gasinu, en talsverður hluti af hinum rokgjörnu eftum leysast upp í þéttivatninu, þegar gufan er kæld við söfnunina. Innihald ákveðins rokgjarns efnis er svo fundið með því að margfalda mældan styrk í vatni og þétti-vatni með hlutfalli þeirra í blöndunni. Sama þarf að gera við gasið og margfalda auk þess með lítrum (þ.e. mólum) gass með hverju kg af þéttivatni og leggja allt saman (sjá jöfnur 2.13, 2.14 og 2.15). Þau rokgjörnu efni, sem fyrst og fremst skipta máli fyrir háhitavatn hér á landi, eru brennisteinsvetni og kolsýra, en ammóniak getur einnig verið áhugavert, þótt það hafi lítt verið mælt í þessu vatni.

Dæmi: Vatni, þéttivatni og gasi er safnað við 7.5 ata. Innstreyymishiti í borholu er  $260^{\circ}\text{C}$ . Heildarkarbónat í vatninu mældist 16 ppm  $\text{CO}_2$ , í þéttivatninu 400 ppm  $\text{CO}_2$  og 40% af gasinu var  $\text{CO}_2$ , en með hverju kg þéttivatns kom 1 l af gasi við  $20^{\circ}\text{C}$ . Hvert er heildarkarbónat-innihald djúpvatnsins?

Varmainnihald  $260^{\circ}\text{C}$  heits vatns er 270.9 kkal/kg og varmainnihald vatnsins við söfnunarþrýstinginn er 168.5 kkal/kg. Þessar upplýsingar fást úr gufutöflum.

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1$$

$$270.9 = 169.5 + X_1 491.1$$

$$X_1 = \frac{270.9 - 168.5}{491.1} = 0.208 \text{ (hluti gufu í blöndu)}$$

$$(1 - X_1) = 0.792 \text{ er því hluti vatnsins í blöndunni.}$$

Það  $\text{CO}_2$ , sem upphaflega var í djúpvatninu, hefur skipt sér þannig milli vatns, þéttivatns og gass:

vatn  $16(1 - X_1) = 12.7$  ppm CO<sub>2</sub>

þéttivatn  $400 \cdot X_1 = 83.2$  ppm CO<sub>2</sub>

gas  $\frac{40}{100} X_1 \frac{1}{24.0} \cdot 44 \cdot 1000 = 152.5$  ppm CO<sub>2</sub>

Heildarkarbónat í djúpvatninu er því  $12.7 + 83.2 + 152.5 = 248.4$  ppm CO<sub>2</sub>.

Við útreikninginn á CO<sub>2</sub>-hlutanum í gasinu er fyrsti liðurinn (40/100) hundraðshluti CO<sub>2</sub> af öllu gasinu, þriðji liðurinn (1/24.0·44) breytir því rúmmáli gass (1 l), sem kemur með 1 kg af þéttivatni í grömm og 1000-liðurinn breytir síðan grömmum/kg í mg/kg, eða ppm CO<sub>2</sub>.

Þær tölur, sem valdar voru í dæminu að ofan, eru svipaðar þeim, sem mælast í borholum í Námafjalli og á Nesjavöllum, og sýna þær, hvernig búast má við, að CO<sub>2</sub> dreifist milli vatns, þéttivatns og gass. Svipað er að segja um H<sub>2</sub>S, nema hvað tiltölulega hærri hluti helzt í vatninu, miðað við CO<sub>2</sub>.

Ef gasinu og þéttivatninu væri safnað við annan hita en 20°C, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að reikna rúmmál 1 móls af gasi við þann hita. Við 20°C tekur 1 mól af gasi 24.0 lítra.

### 3.4 Dreifing rokgjarnra efna milli vatns og gufu við mismunandi þrýsting

Rokgjörn efni eru þau efni nefnd, sem hafa meiri tilhneigingu til að leysast upp í lofttegundum en vökvum, hér gufu fremur en vatni. Þessi efni hafa stundum verið kölluð reikul efni. (Enska orðið er volatile compounds eða aðeins volatiles.)

Dreifingarhlutfall rökgjarnra efna milli vatns og gufu er almennt táknað með eftirfarandi líkingu:

$$A = \frac{n_a^V/n_{H_2O}^V}{n_a^g/n_{H_2O}^g} \quad (2.12)$$

$n_{H_2O}^g$  og  $n_{H_2O}^V$  tákna fjölda móla (m) vatns í gufu og vatnsfasa og  $n_a^V$  og  $n_a^g$  á sama hátt fjölda móla af rokgjarna efninu (a), sem leysist upp í gufu annars vegar og vatni hins vegar (sjá Ellis 1959).

Þau rokgjörnu efni, sem fyrst og fremst skipta máli fyrir heitt vatn, eru kolsýra ( $CO_2$ ), brennisteinsvetni ( $H_2S$ ), ammóniak ( $NH_3$ ), vetni ( $H_2$ ) og köfnunarefni ( $N_2$ ). Ekki þarf að fjalla sérstaklega um vetni og köfnunarefni. Uppleysanleiki þeirra er hverfandi í vatni, miðað við gufu. Hin þrjú efnin eru áhugaverðari að því leyti, að þau eru talsvert uppleysanleg í vatni, miðað við gufu, og öll eru veikir basar eða sýrur, og veldur flutningur þeirra úr vatni í gufu, sem stafar af suðu, þess vegna breytingum á sýrustigi vatnsins. Núverandi vitneskja bendir til þess, að styrkur ammóniaks sé það lágor í háhitavatni hér á landi, að áhrif þessara efna séu lítil eða hverfandi á breytingar á sýrustigi vatns við suðu. Áhrif kolsýru og brennisteinsvetnis skipta þeim mun meira máli.

Gildið á A (dreifihlutfallsstuðullinn) er háð hita og gildi fyrir  $A_{CO_2}$  og  $A_{H_2S}$  er að finna hjá Ellis (1959) og Helgeson (1969) (mynd 2.3). Þá skal þess einnig getið, að selta minnkar uppleysanleika gastegunda í vatni, en vaxandi þrýstingur vinnur á móti seltunni, og þyrfti að taka tillit til þess við útreikninga, sem dreifihlutfallsstuðullinn kemur inn í. Aðeins er fjallað um leysanleika gastegunda í söltum vatnslausnum af Ellis (1959).

Eins og sést af mynd 2.3, minnkar  $A_{CO_2}$  og  $A_{H_2S}$  með fallandi hita. Þetta þýðir, að  $CO_2$  og  $H_2S$  fara minnkandi í vatninu, eftir því sem suða heldur áfram að lægri þrýstingi og hita. Að sama skapi vex pH vatnsins nokkuð. Af þessum ástæðum er  $CO_2$  og  $H_2S$  innihald vatns safnað við 100°C eða 1 loftþyngd nokkru lægra en í vatni safnað úr skilju við hærri þrýsting. Á hinn böginn er pH heldur hærra í vatni safnað við 1 loftþyngd en hærri þrýsting.

Útreikningar, þar sem dreifihlutfallsstuðlar koma inn í, skipta fyrst og fremst máli, þegar reikna skal sýrustig vatns, sem er í jafnvægi við mettaða vatnsgufu við mismunandi þrýsting.

Svo að unnt sé að segja sem nákvæmast fyrir um útfellingu kísils í borholum, þarf að þekkja sýrustig vatnsins í jafnvægi við mettaða vatnsgufu sem fall af hita (og þrýstingi). Til þess að segja fyrir um kalsítútfellingar, skiptir það mestu máli, hversu nákvæmlega er unnt að reikna ofangreint samband sýrustigs og hita. Sérstaklega var fjallað um þessa sýrustigsútreikninga í kafla 2.5.

4. HEGÐUN NOKKURRA JÓNA Í LAUSN, SEM  
MYNDA SÖLT VIÐ ÚTFELLINGU

Heitt vatn er jafnan mettað af kalsíti ( $\text{CaCO}_3$ ), stundum af anhýdríti ( $\text{CaSO}_4$ ) og einstöku sinnum flúoríti ( $\text{CaF}_2$ ). Þegar mettun er til staðar, takmarkar uppleysanleiki þessara salta styrk, eða öllu heldur virkni  $\text{Ca}^{++}$ ,  $\text{CO}_3^{--}$ ,  $\text{SO}_4^{--}$  og  $\text{F}^-$  í vatninu, á þann hátt sem jöfnurnar að neðan gefa til kynna:

$$K_{\text{CaCO}_3} = (\text{Ca}^{++})(\text{CO}_3^{--}) \quad (4.1)$$

$$K_{\text{CaSO}_4} = (\text{Ca}^{++})(\text{SO}_4^{--}) \quad (4.2)$$

$$K_{\text{CaF}_2} = (\text{Ca}^{++})(\text{F}^-)^2 \quad (4.3)$$

Gildi jafnvægisstuðlanna er háð hita, eins og sést af myndum 4.1 til 4.3, og minnkar uppleysanleikinn með hita. Anhýdrít er leysanlegast, en kalsít torleysanlegast, nema við lágan hita, þegar leysanleiki þess er svipaður og flúoríts.

$\text{Ca}^{++}$  í heitu vatni hérlendis er komið úr feldspötum, pýroxeni eða gleri við útskolu og ummyndun þessara steintegunda. Í sumu söltu vatni getur hluti  $\text{Ca}^{++}$  verið ættaður úr sjó.  $\text{CO}_3^{--}$  er komið að nokkru úr andrúmsloftinu, en að nokkru við útskolu úr bergen, en í bergen mun kolefni að mestu bundið sem kolsýra ( $\text{CO}_2$ ). Súlfat er líklega að mestu útskolað úr feldspötum, þar sem  $\text{SO}_4^{--}$  staðgengur fyrir  $\text{SiO}_4$  í kristalgrindinni, en vera má, að nokkur hluti súlfatsins sé til orðinn við oxun á súlfíði, og getur súlfíðið hafa skolazt úr bergen, þá fyrst og fremst við uppleysingu á brennisteinskís. Talið er líklegt, að flúor sé ekki bundið í kristöllum

í basísku og súru gosefni, heldur liggur utan á þeim bundið í auðleyst sölt, og ætti því að vera auðvelt að skola flúorinu úr bergenu samfara ummyndun þess. Skortur er á upplýsingum varðandi bindingu flúors í gosbergi.

Þar sem uppleysanleiki kalsíts, flúoríts og anhydrits minnkar verulega með hita, er hugsanlegt, að upphitun ein á grunnvatni leiði til mettunar. Samsetning kalds grunnvatns á Íslandi er slik, að upphitun getur leitt til kalsítmettunar og virðist oft gera það, en kalt vatn er jafnan svo snautt af sulfati (5 ppm) og fluóriði (<0.05 ppm), að upphitunin ein leiðir ekki til mettunar.

Á lághitasvæðunum næst anhydritmettun yfirleitt ekki, þegar kísilhiti er nálægt  $100^{\circ}\text{C}$  eða lægri, en á háhitasvæðunum er vatnið jafnan mettað af anhydriti og stundum einnig á heitustu lághitasvæðunum (kísilhiti nálægt  $150^{\circ}\text{C}$ ).

Flúorítmettun virðist ekki nást nema á háhitasvæðum, þar sem vatnið rennur um súrt berg. Þegar mettun anhydrits og flúoríts hefur ekki náðst, hlýtur styrkur sulfats og fluóriðs í vatninu að stjórnast af útskolunarhraða, en talið er, að slikt ástand ríki yfirleitt á lághitasvæðunum. Við súkar aðstæður ákveðst styrkur þessara anjóna í vatninu á:

- (1) styrk þeirra í bergenu,
- (2) hita vatnsins, sem örvar útskolun,
- (3) hlutfalli bergs og vatns í kerfinu,
- (4) hraða gegnumrennslis,
- (5) aldri jarðhitakerfisins,
- (6) íblöndun sjávar.

Á lághitasvæðum er vel hugsanlegt, að anhydritundirmettun stafi af kælingu, en lækkandi hiti eykur uppleysanleika anhydrits, eða þá af blöndun við kalt sulfatsnautt grunnvatn.

Þó svo að efnavarmafræðileg túlkun á efnainnihaldi vatnsins bendi til kalsít, anhydrit, eða flúorítmettunar, getur reynzt erfitt að staðfesta þessa túlkun með því að finna þessar steintegundir í berginu, sem vatnið leikur um. Er það vegna þess, hve lágor styrkur er af þeim frumefnum í berginu, sem mynda anjóna þessara salta. Í basísku og súru bergi má gera ráð fyrir, að kolefnisinnihald sé 0.1-0.15%, sem samsvarar um 1.0% af kalsíti, ef allt kolefnið er bundið í því. Viðbót á kolefni, ættuðu úr andrúmsloftinu, getur aukið kalsítinnihald bergsins, svo og suða í berginu, en hún veldur staðbundinni útfellingu, enda er það svo, að algengt er að finna kalsítútfellingar í allmiklu magni í ummynduðu bergi á háhitasvæðum. Kalsít er sömuleiðis allútbreitt á lághitasvæðum.

Innihald brennisteins í basísku og súru storkubergi er gjarnan 300-400 ppm eða 0.03-0.04%. Sé allur þessi brennisteinn bundinn í anhydriti, verður innihald þess í berGINU aðeins um 0.15%, og getur svo lágt innihald verið vandfundíð. Auk þess má gera ráð fyrir því, að anhydritinnihaldið sé jafnan lægra, þó svo að anhydritútfelling eigi sér stað, af því að brennisteinninn er að mestu bundinn í feldspöt, sem ummyndast seint, og því ekki auðvelt og leysa allan brennisteininn upp. Undantekning á lágu anhydritinnihaldi ummyndaðs bergs er þó háhitasvæðið á Reykjanesi, en þar rennur súlfatauðugur sjór inn í berggrunninn, og við upphitun fellur verulegt magn af anhydriti út (sjá S. Björnsson o.fl. 1972). Sama máli gegnir um að finna flúorít og anýdrít, þar sem flúorinnihald basíks og súrs storkubergs er nær alltaf nokkur hundruð ppm.

Ekki er við því að búast, að hlutfall katjóna og anjóna í lausn, sem mynda kalsít ( $\text{Ca}^{++}/\text{CO}_3^{--}$ ), anhydrit ( $\text{Ca}^{++}/\text{SO}_4^{--}$ ) og flúorít ( $\text{Ca}^{++}/\text{F}^-$ ), séu stókiómetrísk. Er það

vegna þess að þessar jónir fara í lausn úr ýmsum steintegundum eða koma í jarðhitakerfið utan að frá (sjór), en ekki við uppleysingu á umræddum söltum. Það er hraði útskolunar, sem fyrst og fremst ákveður styrk  $SO_4^{--}$  og  $F^-$ , miðað við  $Ca^{++}$ . Þó kemur ýmislegt annað til, eins og útfelling  $Ca^{++}$  í steintegundur eins og kalsít, montmorrillónít, klórít og jafnvel zeólíta. Talið er, að útfelling kalsíts ráði yfirleitt styrk  $Ca^{++}$  í heita vatninu. Útfelling anhýdríts og flúoríts skeður því aldrei öðruvísi en samhliða kalsítútfellingu.

Svo virðist sem hiti og sú bergtegund, sem vatnið rennur um, hafi nokkur áhrif á hlutfall þeirra jóna í lausn, sem mynda kalsít, anhýdrít og flúorít. Á háhitasvæðum er jafnan meira uppleyst heildarkarbónat í vatninu en á lághitasvæðum, og leiðir það til lækkunar á  $Ca^{++}$ , sem helzt í lausn. Þó er einnig lágt  $Ca^{++}$  á hinum kaldari lághitasvæðum, þótt heildarkarbónat sé tiltölulega lágt, og stafar það af hinu háa sýrustigi þessa vatns, sem leiðir til þess, að talsverður hluti heildarkarbónatsins er í lausn sem karbónat ( $CO_3^{--}$ ). Þegar hátt karbónat minnkar  $Ca^{++}$  í lausn með kalsítútfellingu, leiðir það til þess, að meira súlfat helzt í lausn við anhýdrítmettun en ella.

Um nokkur sporefni gildir hliðstæðu málí og súlfat, flúor og kalsíum, og má þar nefna germaníum og mólybden. Talið er, að styrkur germaníums í lausn takmarkist af leysan-leika kalsíum germanats ( $CaGeO_3$ ). Þótt kísilinnihald vatnsins hjálpi germaníum að haldast í lausn vegna komplexamydunar (Arnórsson, 1970b), er tiltölulega lægra germaníum í vatni á Hveravöllum en Geysissvæðinu af þessum ástæðum, en eins og áður var nefnt, er kalsíumstyrkur á síðar-nefnda svæðinu lægra. Mólybden myndar að vísu ekki sölt við útfellingu, en hátt innihald brennisteinsvetnis lækkar mólybdeninnihald vatnsins vegna myndunar á thió-mólybdat-komplexum, sem eru óstöðugir, en kísilinnihald

gerir mögulega aukningu á mólybdeninnihaldi vegna komplexa-myndunar (S. Arnórsson, 1970b). Bæði brennisteinsvetni og kíssill í vatni aukast að styrk með hita þess. Mólybdeninnihald vatnsins er því háð samspili þessara uppleystu efna.

## 5. SKELJUN

### 5.1 Kisill

Í 1. kafla var fjallað um kísilhita og jafnvægi milli uppleystrar kísilsýru í vatni og kvars eða annarra kvarssteina. Á háhitasvæðum hefur reynsla sýnt það án undan-tekninga, að styrkur uppleystrar kísilsýru í djúpvatni á þessum svæðum stjórnast af uppleysanleika kvars. Ennfremur sýnir reynslan, að sýrustig djúpvatnsins er jafnan það lágt, að hverfandi hluti kísilsýrunnar er klofinn.

Hinn hái hiti djúpvatns á háhitasvæðum veldur því, að vatn í berggrunni og borholum sýður niður á nokkur hundruð metra allt eftir hita djúpvatnsins. Þessi suða er innræn, og kólnar vatnið því við suðuna, sem nemur þeim varma, er fer í gufumyndunina. Eins og kom fram í 1. kafla, sbr. myndir 1.1 til 1.3, eykst uppleysanleiki kvarts og annarra kvarssteina verulega með vaxandi hita, þó mest þegar hitinn er á bilinu  $250-280^{\circ}\text{C}$ . Kólnun á vatni vegna suðu veldur því verulegri yfirmettun kísils í vatninu, með tilliti til uppleysanleika kvarts. Ennfremur veldur suðan frekari yfirmettun, þar sem styrkur kísils í vatninu eykst við gufumyndunina. Þegar suða hefst, hækkar sýrustig (pH) vatnsins verulega, en um þessar sýrustigsbreytingar var fjallað í kafla 2.5. Hækjun sýrustigsins eykst eftir því sem frekara þrýstifall veldur aukinni gufumyndun. Þessi hækjun er ætið það mikil, að verulegur hluti kísilsýrunnar klofnar, en það dregur úr yfirmettun.

Tilraunir hafa sýnt, að jafnvægi milli kvarts og uppleystrar kísilsýru næst mjög fljótt, þegar hiti er yfir  $150^{\circ}\text{C}$ , en við lægri hita gengur miklu treglegar að ná jafnvægi (Morey o.fl., 1962). Er þá tilhneiting til þess, að jafnvægi myndist við kalsedón eða ópal. Af þessum kvarssteinum er kvarts

minnst leysanlegt, og því stöðugast, en ópal mest leysanlegt, og því óstöðugast. Líkurnar á því, að kvars eða kalsedón falli út úr háhitavatni, sem hefur yfirmedd skýndilega og verulega vegna suðu í borholu, er hverfandi. Hins vegar gengur útfelling ópals nokkuð auðveldlega fyrir sig, og má gera ráð fyrir henni, séu áhrif suðunnar nægilega mikil, til þess að ópalmettun náist á vatni, sem upphaflega var í jafnvægi við kvars. Skilyrðin fyrir útfellingu kísils úr háhitavatni eru því þau, að yfirmedd vegna kólnunar og aukningar á styrk kísilsins, sem stafar af suðu, verði svo mikil, að ópalmettun náist. Samt er útfellingin það treg, að ekki er um að ræða, að hún verði svo mikil, að jafnvægi náist, heldur fellur aðeins brot af þeim kísil út, sem yfirmeddun nemur. Af þessum ástæðum er ekki unnt að segja fyrir um á magnbundinn hátt, hversu mikil eða hröð kísilútfelling verður úr vatni, sem hefur mettast eða yfirmedd af ópal við innræna suðu. Þó eru nokkrir þættir þekktir, sem örva útfellingu úr ópal-yfirmeddaðri lausn, en þeir eru selta, hiti, yfirmedunarstig og ólgustreymi. Með þessa þætti í huga má áætla, hvar búast má við örastri útfellingu úr háhitavatni með þekkta samsetningu, og hvernig útfellingarhraði breytist, þegar samsetningu og hita vatnsins er breytt.

Þegar háhitavatn yfirmeddast af kvarsí við innræna suðu og nær ópalmettun, getur uppleysti kískillinn kollazt (polymerast, þ.e. myndað svokallaðar colloids) í stað þess að ópal falli út. Meiri tilhneicing er til ópalútfellinga, ef ópalmettun næst við háan hita. Aftur á móti er meiri tilhneicing til kollamyndunar við lágan hita. Hér er gizkað á, að neðan við  $50^{\circ}\text{C}$  sé kollamyndun ríkjandi í ósöltu vatni, en nokkru ofan við  $100^{\circ}\text{C}$  sé ópalútfelling ríkjandi. Kollamyndunin verður með þeim hætti, að mörg kísilsýrumóle-kúl sameinast í keðjur í lausn í stað þess að mynda botnfall,

og eru líkurnar sáralitlar, að þannig árekstrar verði milli keðjanna, að þær sameinist og myndi botnfall. Kollamyndun dregur því úr hraða útfellingar. Kolluð kísilsýra í lausn drekkur í sig rauðt ljós og gerir vatnið því blátt á litinn.

Til þess að segja fyrir um, hvort útfelling kísils, þ.e.a.s. ópals, á sér stað úr háhitavatni, þarf að reikna út áhrif suðu á kólnun, gufutap og sýrustigshækkun. Auðvelt er að finna út áhrif kólnunar og gufutaps, en öllu flóknara er að gera sér grein fyrir áhrifum sýrustigsins. Því er bezt að athuga þannig dæmi fyrst, að sýrustigshækkun við suðu skipti ekki máli, en slikt verður, þegar sýrustig hins soðna vatns er ekki hærra en svo, að hverfandi hluti kísilsýrunnar í því er klofinn. Þessu er þannig varið í salta vatninu frá Reykjanesi og í Svartsengi.

Á mynd 5.1 er sýndur uppleysanleiki kvars og ópals sem fall af hita á bilinu 25-300°C. Í djúpvatninu ákveðst kísilinnihald vatnsins af hita þess og uppleysanleika kvars, og er því auðvelt að finna kísilsýruinnihald vatnsins fyrir ákveðinn hita út frá kvarsferlinum á mynd 5.1. Þegar vatnið sýður, kólnar það og styrkur kísilsýru í vatninu eykst vegna gufutapsins. Á mynd 5.1 hefur breyting á styrk kísils í vatninu verið reiknað út sem fall af hita (við innræna suðu) við mismunandi hitastig djúpvatns, áður en suða hófst, eða 210°C, 250°C og 290°C. Ferlarnir eru reiknaðir á eftirfarandi hátt:

- (1) Valið er hitastig nokkru lægra en djúpvatnsins.
- (2) Hlutfall gufu við þetta hitastig (X) er fundið út frá jöfnu (0.22) ( $h_0 = h_1 + X_1 L_1$ ).
- (3) Kísilsýruinnihald vatnsins við þennan hita er fundið út frá jöfnu hliðstæðri (3.4):

$$\frac{\text{SiO}_2 \text{ djúpvatn}}{1-X_1} = \text{SiO}_2 \text{ vatns við P}_1$$

Til þess að fá góðan feril, er nauðsynlegt að velja hitastig með nokkuð þéttu bili ( $10^{\circ}\text{C}$ ). Þegar vatnið hefur soðið niður í  $100^{\circ}\text{C}$ , verður eðlilega ekki frekari aukning kísilsýru í því, þótt það kólni.

Útfelling kísils er hugsanleg, þegar ópalmettun er náð. Eins og sést af mynd 5.1, verður  $210^{\circ}\text{C}$  heitt vatn mettað af ópal, þegar það hefur soðið innrænt niður í  $100^{\circ}\text{C}$ .  $250^{\circ}\text{C}$  djúpvatn nær ópalmettun við  $150^{\circ}\text{C}$  og  $290^{\circ}\text{C}$  djúpvatn við  $193^{\circ}\text{C}$ .

Á það var áður drepið, að suða á djúpvatni á háhitasvæðum leiðir jafnan til það mikillar sýrustigshækunar, að talsverður hluti kísilsýrunnar í vatninu verður klofinn ( $\text{H}_4\text{SiO}_4 = \text{H}^+ + \text{H}_3\text{SiO}_4^-$ ), og leiðir það til þess, að meiri kólunn þarf til að ná ópalmettun en ella. Þá verður sýrustigið yfirleitt það hátt (pH 9.0-10.0), að það stjórnast af stuðpúðaáhrifum kísilsýrunnar. Þetta leiðir til þess, að nægilegt er að miða við sýrustig, mælt við  $25^{\circ}\text{C}$ , ef ópalmettun verður ekki, fyrr en neðan við  $100^{\circ}\text{C}$ . Í slikum tilfellum skal reikna út innihald óklofina kísilsýru í vatninu við  $25^{\circ}\text{C}$  samkvæmt jöfnu (1.3). Ópalmettun verður við þann hita, sem samsvarar þessu óklofna kísilsýruinnihaldi á ópalferlinum á mynd 5.1. Verði ópalmettun hins vegar við hærri hita en  $100^{\circ}\text{C}$ , er nauðsynlegt að þekkja sýrustig sem fall af hita/prýstingi, sem hin innræna suða veldur.

Útreikningar að þessu lúťandi voru teknir til sérstakrar meðferðar í kafla 2.5. Eftir því sem suða heldur áfram með lækkandi prýstingi, vex sýrustigið (pH), þótt lítið sé. Þess vegna gefur mæling á pH á sýni, teknu við  $100^{\circ}\text{C}$ , of lágt hitastig fyrir ópalmettun. Á hinn bóginn fæst of hár hiti fyrir ópalmettun við pH-mælingu á vatni, sem safnað er við hærri prýsting en ópalmettun verður á. Breytingar

á sýrustigi (pH) við suðu frá 200°C í 100°C eru allt upp undir 1.0 pH einingar, og dugar því tæplega að áætla ópalmettun út frá sýni, teknu við 100-200°C, ef um nákvæmnisvinnu er að ræða.

Með því að reikna út ópalmettun heits vatns, sem sýður í borholu, er unnt að segja fyrir, hvar möguleikar eru á utfellingu og hvar ekki. Þetta felur samt ekki í sér, að upplýsingar fáist, sem veita vitneskju um hraða utfellingar, og hversu alvarlega þær trufla rekstur mannvirkja, eins og borhola eða hitaveitukerfa. Þó hefur reynsla við Námafjall sýnt, að ógerlegt er að reka hitaveitu, þegar yfirmettun ópals er 20-30°C, miðað við inntakshita í hús. Þá er einnig ljóst, að engin hætta er á kísilútfellingum á nokkru dýpi í gufuborholum eða í raufuðum fóðurrrörum, þar sem æðar koma inn í súlikar holur. Líklega munu kísilútfellingar haldast treglega efst í borholum vegna hraða gufu og vatnsblöndunnar, sem á auðvelt með að rífa með sér þá utfellingu, sem myndast. Þó er það galli, að ópalmettun náist í gufuborholu undir aðalloka, því að talsverð hætta er á utfellingu í ventilsætinu, sem gerir tunguna stífa eða jafnvel fasta og lokann þar með óvirkan. Er slikt sérlega vandamál, þegar holur standa undir þrýstingi og erfitt er að kæla þær niður. Ætti tvímælalaust að athuga alltaf, hvort ópalmettun hafi náðst undir aðalloka á hverri nýrri holu, sem látin er blása og gera nauðsynlegar ráðstafanir, sé svo, t.d. reglulega liðkun á ventli, nota hentuga ventla o.s.frv. Sé um það að ræða að kasta vatni, mettuðu af ópal, er æskilegt að láta verða sem minnst hitafall í affallsleiðslunni. Sé hins vegar um yfirmettun að ræða, er æskilegt að láta vatnið renna um tafþró (sjá Yanagase o.fl. 1970, Guðmundsson 1972) til að fá tíma fyrir kollamyndun, en senda vatnið síðan gegnum affallsleiðslu og láta hitafall í henni verða sem minnst. Þegar sá hluti kíslsýrunnar hefur kollazt, sem nemur yfirmettuninni, dregur mjög úr hraða utfellinga. Ólgustreymi örvar utfellingu, og ber að forðast þess konar hönnun á leiðslum, sem auka ólgustreymi, ef þær eiga að flytja ópalmettað vatn

og sömuleiðis að láta rennslishraða verða slikan, að lagstreymi breytist í ólgustreymi. Erfiðasta vandamálið viðvíkjandi kísilútfellingum kemur upp á teninginn, þegar nota skal ópalmettað vatn til húshitunar og hliðstæðra hluta, þegar mikið hitafall verður í leiðslum. Satt að segja er ákaflega óæskilegt að hagnýta ópalmettað vatn til sliks nota. Kólnunin veldur sífellt meiri yfirmettun og kollamyndun í tafþró kemur því að litlum notum. Þær hugmyndir hafa komið fram, að leysa megi vandamál ópalútfellinga með því að gera vatnið basískara með íblöndun vítisódalausnar, en slikt leiðir til þess, að meiri hluti kísilsýrunnar verður klofinn en áður. Vissulega er þetta hugsanleg lausn, þótt hún hafi ekki verið reynd, og er eðlilegt að gera ráð fyrir tæknilegum vandamálum, áður en hún kemst í gagnið. Hugmyndir af þessu tagi eru á prjónunum varðandi lausn kísilútfellingavandamála í borholum í Mexicali, norðast í Mexico, en þar er innstreymis-hiti allt að  $290^{\circ}\text{C}$  og vatnið nokkuð salt.

Sú hugmynd er athyglisverð að setja varmaskipta niður í borholur við vatnsæðar, þar sem gegnumstreymi er og losna á þann hátt við útfellingavandamál í varmaskiptum og að auki mengun af völdum affallsvatns á yfirborði.

Rannsókn á útfellingum ópals í berggrunni á háhitavæðum gefur vitneskju um lágmarkshita á djúpvatninu. Ópalútfellingar sýna eðlilega, að háhitavatnið hefur verið ópalmettað, og dýpið gefur til kynna hita vatnsins, ef reiknað er með því að þrýstingurinn á þessu dýpi ákveðist af vatns-súlu, þar sem vatnið er alls staðar við suðu. Hitastig ópalmettunar gefur fastan punkt á ópalferilinn á mynd 5.1, og má reikna sig aftur á bak frá þessum punkti á ferlinum, með því að leysa saman eftirtaldar jöfnur: (0.22, 5.1, 5.2 og 5.3)

og sjá, hvar þessi reiknaði ferill sker ferilinn fyrir uppleysanleika kvars og sá skurðpunktur gefur lágmarkshita fyrir djúpvatnið.

$$h_0 = h_1 + X_1 L_1 \quad (0.22)$$

$$\log SiO_{20} = - 1.31 \frac{1}{T_0} 10^{+3} + 0.41 \quad (T_0 < 550^\circ K) \quad (5.1)$$

$$\frac{SiO_{20}}{1-X_1} = SiO_{21} \quad \text{eða} \quad X_1 = 1 - \frac{SiO_{20}}{SiO_{21}} \quad (5.2)$$

$$h_0 = kT_0 \quad (5.3)$$

Í ofangreindum jöfnum táknað  $h_0$  varmainnihald djúpvatnsins,  $T_0$  hita djúpvatnsins í  $^\circ K$ ,  $SiO_{20}$  kísilsýruinnihald djúpvatnsins,  $X_1$  táknað gufuhluta, sem hefur tapazt við suðu frá  $h_0$  í þrýstinginn  $P_1$ , sem ópalmettan verður við,  $h_1$  er varmainnihald við  $P_1$ ,  $k$  er konstant, háður hitastigi, eins og hér segir:

$$\begin{aligned} t 210 - 220^\circ C \quad k = 0.45, \quad t 230 - 240^\circ C \quad k = 0.47, \quad t 250 - 260^\circ C \\ k = 0.50 \quad t 270 - 280^\circ C \quad k = 0.53, \quad t 290 - 300^\circ C \quad k = 0.55 \end{aligned}$$

Þegar allar þessar jöfnur eru leystar saman, fæst:

$$\log SiO_{20}A - \log SiO_{20} \cdot SiO_{20} \cdot L_1 - SiO_{20} \cdot L_1 \cdot 0.41 + B = 0 \quad (5.4)$$

þar sem

$$A = SiO_{21}(h_1 + L_1) \quad \text{og} \quad B = SiO_{21}(1310k + L_1 \cdot 0.41 + h_1 \cdot 0.41)$$

og má reikna  $SiO_{20}$  (kísilinnihald djúpvatnsins) út úr þessari samanteknu jöfnu með iteration og finna síðan  $T_0$  út frá kvarsferlinum á mynd 5.1.

Tveir alvarlegir gallar eru á forsendunum bak við ofangreinda útreikninga. Annar er sá, að miklar skekkjur geta legið í áætlun mettunarhitans, þar sem grunnvatnsborð háhitavatnsins fellur ekki nauðsynlega saman við yfirborð, en getur legið miklu neðar. Séu hverir á yfirborði, má segja, að grunnvatnsborð háhitavatnsins falli saman við yfirborð. Hinn gallinn er sá, að ekki er reiknað með neinni sýrustigsbreytingu í vatninu á því hitabili, sem suða hefst á, unz ópalmettun næst. Sýrustigshækkun leiðir til þess, að ópalmettun verður við lægri hita en ella, og fæst þá of lágt gildi á útreiknuðum hita djúpvatnsins, áður en suða hófst.

Hreinar útfellingar ópals, þ.e. kísilhrúður, við hveri, bendir til þess, að hiti djúpvatns sé a.m.k.  $210^{\circ}\text{C}$ , en þetta má lesa út úr mynd 5.1.

Dæmi: Innstrey mishiti í borholu er  $245^{\circ}\text{C}$ . pH í vatni, safnað við  $100^{\circ}\text{C}$ , er 9.85 og var mælingin gerð við  $25^{\circ}\text{C}$ . Við hvaða hita verður ópalmettun?

Auðveldast er að leysa dæmi af þessu tagi grafískt, þ.e. með notkun á mynd 5.1. Í hinu  $245^{\circ}\text{C}$  djúpvatni er innihald kísilsýru 470 ppm  $\text{SiO}_2$ . Með því að nota jöfnur (0.22) og (5.2) fæst eftirfarandi (strikalína á mynd 5.1):

Fyrir hita $^{\circ}\text{C} = 220$	er $\text{SiO}_2$ (ppm) = 501.8
200	526.7
180	551.4
160	576.6
140	602.3
120	628.9
100	656.5

Samkvæmt jöfnu (1.3) og mynd 1.5 eru 346.4 ppm af kísilsýrunni óklofin, þegar vatnið hefur soðið í 100°C. Þess vegna hefur ópalmettun ekki náðst við 100°C. Kísilsýruinnihaldið 346.4 ppm samsvarar ópalmettun við 91°C.

## 5.2 Útfellingar kalsíts

Útreikningar á útfellingu kalsíts í gufuborholum og leiðslum frá þeim eru mun margþættari en samsvarandi útreikningar fyrir ópalútfellingu. Er það vegna þess að útfellingarnar eru næmar fyrir sýrustigsbreytingum á vatninu, sem verða þegar suða hefst. Til þess að reikna út þessar sýrustigsbreytingar þarf sömu vitneskju og fyrir útreikning á sýrustigi djúpvatns og þar að auki vitneskju um dreifihlutfall rokgjarnra veikra síra milli vatns og gufu við mismunandi þrýsting. Þá þarf eðlilega að þekkja  $\text{Ca}^{++}$  innihald (og virkni) vatnsins og uppleysanleika kalsíts á hinu áhugaverða hitabili.

Þegar suða hefst í gufuborholu, þ.e. gufumyndun, dreifa rokgjörn efni sér milli vatns- og gufufasans, en dreifihlutfall þeirra ákveðst af efnajafnvægjum, og er stuðull þessara jafnvægja háður hita og þrýstingi (mynd 2.3). Þau rokgjörnu efni, sem hér skipta máli, eru brennisteinsvetni og kolsýra. Við suðuna fer mikill hluti þeirra í gufuna, þótt talsverður hluti verði eftir uppleystur í vatninu, einkum af brennisteinsvetni, en það er ekki eins rokgjarnt og kolsýra. Suðan leiðir því til þess, að heildarstyrkur kolsýru og brennisteinsvetnis minnkar í vatninu. Nú er brennisteinsvetni og kolsýra í jafnvægi við bísúlfíð, súlfíð, bíkarbónat og karbónat (sbr. jöfnur 2.3, 2.10, 2.18 og 2.19). Til þess að jafnvægi haldist samkvæmt fyrrnefndum jöfnum, þegar innihald kolsýru og brennisteinsvetnis minnkar, getur hvort tveggja gerzt, að

vætnisjónir ( $H^+$ ) minnki eða styrkur anjóna hinna veiku sýra. Ef anjónir veiku sýranna minnkuðu verulega, mundu verða afgangs katjónir, er leiddu til þess, að vatnið yrði hlaðið jákvæðu rafmagni, en slikt skeður ekki. Þess vegna hlýtur suðan að leiða til sýrustigsbreytingar, lækkunar á ( $H^+$ ).

Uppleysanleiki kalsíts minnkar með vaxandi hita, eins og sést af mynd 4.1. Reynslan sýnir án undantekninga, að heitt vatn af háhita- sem lághitasvæðum er mettað af kalsíti. Marktæk yfirmettun eða undirmettun hefur ekki fundizt. Þegar vatn sýður innrænt í borholu og kólnar um leið vegna gufumyndunar, er það skilyrði fyrir kalsítútfellingu, að suðan leiði til meiri aukningar á styrk kalsíums og karbónats í vatninu, sem samsvarar aukningu á uppleysanleika kalsíts. Einfalt er að gera sér grein fyrir styrk kalsíums við hvaða þrýsting sem er samkvæmt jöfnu (0.22). Hins vegar er ógerlegt að skynja í fljótu bragði, hvernig styrkur karbónats breytist, heldur þarf að framkvæma nokkra útreikninga, eins og sýnt er hér á eftir. Það getur haft nokkur áhrif á kalsítmettun, að virkni kalsíums og karbónats jónanna minnkar eitthvað með lækkandi hita, sem gerir það að verkum, að hærri styrkur þessara jóna helzt í lausn við mettun en ella.

Ljóst er af tengslum suðu og kalsítmettunar, að útfellingar kalsíts geta átt sér stað allt frá því að suða hefst og meðan suða er eða niður í  $100^\circ C$ . Þó má vel vera vegna heildarefnasamsetningar í ákveðnum borholum, að útfelling byrji með suðu, en hætti, áður en suðu lýkur, vegna þess að sýrustigshækkunin vegur upp á móti færslu kolsýru í gufuna, þegar þrýstingur vatnsgufunnar hefur náð einhverju lágmarki. Vafalaust er það svo, að það er komið undir heildarefnainnihaldi djúpvatns í einstökum svæðum eða í einstökum borholum, hvort kalsítútfellingar eigi sér stað eða ekki. Ónóg reynsla er fyrir hendi til þess að dæma

um eitthvert samband milli kalsítútfellinga og heildarefna-samsetningar djúpvatnsins. Ef kalsítútfellingar eiga sér stað, þegar suða hefst, er augljóst, að óæskilegt er, að suða eigi sér stað út í berginu, áður en vatn kemur inn í borholuna, því að þá geta kalsítútfellingar stíflað að-streymisæðar og gert borholuna ónothæfa.

Þegar athuga skal, hvort djúpvatn með þekkta samsetningu hefur yfirmettast af kalsíti við að sjóða niður í ákveðinn þrýsting,  $P_1$ , þarf fyrst að finna sýrustig vatnsins við pennan þrýsting, eins og útskýrt er í kafla 2.5. Síðan er karbónat ( $\text{CO}_3^{--}$ ) innihaldið við pennan þrýsting fundið með því að leysa saman jöfnur 2.26a, 2.28, 2.3 og 2.19; þá fæst:

$$(1 + \frac{x_1}{(1-x_1)A_{\text{CO}_2}}) \frac{(H^+)^2 (\text{CO}_3^{--})}{K_{\text{H}_2\text{CO}_3} K_{\text{HCO}_3^-}} + \frac{(H^+) (\text{CO}_3^{--})}{K_{\text{HCO}_3^-}} + \quad (5.4)$$

$$(\text{CO}_3^{--}) = \frac{C_8}{1-x_1}$$

Í jöfnu (5.4) er  $C_8$  heildar  $\text{CO}_2$  innihald djúpvatnsins, eða:  $\text{H}_2\text{CO}_3(v) + \text{HCO}_3^-(v) + \text{CO}_3^{--}(v) + \text{CO}_2(g)$ .  $A_{\text{CO}_2}$ ,  $K_{\text{H}_2\text{CO}_3}$  og  $K_{\text{HCO}_3^-}$  eru þekktir stuðlar (myndir 2.3, 2.1 og 2.6).  $C_8$  er mælt. Gildið á  $x_1$  er háð varmainnihaldi vatnsins fyrir suðu og þrýstingnum, sem reikningarnir eru framkvæmdir fyrir. Á það skal bent, að allir þessir útreikningar miðast við virkni efnanna, en ekki styrk þeirra. Síðan má bera saman margfeldi á hinni útreiknuðu virkni ( $\text{Ca}^{++}$ ) og ( $\text{CO}_3^{--}$ ) við  $K_{\text{CaCO}_3}$  (jafna 4.1). Ef margfeldið gefur stærri tölu en  $K_{\text{CaCO}_3}$ , er lausnin yfirmettuð, ef minna, undir-mettuð. Marktækur munur er talinn vera  $10^{0.3}$ .

Önnur aðferð til að sýna undir- eða yfirmedun er að reikna út pH, sem samsvarar kalsítmettun og bera það saman við hið rétta reiknaða pH á vatninu við viðkomandi þrýsting. Eins og áður, eru jöfnur 2.26a, 2.28, 2.3 og 2.20 leystar saman, en með tilliti til  $H_2CO_3$ , og fæst þá:

$$(H_2CO_3) = \frac{\frac{C_s}{1-X_1}(H^+)^2}{\left[1 + \frac{X_1}{(1-X_1)A_{CO_2}}\right](H^+)^2 + K_{H_2CO_3}(H^+) + K_{HCO_3^-}K_{H_2CO_3}} \quad (5.4a)$$

Sýrustig, þ.e.  $(H^+)$  fyrir kalsítmettun, fæst með því að leysa saman jöfnur 2.3, 2.20 og 4.1. Fæst þá:

$$(H^+)^2 = \frac{K_{HCO_3^-}K_{H_2CO_3}}{K_{CaCO_3}}(H_2CO_3)(Ca^{++}) \quad (5.5)$$

Með því að setja jöfnu 5.4a inn í jöfnu 5.5, fæst:

$$(H^+)^2 \left(1 + \frac{X_1}{(1-X_1)A_{CO_2}}\right) + (H^+)K_{H_2CO_3} + K_{H_2CO_3}K_{HCO_3^-}$$

$$\left(1 - \frac{(Ca^{++})}{K_{CaCO_3}} \cdot \frac{C_s}{(1-X_1)}\right) = 0 \quad (5.6)$$

$(H^+)$  í jöfnu 5.6 er sýrustig fyrir kalsítmettun fyrir það heildarkarbónat, sem er leyst upp í vatninu. Ef  $(H^+)$  í jöfnu 5.6 er lægra en hið reiknaða raunverulega  $(H^+)$  í

vatninu, er vatnið yfирmettað af kalsíti, þ.e. suðan  
hefur leitt til yfирmetunar og því útfellinga.

6. NOKKRIR PUNKTAR, ER VARÐA VINNSLU-  
EIGINLEIKA BORHOLA Á HÁHITASVÆÐUM

Þegar borhola er boruð í háhitasvæði, skapast jafnan þrýstifall á vatnsæðum, sem holan fer í gegnum, við sjálfrennsli úr henni. Þetta sjálfrennsli getur einfaldlega orðið við opnun holunnar, ef þrýstingur á vatnsæðinni er nógu hár, eins og yfirleitt er í Hveragerði. Frekara þrýstifall verður svo á æðinni við suðu í borholunni, en þá kemur eðlisléttari súla vatns- og gufublöndu í stað vatnssúlu áður. Oft er það svo, að vatnsborð stendur alllágtr í háhitaborholum, eins og í Námafjalli, Krísuvíkursvæði og Reykjanesi. Borun í súlik svæði veldur ekki þrýstingsbreytingum, nema ef rennsli yrði milli vatnsæða. Með upphitun, dælingu eða öðrum aðferðum má koma suðu af stað og skapa sjálfrennsli vegna þrýstingsfallsins, sem suðan veldur. Upphitun fer fram á þann hátt, að ein hola er látin blása niður í hina eða með því að setja þrýsting á holuna og reka vatnsborðið niður og hita vatnið upp með snertingu við heitara berg á meira dýpi. Dæling er jafnan framkvæmd með bullu, sem lyft er snögglega, þannig að hún rífur vatn með sér upp úr holunni örará en það streymir inn og veldur þannig vatnsborðslækkun og þar með þrýstingsslækkun.

Háhitavatn, sem streymir inn í og upp borholu eða upp í gegnum berggrunn fer að sjóða, þegar þrýstingurinn yfir því er jafn gufuþrýstingi vatnsins. Sé vatnið við suðu á öllu dýpi, sýnir mynd 2.2 hita þess sem fall af dýpi og þrýstingi. Eðlisþyngd vatns breytist hratt, þegar suðumarkið nálgast. Þar sem vatn á hverju dýpi er oft nokkuð neðan við suðumark, er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að hærri hiti finnist á einhverju dýpi en ferillinn á mynd 2.2 gefur til kynna, jafnvel þótt grunnvatnsborð háhitakerfisins liggi talsvert lægra en yfirborð.

Mynd 6.1 sýnir samband þrýstings og dýpis vatnssúlu með hitastigulinn  $60^{\circ}\text{C}/\text{km}$ .

Í sjóðandi borholu skeður það, að suða fer niður á miklu meira dýpi en ferillinn á mynd 2.2 bendir til. Á hvaða dýpi þessi suða hefst, ákveðst af hita vatnsins og þrýstingi við holutopp, ásamt streymisgerð og afli holunnar, miðað við vídd hennar, en allt þetta ákveður eðlisþyngd vatnsgufublöndunnar á hverju dýpi, og þar með þrýsting á hverju dýpi.

Sveinbjörn Björnsson og Karl Ragnars hafa athugað nokkuð með útreikningum, hvar suða hefst í blásandi gufuborholu, en ekki liggur nein skýrsla fyrir um þessar athuganir þeirra. Helztu niðurstöður voru þær, að streymisgerð (bólustreymi, lagstreymi, bylgjustreymi, dropastreymi) væri svo flókin, að ógerlegt væri að reikna þrýsting á hverju dýpi, heldur þurfi að koma til beinar hita-eða þrýstimælingar í blásandi gufuborholu. Eins og áður var nefnt, og tekið er til nánari meðferðar síðar í þessum kafla, geta útfellingar kalsíts átt sér stað, þar sem suða verður. Verði suða í vatnsæðum, sem veita inn í borholu, geta kalsítútfellingar því stíflað æðina og ónýtt holuna. Auk þess getur farið svo, að vatnsæðin skili minna magni af vatns-gufublöndu en vatni eingöngu vegna hins mikla rúmmáls af þyngdareiningu gufu miðað við vatn. Nauðsynlegt er að hafa í huga áhrif sjóðandi borholu á þrýstingsfall á vatnsæð, þegar áætlanir eru gerðar um dýpi vinnsluhola á háhitasvæðum og af hvaða dýpi vatnsæðar skuli nýttar. Af ofannefndu ætti því að vera ljóst, að það er mjög mikilvægt að fá allítarlega vitneskju um, hvar suða hefst í borholu eftir afli hennar, hita, vídd og þrýstingi á holutoppi. Í þessu sambandi má einnig benda á, að forrannsóknir skipta miklu mál, en þær gefa vísbendingu um hitaástand í berggrunni. Einnig hafa

niðurstöður þeirra áhrif á verkfræðilegar frumáætlanir,  
er kveða á um vinnsluþrýsting borhola.

Þegar suða í blásandi borholu veldur þrýstingslækkun, má líkja þeirri lækkun við myndun á skál í grunnvatnsborð heitavatnskerfisins. Þessi skál er eðlilega dýpst næst holunni, en fer grynnkandi í allar áttir frá henni, allt eftir greypni bergsins. Í upphafi blásturs er skálin eðlilega minnst um sig, en fer stakkandi og dýpkandi, unz nýtt jafnvægisástand kemst á. Þrýstingsfallið undir skálinni getur leitt til þess, að suða og gufumyndun hefjist í vatni, þar sem eingöngu var vatn áður, og svo lengi sem skálin er að stækka, þá breiðist út svæði í bergeninu umhverfis holuna, sem í er blanda af vatni og gufu. Eðlilegt er að telja suðuna, sem veldur gufumynduninni, innræna, og kólnar vatns-gufublandan því sem nemur þeirri orku, sem fer í gufumyndunina.

Upphaflega, þegar hola er látin blása, gefur kísilinnihald vatnsins vitneskju um hita vatnsins, ótruflaðan af þrýstifalli vegna suðu í holunni. Skömmu síðar, meðan skálin er enn lítil um sig, kemur vatn inn í holuna fljótlega eftir að suða hófst og því lítill tími fyrir lækkun á kísil við útfellingu úr vatninu, en þegar skálin stækkar, gefst lengri tími fyrir kísilútfellingu frá því að vatnið byrjaði að kólna við suðu, unz það kemst inn í borholuna.

Lækkun á kísilinnihaldi vatnsins og því kísilhita í gufu-borholu er því merki um, að suða eigi sér stað utan borholunnar og að skálin (þ.e. þrýstingsfall) sé enn stakkandi og nýtt jafnvægi sé ekki komið á. Af þessari ástæðu er unnt að nota kísilinnihald borholuvatns til að fá nokkra vitneskju um þrýstingsbreytingar á háhitasvæðinu vegna nýtingar gufuborhola. Of mikil þrýstingslækkun getur auðveldlega leitt til þess, að vatn í berggrunni fer að sjóða viðs vegar, þar sem áður var engin suða, og getur gufan stigið til yfirborðs utan borholanna.

Á þann hátt ykist gufuútstreymi til yfirborðs til óþæginda og ama og hefði einnig í för með sér, að annars nýtanleg orka svæðis færi til spillis.

Í Námafjalli hafa efnagreiningar sýnt verulega lækkun á kísilinnihaldi í þeim borholum, þar sem hiti miðað við dýpi var nálægt suðumarksferlinum á mynd 2.2. Samanber það, sem að ofan var ritað, er talið, að þessi lækkun stafi af suðu í bergenu umhverfis holurnar, áður en vatnið streymir inn í þær. Óliklegt er talið, að kíssillækkunin stafi af niðurstreyymi kalds vatns og blöndun þess við það heita. Ef svo væri, ætti ekki endilega að vera samband milli hita vatnsæða og dýpis þeirra við lækkun uppleysts kísils.

Þá virðist einnig hugsanlegt, að suða utan borholu geti dregið úr orkustreymi inn í hana og það því meira sem suðan nær lengra út í bergið. Þessi minnkun hlýtur m.a. að vera háð hita vatnsins, áður en suða hefst. Þetta atriði þarf að rannsaka nánar.

Þegar gufuborhola er í notkun, er það mjög óæskilegt að kíssill falli út í skiljunni, sem er ofan á holunni eða í aðallokanum. Slik útfelling getur gert aðallokann óvirkan og því ógerlegt að loka holunni, nema með ærnum tilkostnaði. Sömuleiðis geta útfellingar í skilju haft truflandi áhrif á það, að hún starfi rétt. Á mynd 6.2 er sýnt samband hita djúpvatns, áður en suða hefst og hita/þrýstings fyrir ópalmettan, en þegar ópalmettan er náð, er hætta á kísilútfellingum. Á mynd 6.2 er ekki gert ráð fyrir því, að sýrustig (pH) vatnsins verði það hátt við suðuna, að uppleysta kísilsýran klofni sem neinu nemur, en slík klofnun leiðir til þess, að ópalmettan verður við lægra hitastig en ella. Heita vatnið á Reykjanesi og Svartsengi hefur slíkt sýrustig, að mynd 6.2 lýsir nákvæmlega sambandi hita djúpvatns og hita kísilútfellinga fyrir

þau svæði. Fari svo, sem vitneskja af holu 8 á Reykjanesi bendir til, að meðahiti innstreymis geti verið allt að  $280-290^{\circ}\text{C}$ , verður vinnsluþrýstingur borholu að vera a.m.k. 11-14 ata, eigi að vera tryggt, að kísilútfellingar verði ekki í skilju eða í aðalloka. Sé gert ráð fyrir  $250^{\circ}\text{C}$  heitu vatni í Svartsengi, er á sama hátt æskilegt að hafa vinnsluþrýsting borholu a.m.k. 5 ata.

Heildarefnasamsetning djúpvatns á háhitavæðum, sem borað hefur verið í (Námafjall, Hveragerði, Nesjavellir), utan Reykjanes og Svartsengis, er súk, að suðan leiðir til það mikillar sýrustigslækkunar ( $\text{pH}$ ), að talsverður hluti hinnar uppleystu kísilsýru verður klofinn, og leiðir það til þess, að ópalmettun næst við lægra hitastig en ella, eins og fjallað var um í kafla 5.1. Búast má við, að heildarefnasamsetning háhitavatns sé lítið frábrugðin á svæðum, sem enn hefur ekki verið borað í nema e.t.v. Torfajökulssvæðisins, vegna áhrifa súra bergsins, sem gerir vatnið eitthvað saltara og sýrustig því lægra. Sama gildir um Krísvíkurvatnsvæðið vegna nokkurrar seltu vatnsins.

Á mynd 6.3 er sýnt samband innstreymishita djúpvatns og hitastigs ópalmettunar og þá gert ráð fyrir, að sýrustig vatnsins ( $\text{H}^+$ ) sé  $10^{0.3}$  lægra en kleyfnistuðull kísilsýru ( $\text{K}_{\text{H}_4\text{SiO}_4}$ ) við viðkomandi hita, en það samsvarar, að 33% kísilsýrunnar sé klofinn, og hefur þessi hluti engin áhrif á ópalmettun, þ.e. kísilútfellingu. Er nálægt lagi að nota ferlana á mynd 6.3 til að dæma um hita/þrýsting ópalmettunar eftir innstreymishita í borholur fyrir Námafjallssvæði, Nesjavelli, Hveragerði og önnur háhitavæði í basalti, þar sem vatnið er óverulega salt. Af mynd 6.3 sést, að ópalmettun  $300^{\circ}\text{C}$  heits vatns verður við 6.3 ata, og má því telja ólíklegt, að reikna þurfi með kísilútfellingu í skilju og aðalloka á borholum á þessum svæðum, ef þær væru nýttar til raforkuframleiðslu við u.p.b. 6 ata, eins og er, þegar eimsvalar eru notaðir.

Kalsítútfellingar eru meira vandamál en kíslútfellingar, að því leyti að þær eiga sér stað neðar í borholum og eru örari, ef þær verða á annað borð. Geta kalsítútfellingar stíflað borholur á skömmum tíma, en líklegt virðist, að þær megi hreinsa auðveldlega með litlum jarðbor. Eins og áður er nefnt, geta kalsítútfellingar hafizt um leið og suða hefst. Þessar útfellingar eru sérstaklega skaðlegar, ef suða á sér stað úti í berginu fyrir utan borholuna. Þá geta aðstreymisæðarnar stíflað og sömuleiðis raufar í fóðringu. Mundi innstreyymi í holuna og því afl hennar geta minnkað svo á fáum árum, að ekki svaraði kostnaði að nýta hana. Ef efnasamsetning heits vatns í jarðhitakerfi er slík, að kalsítútfelling byrjar um leið og suða, er tvímalalaust nauðsynlegt að taka tillit til hættu af þessum útfellingum og nýta vatnsæðar á slíku dýpi, að suða hefjist ekki fyrr en í borholunni.

Vinnsluferlar gufuborhola sýna samband milli afls holu og þrýstings við aðalloka. Lögun þessara ferla er mjög mismunandi fyrir einstakar holur. Fyrir sumar holur eykst aflið línulega, þegar þrýstingur fellur við aðalloka. Í öðrum holum eykst aflið mjög hratt, þegar þrýstingur fellur aðeins lítið, miðað við lokunarþrýsting holunnar. Frekara þrýstingsfall leiðir ekki til aukningar á afli (sjá mynd 6.4). Vinnsluferlar eru fengnir með því að herða mismikið á aðallokanum og mæla afl holunnar og þrýstinginn undir lokanum. Þegar afl holunnar eykst hratt við lítið þrýstifall frá lokunarþrýstingi, en síðar lítið, eins og H.8 á Reykjanesi er (mynd 6.4), er það talið stafa af því, að vatnsæðin eða vatnsæðarnar takmarki afl holunnar, en ekki af þrengingunni gegnum aðallokann. Línuleg aukning á afli með þrýstifalli er hins vegar skýrð með því, að viðnám í aðalloka og útstreymisæð ákveði afl holunnar. Þannig er með H.4 í Námafjalli (mynd 6.4). Í súlikum

tilfellum ákvarðast afl holunnar af vinnsluþrýstingi hennar. Aftur á móti sýna vinnsluferlar, eins og H.8 á Reykjanesi hafa, að afl holunnar breytist hverfandi með vinnsluþrýstingi á því bili, sem notazt er við í raforkuframleiðslu og iðnaði til þessa.

Pakkarorð

Þessi skýrsla er að mestu samin hjá Orkustofnun, en að nokkru hjá Raunvíssindastofnun Háskólags, meðan ég starfaði þar veturinn 1972-73. Karl Grønvold hefur lesið handritið yfir og oftlega rætt við mig um hin ýmsu vandamál, sem þar eru tekin til meðferðar, og kann ég honum hina beztu þökk fyrir. Þá er Kristjáni Sæmundssyni þakkað lestur á hluta handritsins og Sven Sigurðssyni fyrir veitta aðstoð við ýmsa útreikninga. Þá vil ég þakka Öglu Tulinius fyrir vélritun á handritinu og Sigurði Rúnari Guðmundssyni fyrir aðstoð og síðustu lesningu á skýrslunni undir fjörlitun.

TILVITNANIR

1. Alexander G.B., Heston W.M. og Iler H.K., 1954. The solubility of amorphous silica in water. J. Phys. Chem. vol. 58, bls. 453-455.
2. Arnórsson, S., 1970a. Underground temperatures in hydrothermal areas in Iceland as deduced from the silica content of the thermal water. U.N. Symposium on the development and utilization of geothermal resources, Piza 1970, Geothermics special issue 2, Vol.2, bls. 536-541.
3. Arnórsson, S., 1970b. The distribution of some trace elements in thermal waters in Iceland; U.N. Symposium on the development and utilization of geothermal resources. Piza 1970. Geothermics special issue 2. Vol. 2, bls. 542-546.
4. Arnórsson, S. og Guðmundsson, G., 1972. Yfirborðsrannsókn á jarðhita í Biskupstungnahreppi. Skýrsla til OS, JHD, jan. 1972.
5. Björnsson, S., Arnórsson, S. og Tómasson, J., 1972. Economic evaluation of the Reykjanes Thermal Brine Area, Iceland. Bull. Am. Ass. Petrol. Geologists, Vol. 56, bls. 2380-2391.
6. Björnsson, S. og Benediktsson, S., 1968. Greinargerð um aflmælingar á gufuholum. Skýrsla til OS, JHD, júní 1968.
7. Blount, C.W. og Dickson, F.W., 1969. The solubility of anhydrite ( $\text{CaSO}_4$ ) in  $\text{NaCl}-\text{H}_2\text{O}$  from 100 to  $450^\circ\text{C}$  and 1 to 1000 bars. Geochim. Cosmochim. Acta, Vol. 33, bls. 227-245.

8. Dickson, F.C., 1966. Solubilities of metallic sulfides and quartz in hydrothermal sulfide solutions. Bull. volcanologique. Vol. XXIX, bls. 605-627.
9. Dickson, F.W., Blount, C.W. og Tunell, G., 1963. Use of hydrothermal solution equipment to determine the solubility of anhydrite in water from 100 to 275°C and from 1 bar to 1000 bars pressure. Am. Jour. Sci., Vol. 26, bls. 61-78.
10. Ellis, A.J. 1959. The solubility of carbon dioxide in water at high temperatures. Am. Jour. Sci., Vol. 257, bls. 217-234
11. Ellis, A.J. og Griggenbach, W., 1971. Hydrogen sulphide ionization and sulphur hydrolysis in high temperature solution. Geochim. Cosmochim. Acta, Vol. 35, bls. 248-260.
12. Fournier, R.O., 1969. Pers. uppl. U.S. Geol. Survey, Menlo Park, California.
13. Fournier, R.O. og Rowe, J.J., 1966. Estimation of underground temperatures from the silica content of water from hot springs and wet steam wells. Am. Jour. Sci., Vol. 264, bls. 685-697.
14. Garrels, R.M. og Christ, C.L., 1965. Solutions, Minerals and Equilibria. Harper and Row Publishers, New York. 450 bls.
15. Guðmundsson, J.S., 1972. Kísiltækni. Skýrsla til OS, JHD, sept., 1972.

16. Handbook of Chemistry and Physics, 46. útgáfa, 1965-66. Chemical Rubber & Co., Ohio.
17. Helgeson, H.C., 1969. Thermodynamics of hydrothermal systems at elevated temperatures. Am. Jour. Sci., Vol. 267, bls. 729-804.
18. Hitchen, C.S., 1935. A method for experimental investigation of hydrothermal solutions with notes on its application. Bull. Inst. Mining and Met., No. 364.
19. Kitahara, S., 1960. The polymerization of silicic acid obtained by hydrothermal treatment of quartz and the solubility of amorphous silica. Rev. Phys. Chem. Japan, Vol. 30, no. 1.
20. Kubaschewski, D., Evans, E.Ll og Alcock, C.B., 1967 Metallurgical Thermochemistry, Pergamon Press.
21. Luce, R.W., Bartlett, R.W. og Parks, G.A., 1972. Dissolution kinetics of magnesium silicates. Geochim. Cosmochim. Acta. Vol. 36, bls. 35-50.
22. Morey, G.W., Fournier, R.O. og Rowe, J.J., 1962. The solubility of quartz in water in the temperature interval from 25°-300°C. Geochim. Cosmochim Acta., Vol. 26, bls. 1029-1043.
23. Pitzer, K.S., 1937. The heats of ionization of water, ammonium hydroxide, carbonic, phosphoric, and sulphuric acids. The variation of ionization constants with temperature and entropy change with ionization. Jour. Am. Chem. Soc., Vol. 59, bls. 2365-71.

24. Rizhenko, B.N., 1967. Determination of hydrolysis of sodium silicate and calculation of dissociation constants of orthosilicic acid and at elevated temperatures. *Geochemistry International*, Vol. 4, bls. 99-107.
25. Sillién, G.L. og Martell, A.F., 1964. Stability Constants of Metal-ion Complexes. Sp. Publ. No. 17, The Chemical Society, Berlington House, London.
26. Taschenbuch für den Maschinenbau, 1935. Verlag von Julius Springer, Berlin.
27. Tómasson, J., 1973, pers. uppl.
28. . Yanagase, T., Suginoara, Y og Yanagase, K., 1970. The properties of scale and their counter plan. U.N. Symposium on the development and utilization of geothermal resources, Pisa 1970. *Geothermics* special issue, Vol. 2.

VIÐAUKI

Hér á eftir er sýnd útleiðsla á reikningi sýrustigs á vatni, sem streymir inn í gufuborholur, áður en suða hefst og einnig eftir að suða hófst, þegar vatnið er í jafnvægi við gufu. Útleiðslan var unnin af Sven P. Sigurðssyni á Raunvísindastofnun háskólans.

Eftirfarandi jöfnur gilda, áður en suða hefst:

$$(1) \quad (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--}) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--}) + (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) = \Sigma x^- = C_1$$

$$(2) \quad \frac{(\text{H}^+)(\text{HS}^-)}{(\text{H}_2\text{S})} = K_{\text{H}_2\text{S}} = C_2$$

$$(3) \quad \frac{(\text{H}^+)(\text{S}^{--})}{(\text{HS}^-)} = K_{\text{HS}^{--}} = C_3$$

$$(4) \quad \frac{(\text{H}^+)(\text{HCO}_3^-)}{(\text{H}_2\text{CO}_3)} = K_{\text{CO}_2} = C_4$$

$$(5) \quad \frac{(\text{H}^+)(\text{CO}_3^{--})}{(\text{HCO}_3^-)} = K_{\text{HCO}_3^{--}} = C_5$$

$$(6) \quad \frac{(\text{H}^+)(\text{H}_3\text{SiO}_4^-)}{(\text{H}_4\text{SiO}_4)} = K_{\text{H}_4\text{SiO}_4^-} = C_6$$

$$(7) \quad (\text{H}_2\text{S}) + (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--}) = C_7$$

$$(8) \quad (\text{H}_2\text{CO}_3) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--}) = C_8$$

$$(9) \quad (\text{H}_4\text{SiO}_4) + (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) = C_9$$

Eftirfarandi jöfnur gilda, eftir að suða hófst:

$$(1) \quad (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--}) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--}) + (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) = \frac{C_1}{(1-X)}$$

(2)-(6) sama og áður

$$(7) \quad [(\text{H}_2\text{S}) + (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--})] (1-X) + n_{\text{H}_2\text{S}}^g x = C_7 \quad (1)$$

$$(8) \quad [(\text{H}_2\text{CO}_3) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--})] (1-X) + n_{\text{CO}_2}^g x = C_8 \quad (2)$$

$$(9) \quad [(\text{H}_4\text{SiO}_4) + (\text{H}_3\text{SiO}_4^-)] (1-X) = C_9$$

$$(10) \quad \frac{(\text{H}_2\text{S})}{n_{\text{H}_2\text{S}}^g} = A_{\text{H}_2\text{S}} \frac{n_{\text{H}_2\text{O}}^v}{n_{\text{H}_2\text{O}}^g} = C_{10}$$

$$(11) \quad \frac{(\text{H}_2\text{CO}_3)}{n_{\text{CO}_2}^g} = A_{\text{CO}_2} \frac{n_{\text{H}_2\text{O}}^v}{n_{\text{H}_2\text{O}}^g} = C_{11}$$

$$(1) \quad C_7 = (\text{H}_2\text{S}) + (\text{HS}^-) + (\text{S}^{--}) \quad \text{áður en suða hófst}$$

$$(2) \quad C_8 = (\text{H}_2\text{CO}_3) + (\text{HCO}_3^-) + (\text{CO}_3^{--}) \quad \text{áður en suða hófst}$$

Breytistærðirnar eru þessar:

$$y_1 = (H^+)$$

$$y_2 = (H_2S)$$

$$y_3 = (HS^-)$$

$$y_4 = (S^{--})$$

$$y_5 = (H_2CO_3)$$

$$y_6 = (HCO_3^-)$$

$$y_7 = (CO_3^{--})$$

$$y_8 = (H_4SiO_4)$$

$$y_9 = (H_3SiO_4^-)$$

$$y_{10} = n_{H_2S}^g$$

$$y_{11} = n_{CO_2}^g$$

Aður en suða hefst:

$$(1) \quad y_2 + y_4 + y_6 + y_7 + y_9 = C_1$$

$$(2) \quad (y_1 y_3)/y_2 = C_2 \rightarrow y_2 = \frac{y_1 y_3}{C_2} \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right] \quad \rightarrow y_2 = \frac{y_1^2 y_4}{C_2 C_3} \quad y_3 = \frac{y_1 y_4}{C_3} \quad (\star)$$

$$(3) \quad (y_1 y_4)/y_3 = C_3 \rightarrow y_3 = \frac{y_1 y_4}{C_3} \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right] \quad (4) \quad (y_1 y_6)/y_5 = C_4 \rightarrow y_5 = \frac{y_1 y_6}{C_4} \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right] \quad \rightarrow y_5 = \frac{y_1^2 y_7}{C_4 C_5} \quad y_6 = \frac{y_1 y_7}{C_5} \quad (\star\star)$$

$$(5) \quad (y_1 y_7)/y_6 = C_5 \rightarrow y_6 = \frac{y_1 y_7}{C_5} \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right] \quad (6) \quad (y_1 y_9)/y_8 = C_6 \quad \rightarrow \quad y_8 = \frac{y_1 y_9}{C_6} \quad (\star\star\star)$$

$$(7) \quad y_2 + y_3 + y_4 = C_7$$

$$(8) \quad y_5 + y_6 + y_7 = C_8$$

$$(9) \quad y_8 + y_9 = C_9$$

$$(\star) \& (7) \quad \rightarrow y_4 \left( \frac{y_1^2}{C_2 C_3} + \frac{y_1}{C_3} + 1 \right) = C_7 \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right]$$

$$(\star\star) \& (8) \quad \rightarrow y_7 \left( \frac{y_1^2}{C_4 C_5} + \frac{y_1}{C_5} + 1 \right) = C_8 \quad (I)$$

$$(\star\star\star) \& (9) \quad \rightarrow y_9 \left( \frac{y_1}{C_6} + 1 \right) = C_9 \quad \left. \begin{array}{l} \\ \\ \end{array} \right]$$

$$(1), (\star) \& (\star\star) \rightarrow y_4 \left( \frac{y_1}{C_3} + 1 \right) + y_7 \left( \frac{y_1}{C_5} + 1 \right) + y_9 = C_1 \quad (II)$$

(I) og (II) → að  $y_1$ , þ.e.a.s. ( $H^+$ ) verður að vera lausn á eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{C_7 y_1 + C_3 \cdot C_7}{\frac{1}{C_2} y_1^2 + y_1 + C_3} + \frac{C_8 y_1 + C_5 \cdot C_8}{\frac{1}{C_4} y_1^2 + y_1 + C_5} + \frac{C_6 C_9}{y_1 + C_6} = C_1 \quad (III)$$

Eftir að suða hófst:

$$(1) \quad y_1 + y_4 + y_6 + y_7 + y_9 = \bar{C}_1 = \frac{C_1}{(1-X)}$$

(2)-(6) eins og áður, þ.e. (\*), (\*\*) og (\*\*\*) gilda

$$(7) \quad y_2 + y_3 + y_4 + \frac{X}{1-X} y_{10} = \bar{C}_7 = \frac{C_7}{(1-X)}$$

$$(8) \quad y_5 + y_6 + y_7 + \frac{X}{1-X} y_{11} = \bar{C}_8 = \frac{C_8}{(1-X)}$$

$$(9) \quad y_8 + y_9 = \bar{C}_9 = \frac{C_9}{(1-X)}$$

$$(10) \quad y_2/y_{10} = C_{10}$$

$$(11) \quad y_5/y_{11} = C_{11}$$

$$(7) \& (10) \rightarrow (1 + \frac{X}{(1-X)C_{10}})y_2 + y_3 + y_4 = \bar{C}_7$$

$$(8) \& (11) \rightarrow (1 + \frac{X}{(1-X)C_{11}})y_5 + y_6 + y_7 = \bar{C}_8$$

Þetta breytir (I) þannig að

$$y_4((1 + \frac{X}{(1-X)C_{10}})\frac{y_1}{C_2C_3}^2 + \frac{y_1}{C_3} + 1) = \bar{C}_7$$

$$y_7((1 + \frac{X}{(1-X)C_{11}})\frac{y_1}{C_4C_5}^2 + \frac{y_1}{C_5} + 1) = \bar{C}_8$$

$$y_9(\frac{y_1}{C_6} + 1) = \bar{C}_9$$

þannig að III gildir áfram, ef

$$C_1 \rightarrow \frac{C_1}{1-X} \quad C_2 \rightarrow \frac{C_2}{(1 + \frac{X}{(1-X)C_{10}})} \quad C_3 \rightarrow C_3$$

$$C_4 \rightarrow \frac{C_4}{(1 + \frac{X}{(1-X)C_{11}})} \quad C_5 \rightarrow C_5 \quad C_6 \rightarrow C_6$$

$$C_7 \rightarrow \frac{C_7}{(1-X)} \quad C_8 \rightarrow \frac{C_8}{(1-X)} \quad C_9 \rightarrow \frac{C_9}{(1-X)}$$

## Niðurstaða

$y = (H^+)$  á að vera lausn á eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{a_1y + a_2}{a_3y^2 + y + a_4} + \frac{b_1y + b_2}{b_3y^2 + y + b_4} + \frac{c_2}{y + c_4} = d$$

þar sem

	Fyrir suðu	Eftir suðu
$a_1$	$S^{(1)}$	$\frac{S}{(1-X)}$
$a_2$	$K_{HS^-} \cdot S$	$K_{HS^-} \frac{S}{(1-X)}$
$a_3$	$\frac{1}{K_{H_2S}}$	$(1 + \frac{X}{(1-X)n_{H_2O}^V \cdot A_{H_2S}}) / K_{H_2S}$
$a_4$	$K_{HS^-}$	$K_{HS^-}$
$b_1$	$G^{(2)}$	$\frac{G}{(1-X)}$
$b_2$	$K_{HCO_3^-} \cdot G$	$K_{HCO_3^-} \frac{G}{(1-X)}$
$b_3$	$\frac{1}{K_{CO_2}}$	$(1 + \frac{X}{(1-X)n_{CO_2}^V \cdot A_{CO_2}}) / K_{CO_2}$
$b_4$	$K_{HCO_3^-}$	$K_{HCO_3^-}$
$c_2$	$K_{H_4SiO_4} \cdot SI^{(3)}$	$K_{H_4SiO_4} \cdot \frac{SI}{(1-X)}$
$c_4$	$K_{H_4SiO_4}$	$K_{H_4SiO_4}$

Fyrir suðu

Eftir suðu

$$d \quad T^{(4)} \quad \frac{T}{(1-x)}$$

þar sem

$$(1) \quad S = (H_2S) + (HS^-) + (S^{--})$$

$$(2) \quad G = (H_2CO_3) + (HCO_3^-) + (CO_3^{--})$$

$$(3) \quad SI = (H_4SiO_4) + (H_3SiO_4^-)$$

$$(4) \quad T = (HS^-) + (S^{--}) + (HCO_3^-) + (CO_3^{--}) + (H_3SiO_4^-)$$

Eða:

y er ein rót fimmliðunnar

$$r_5y^5 + r_4y^4 + r_3y^3 + r_2y^2 + r_1y + r_0 = 0$$

þar sem

$$r_5 = a_3b_3d$$

$$r_4 = a_3b_3 \left[ d \left[ \frac{1}{a_3} + \frac{1}{b_3} + c_4 \right] - \left[ c_2 + \frac{a_1}{a_3} + \frac{b_1}{b_3} \right] \right]$$

$$r_3 = a_3b_3c_4 \left[ d \left[ \frac{1}{a_3} + \frac{1}{b_3} \right] - \left[ \frac{a_1}{a_3} + \frac{b_1}{b_3} \right] \right] + d \left[ 1 + a_3b_4 + a_4b_3 \right]$$

$$- \left[ a_2b_3 + a_3b_2 \right] - (a_1 + b_1) - c_2 (a_3 + b_3)$$

$$r_2 = a_4b_4c_4d \left[ \frac{a_3}{a_4} + \frac{b_3}{b_4} \right] + c_4 \left[ d - (a_1 + b_1 + a_2b_3 + a_3b_2) \right] \\ + a_4 \left[ d - (b_1 + b_3c_2) \right] + b_4 \left[ d - (a_1 + a_3c_2) \right] - (a_2 + b_2 + c_2)$$

$$r_1 = a_4 b_4 c_4 \left[ d \left[ \frac{1}{a_4} + \frac{1}{b_4} + \frac{1}{c_4} \right] - \left[ \frac{a_1}{a_4} + \frac{b_1}{b_4} \right] \right] - a_4 (b_2 + c_2)$$

$$- b_4 (a_2 + c_2) - c_4 (a_2 + b_2)$$

$$r_0 = a_4 b_4 c_4 \left[ d - \frac{a_2}{a_4} - \frac{b_2}{b_4} - \frac{c_2}{c_4} \right]$$

Ath.  $r_0 = K_{HS^-} \cdot K_{HCO_3^-} \cdot K_{H_4SiO_4} (T - S - G - SI) \left( \cdot \frac{1}{1-x} \right)$

$$= - K_{HS^-} \cdot K_{HCO_3^-} \cdot K_{H_4SiO_4} \cdot \left[ (H_2S) + (H_2CO_3) + (H_4SiO_4) \right] < 0$$

→ H er pósitív raunrót

Stuðla fimmliðunnar má líka gefa samkvæmt eftirfarandi:

$$r_5 = \frac{\gamma T}{K_{H_2S} K_{CO_2}}$$

$$r_4 = \frac{\gamma}{K_{H_2S} K_{CO_2}} \left[ (T-S)K_{H_2S} + (T-G)K_{CO_2} + (T-SI)K_{H_4SiO_4} \right]$$

$$r_3 = \frac{\gamma}{K_{H_2S} K_{CO_2}} \left[ (T-S)K_{H_2S}(K_{HS^-} + K_{H_4SiO_4}) + (T-G)K_{CO_2} \right.$$

$$(K_{HCO_3^-} + K_{H_4SiO_4}) + (T-S-G)K_{H_2S} K_{CO_2} - SI \cdot K_{H_4SiO_4}$$

$$\left. (K_{H_2S} + K_{CO_2}) \right]$$

$$r_2 = \gamma \left[ (T-S-SI) \frac{K_{HS^-} \cdot K_{H_4SiO_4}}{K_{CO_2}} + (T-G-SI) \frac{K_{HCO_3^-} \cdot K_{H_4SiO_4}}{K_{H_2S}} \right. \\ \left. + (T-S-G)(K_{HS^-} + K_{HCO_3^-} + K_{H_4SiO_4}) - SI \cdot K_{H_4SiO_4} \right]$$

$$r_1 = \gamma \left[ (T-S-G-SI) K_{H_4SiO_4} (K_{HCO_3^-} + K_{HS^-}) + (T-G-S) K_{HS^-} K_{HCO_3^-} \right]$$

$$r_0 = \gamma \left[ (T-S-G-SI) K_{HS^-} K_{HCO_3^-} K_{H_4SiO_4} \right]$$

Eina breyting, sem verður, þegar við tökum suðutilfellið, er þá:


I       $\gamma$  verður  $\frac{1}{1-X}$  í stað 1

II       $K_{H_2S}$  breytist í  $K_{H_2S} / (1 + \frac{x}{(1-x)n_{H_2O}^V A_{H_2S}})$

III       $K_{CO_2}$  breytist í  $K_{CO_2} / (1 + \frac{x}{(1-x)n_{H_2O}^V A_{CO_2}})$

Hægur vandi er og fljótlegastur að ákvarða rætur fimmliða númersett.

Fróðlegt væri að kanna, hvort til séu fleiri raunrætur en sú pósítíva rót, sem ég hefi sannað, að hljóti að vera til.



I-5

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

## MYND 1.1

Uppleysanleiki kvars á hitabillnu  
25-300 °C eftir 3-fasa ferlinnum:  
Kvars - vatn - gufa

II.7 '73 St A/SþH

Tnr. 56 Tnr. 362

J-Jarðefnafr. J-Ým

Fnr. 11287

 $\text{SiO}_2$   
ppm

800

700

600

500

400

300

200

100

0

Gögn frá:

R.O. Fournier og J.J. Rowe (1966), Am.J.Sci  
Vol. 264, bis. 685-697.

100

200

Hit. °C

300

0

100

200

300

I

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

10.7 '73 St A/SFH

## MYND 1.2

Uppleysanleiki kalsedóns á  
hitabilinu 20-160 °C eftir 3-fasa  
ferlinnum: Kalsedón - vatn - gufa

Tnr. 57 Tnr. 363

J-Jarðefnafr. J-Ým.

Fnr. 11288

 $\text{SiO}_2$ 

ppm

Gögn frá:  
R.O. Fournier (1969), pers. uppl.  
 $1032$   
 $\log \text{SiO}_2 = \frac{1032}{T^{\circ}\text{K}} + 0.09$

200

150

100

50


0

50

100

Hit. °C

150




I-5

ORKUSTOFNUN  
Járhitaðið

## MYND 1.3

Uppleysanleiki ópals á hitabilinu  
 20 - 240 °C eftir 3-fasa  
 ferlinum: Opal - vatn - gufa

II.7 '73 StA/SBH  
 Tnr. 58 Tnr. 364  
 J - Jarðefnafr. J - Ým.  
 Fnr. 11319



MYND 1.4

Samanburður á uppleysanleika kvars  
við mismunandi hita og ① þrýsting  
mettaðrar vatnsgufu og ② 1000 atm.

12.7 '73 StA/SþH  
Tnr. 59 Tnr. 365  
J - Jarðefnafr. J - Þm  
Fnr. 11320

$\text{SiO}_2$   
ppm

800

700

600

500

400

300

200

100

0

0

100

200

Hit. °C

300

Gogn frá:

R. O. Fournier og J. J. Rowe (1966), Am. J. Sci.

Vol. 264, bls. 685-697

C. W. Morey et. al (1962) Geochim.

Cosmochim Acta, Vol. 26, bls. 1029-1043


②

①

MYND 1.5

Gildi á kleyfnistuðli kísilsýru  
( $KH_4SiO_4$ ) á hitabilinu 25-300 °C


8.8 '73 St.A/SþH  
Tnr. 75 Tnr. 382  
J- Jarðefnafr. J-Ým.  
Fnr. 11345



MYND 1.6

Uppleysanleiki kvars á ferlinum: gufa-vatn-kvars og kísilinnihald í vatni, sem var í jafnvægi við kvars og hefur sodið innrænt í 100 °C

12 7 '73 St A/SþH  
Tnr. 60 Tnr. 366  
J - Jarðefnafr. J - Ým  
Fnr. 11321



## MYND 2.1

Kleyfnistuðull kolsýru ( $H_2CO_3$ )  
á hitabilinu 25-300 °C $-\log K_{H_2CO_3}$ 

Gögn frá:

H.C. Helgeson, Am. J. Sci Vol. 267 bis. 729-804.

8

7

6

5

0

100

200

Hit. °C

300



I -

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

MYND 2.2

Samband suðumarks vatns og  
þrýstings / dýpis á hitabilinu 100-325 °C

17.7 '73 St A/SPH  
Tnr. 62 Tnr. 368  
J-Jarðefnafr. J-Ým.  
Fnr. 11323

þrýst.  
ata.

Gogn frá:

Taschenbuch für den Maschinenbau,  
Verlag von Julius Springer, Berlin 1935.  
Skýrsla J.H.D: Suðuhiti í borholum, 1966.

100 Dýpi  
m.

- 1800

80

- 1400

60

- 1000

40

600

20

- 200

0

þrýstingur

Dýpi

100

200

300

Hit. °C

400

I

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

MYND 2.3

Gildi á  $A_{H_2S}$  og  $A_{CO_2}$  á  
hitabilinu 100-300 °C

18.7 '73 STA/SFH

Tnr. 63 Tnr. 369

J-Jarðefnafr. J-Ým

Fnr. 11324

síðg A

4

Gagn frá:  
 H. C. Helgeson (1969),  
 Am. J. Sci., Vol 267,  
 bls. 729-804.  
 H. C. Helgeson (1969),  
 og Ellis (1959), ber  
 vel saman við gildi á  
 $A_{CO_2}$ .

3

2

 $A_{CO_2}$  $A_{H_2S}$ 

NB (sjá Ellis 1959)

$$A = \frac{D}{1 + (n_{H_2}^V / n_{H_2O}^V) (1-D)}$$

Fyrir hita og samsetn. háhitavatns  
gildir  $D \ll 1, n_{H_2}^V \ll n_{H_2O}^V$ ,  
því  $A \approx D$

0

0

100

200

Hitri °C

300

MYND 2.4

Kleyfnistuðull brennisteinsvætnis  
( $K_{H_2S}$ ) á hitabilinu 25 - 300 °C

-log  $K_{H_2S}$

8

7

6

0


100

200

Hiti °C

300

Gögn frá:  
Helgeson (1969) Am. J. Sci.,  
Vol 267, bls. 729 - 804





MYND 2.5

Kleyfnistuðull bísúlfíðs ( $K_{HS}$ )

á hitabilinu 25 - 300 °C

19.7 '73 STA/SBH

Tnr. 65 Tnr. 371

J-Jarðefnafr. J-Ym.

Fnr. 11326

Gögn frá:  
F. W. Dickson (1966) Bull. volcanologique,  
Vol 29, bls 605-628

log  $K_{HS}$

15

14

13

12


0

100

200

Hit. °C

300



MYND 2.6

Kleifnistuðull bíkarbónats ( $KHCO_3^-$ )  
á hitabilinu 25-300 °C

19.7 '73 Sta/SþH  
Tnr. 66 Tnr. 372  
J-Jarðefnafr J-Ym  
Fnr. 11327

Gögn frá:  
H. C. Helgeson (1969), Am. J. Sci.,  
Vol. 267, bls. 729-804.

$KHCO_3^-$   
Bo

13

12

10


0

100

200


Hit. °C

300





Mynd 3. I



Skiljan er einangruð.



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

MYND 3.2


Samband varmainnihalds og kisilinnihalds  
i vatni, sem hefur söðið innrænt í 100 °C

20.7 '73 STA/SPH

Tnr. 68 Tnr. 374

J-Jarðefnafr. J-Ym.

Fnr. 11329



MYND 4.1

Uppleysanleiki Kalsts ( $\text{CaCO}_3$ )  
á hitabilinu 25 - 300 °C


20.7 '73 STA/SbH

Tnr. 69 Tnr. 375

J - Jarðefnafr. J-ym.

Fnr. 11330


Gögn frá:  
H. C. Helgeson (1969) Am. J. Sci.,  
Vol. 267, bls. 729-804



MYND 4.2

Uppleysanleiki anhydrits ( $\text{CaSO}_4$ )  
á hitabilinu 25-300 °C20.7. '73 STA/SBH  
Tnr. 70 Tnr. 376  
J-Jarðefnafr. J-Ym.  
Fnr. 11331

Gögn frá:

(1) H. C. Helgeson (1969) Am. J. Sci.,  
Vol. 267 bls. 729-804(2) C. W. Blount og F. W. Dickson (1969)  
Geochim. Cosmochim. Acta,Vol. 33 bls 227-245 og F. W. Dickson  
afl. (1963) Am. J. Sci., Vol. 261 bls. 61-78

MYND 4.3

Uppleysanleiki flúorits ( $\text{CaF}_2$ )

á hitabilinu 25 - 300 °C

Tnr. 71 Tnr. 377

J - Jarðefnafr. J - Ým.

Fnr. 11332

Gögn fra:

H. C. Helgeson (1969) Am. J. Sci,  
Vol. 267, bls. 729-804log  $\text{CaF}_2$ 

12

11

10

9


0

100

200

Hit. °C

300



MYND 5.1


15 ORKUSTOFNUN  
JarðhitadeildUppleysanleisanleiki kvars  
og ópals á hitabilinu 25-300 °C  
og útfellingar kisils

23.7. '73 StA/SþH

Tnr. 72 Tnr. 378

J-Jarðefnafr. J-Ym.

Fnr. 11333



I

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

MYND- 6.1


Samband þrýstings og dýpis vatnssúlu  
með hitastigulinn  $60^{\circ}\text{C}/\text{km}$ 

29. 8 '73 St.A/SPH

Tnr. 75 Tnr. 390

J-Jarðefnafr. J-Ym

Fnr. 11409



## MYND 6.2


ORKUSTOFNUN  
JarðhitadeildSamband vatnshita, áður en  
suða hefst og hita/prýstings  
kísilútfellinga (ópalmettunar)

24.7. '73 STA/SBH

Tnr. 73 Tnr. 379

J - Jarðefnafr. J - Ým.


Fnr. 11334



MYND 6.3

Samband vatnshita, áður en suða hefst,  
og hita/prýstings ópalmettunar miðað  
við ( $H^+$ )  $10^{0.3}$  lægra en  $K_2SiO_4$ .

24.7 '73 STA/SþH  
Tnr. 74 Tnr. 380  
J-Jarðefnagr. J-Ym.  
Fnr. 11335



MYND 6.4

Vinnsluferlar H.4 í Námafjalli  
og H.8 á Reykjanesi

Tnr. 77 Tnr. 392

J-Jarðefnafr. J-Ym.

Fnr. 11411

heildarrennsli  
kg/sek

80

60

40

20

0

10

20

P<sub>o</sub> cñg

H.8

H.4

